

# Stjórnartíðindi

## 2004 - B-deild - B20-21

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Inniheldur nýjar bls. 2523-2524 í B-deild 2003.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# **Stjórnartíðindi**

**B 20-21**

**Nr. 123-158**

**2004**

## Efnisyfirlit B 20-21 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
123	12. feb.	Reglugerð um tímabundinn innflutning á hreindýrakjöti til aðvinnslu .....	453-456
124	6. feb.	Auglýsing um deiliskipulag í Bessastaðahreppi .....	456
125	6. feb.	Samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar .....	457-471
126	9. feb.	Samþykkt um fráveit í Sveitarfélagit Árborg .....	471-474
127	10. feb.	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi .....	474-476
128	9. feb.	Samþykkt um fráveit í Austurbyggð .....	477-480
129	9. feb.	Samþykkt um fráveit á Austur-Héraði .....	480-482
130	30. jan.	Gjaldskrá fyrir framkvæmdaleyfi í Djúpavogshreppi .....	482-483
131	2. feb.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018, varnargarður við Fláajökul .....	483
132	6. feb.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 7/2004 um reglur um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2004 .....	484
133	2. feb.	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun .....	484
134	10. feb.	Auglýsing um skipulagsmál í Snæfellsbæ .....	485
135	9. feb.	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Austurbyggð .....	485-487
136	9. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 598, 8. ágúst 2003, um friðun hrygningaráþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2004 .....	487
137	30. jan.	Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald í Djúpavogs-hreppi .....	488-491
138	28. jan.	Auglýsing um breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla .....	492-518
139	15. jan.	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Skaftfell .....	519-522
140	5. feb.	Reglur um doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands ..	522-525
141	2. feb.	Auglýsing um deiliskipulag virkjunarsvæðis í landi Fremri-Hvestu við Arnarfjörð, Vesturbyggð .....	525
142	5. feb.	Reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélag og um reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftrilit og -skoðun .....	526-532
143	29. jan.	Auglýsing staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Fræðslumiðstöð Þingeyinga nr. 25 7. janúar 2000 .....	532-533
144	26. jan.	Samþykkt um kattahald í Súðavík .....	533-534
145	5. feb.	Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum .....	535
146	29. jan.	Auglýsing um breytingu á samþykktum fyrir Innheimtumiðstöð gjalda nr. 333/1996 .....	535-537
147	9. feb.	Gjaldskrá fyrir holræsagjald á Austur-Héraði .....	537-538
148	9. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Breiðdalshreppi .....	538-539

Framhald á 3. kápusíðu.

*Varanlegir rekstrarfjármunir:*

Fasteignir, veitukerfi, vélar, áhöld og tæki, sbr. viðauka 2 í auglýsingu nr. 790/2001.

*Langtímaskuldir:*

Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir sveitar-sjóðs, sbr. viðauka 3 í auglýsingu nr. 790/2001.

*Skuldir:*

Langtímaskuldir og skammtímaskuldir, sbr. viðauka 3 í auglýsingu nr. 790/2001.

*Eignir:*

Heildareignir sveitarfélags, þ.e. fastafjármunir og veltufjármunir, samkvæmt efnahagsreikningi, sbr. viðauka 2 í auglýsingu nr. 790/2001.

*Eiginfjárlutfall:*

Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í hlutfalli við eignir. Hlutfallslegt gildi til að fá samanburðarhæfar upplýsingar milli sveitarfélaga, óháðar stærð eða umfangi þeirra.

*Lykiltala:*

### 3. gr.

Á eftir 5. gr. reglugerðarinnar koma tvær nýjar greinar, er orðast svo:

a. (5. gr. a.)

Ákveði sveitarstjórn að selja fasteignir sem falla undir 2. mgr. 73. gr. sveitarstjórnar-laga skal hún tilkynna þá ákvörðun til eftirlitsnefndar, og senda nefndinni greinargerð sé-rfróðs aðila um áhrif söluunnar á fjárhag sveitarfélagsins. Í tilkynningu skal koma fram hvaða áform sveitarstjórn hefur um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess. Eftirlitsnefnd skal kanna sjálfstætt hvaða fjárhagslegu áhrif salan hefur á rekstur sveitarfélagsins. Telji nefndin að þess sé þörf getur hún sett fram tillögur sínar til viðkomandi sveitarstjórnar um aðra ráð-stöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess en fram kemur í tilkynningu til nefndarinnar.

b. (5. gr. b.)

Ef sveitarstjórn tekur ákvörðun um verulegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárhagsáetlun, þ.m.t. langtímaskuldbindingar samkvæmt leigusamningum, samningum um rekstur fasteigna eða þjónustu við fbúa eða sambærilegum samningum, skal hún tilkynna þá ákvörðun til eftirlitsnefndar.

### 4. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Árlega skal eftirlitsnefnd kanna reikningsskil sveitarfélags, fjárhagsáetlun og þriggja áætlun, reikna út lykiltölur, sbr. 3. mgr., og bera þær saman við viðmið, sbr. 8. gr.

Gögn, sbr. 1. mgr., skulu ná til aðalsjóðs sveitarfélags og annarra sjóða og stofnana er falla undir a-lið 60. gr. sveitarstjórnarlaga.

Eftirfarandi lykiltölur skal reikna út og bera saman við viðmið:

1. *Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir í hlutfalli við tekjur.*
2. *Rekstrarniðurstaða í hlutfalli við tekjur.*
3. *Veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur.*
4. *Fjárfestingarhreyfingar í hlutfalli við veltufé frá rekstri.*
5. *Langtímaskuldir í hlutfalli við varanlega rekstrarfjármuni.*
6. *Skuldir í hlutfalli við eignir.*
7. *Eiginfjárlutfall.*

Við útreikning á lykiltöllum, sbr. 5. og 6. tölul., skal eftirlitsnefnd einnig hafa til hlið-sjónar eignir og skuldbindingar sveitarsjóðs utan efnahags.

Við mat sitt á fjárhagsstöðu sveitarfélaga getur eftirlitsnefnd reiknað aðrar lykiltölur til viðbótar lykiltöllum, sbr. 3. mgr., og borið þær saman við viðmið.

## 5. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Eftirlitsnefnd skal setja sér vinnureglur um útreikning lykiltalna og samanburð þeirra við viðmið sem nefndin setur sér og hefur til hliðsjónar við mat á fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

## 6. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Telji eftirlitsnefnd við mat sitt á fjárhagsstöðu sveitarfélags, sbr. 11. gr., að forsendur fjárhagsáætlunar og/eða þriggja ára áætlunar séu óraunhæfar skal hún gera sveitarstjórn grein fyrir niðurstöðum sínum og taka tillit til þeirra við mat sitt á fjárhagsstöðu sveitarfélags.

## 7. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Á grundvelli samanburðar lykiltalna og viðmiða, sbr. 6. og 8. gr., athugunar eftirlitsnefndar á þjónustustigi og framkvæmdapörf sveitarfélags, sbr. 9. gr., forsendum fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar, sbr. 10. gr., möguleikum sveitarfélagsins til viðbótar tekjuöflunar og upplýsinga um fjárhagsstöðu stofnana, fyrirtækja og annarra rekstrareininga er falla undir b-lið 60. gr. sveitarstjórnarlaga, skal nefndin meta hvort grípa þurfi til aðgerða skv. III. kafla reglugerðar þessarar.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 74. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 31. október 2003.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðíárið 2003/2004.**

## 1. gr.

Á 5. tl. 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

Í stað: „Innfjarðarrækja samtals 1.150“ komi: Innjarðarrækja samtals 1.450.

Í stað: „Þ.a. Arnarfjörður 450“ komi: Arnarfjörður 750.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 31. október 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 2004

12. febrúar 2004

453

Nr. 123

## REGLUGERÐ um tímabundinn innflutning á hreindýrakjöti til aðvinnslu.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til tímabundins tollfrjáls innflutnings á hreindýrakjöti:

*Tollnúmer:* 0208.9008 Hreindýrakjöt með beini, fryst.

2. gr.

*Almenn skilyrði.*

Landbúnaðarráðherra veitir lögaðilum leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings skv. 1. gr. Leyfi skal veitt til tveggja ára í senn.

Til að hljóta leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings skal eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

- umsækjandi skal stunda aðvinnslu í atvinnuskyni á innfluttu hreindýrakjöti,
- hreindýrakjötið eða afurðir úr því séu flutt úr landi að aðvinnslu lokinni,
- umsækjandi skal eiga eða hafa aðganga að kjötvinnslu sem hlotið hefur viðurkenningu til vinnslu og útflutnings hreindýrakjöts á markað í útflutningslandi, þar sem hreindýrakjötið skal unnið,
- mögulegt sé að rekja innihald hverrar sendingar frá því að hún er flutt til landsins þar til að hún er flutt úr landi sbr. 7. gr.,
- umsækjandi skal hafa starfs- eða rekstrarleyfi, þ.e. starfsleyfi samkvæmt reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og iðnaðarleyfi samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 Umsækjandi skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða, eftir því sem við á,
- umsækjandi skal leggja inn tryggingu til tollstjórans í Reykjavík í formi bankaábyrgðar eða ábyrgðar vátryggingafélags fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, að lágmarki kr. 35.000.000 og hámarki kr. 70.000.000. Landbúnaðarráðherra ákveður fjárhæð tryggingar með hliðsjón af umfangi starfseminnar og áætluðum ógreiddum aðflutningsgjöldum á hverjum tíma.

3. gr.

*Varnir gegn dýrasjúkdómum.*

Leyfishafi skal uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

## 4. gr.

*Umsókn og fylgigögn.*

Skriflegri umsókn um leyfi skv 2. gr. skal skilað til landbúnaðarráðuneytis. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um:

1. nafn umsækjanda og starfsstöð þar sem hreindýrakjötið er geymt og unnið,
  2. upprunaland,
  3. nákvæm lýsing á aðvinnslu hreindýrakjöts,
  4. áætlað magn innflutts hreindýrakjöts og útfluttra afurða þess að lokinni aðvinnslu á ári,
  5. áætlað nýtingarhlutfall innflutts hreindýrakjöts við aðvinnslu sundurliðað eftir þeim vöruflokkum sem vinna á í, eftir því sem við á,
  6. feli vinnsla hreindýrakjöts í sér í blöndun annarra hráefna skal þess getið sérstaklega í umsókn,
  7. tollskrárnúmer hreindýrakjöts að lokinni aðvinnslu,
  8. áætlun um hvernig tryggja á rekjanleika hreindýrakjöts,
  9. útflutningsland og staðfesting á vinnsluleyfi fyrir markað í útflutningslandi.
- Ráðuneytið getur óskað eftir frekari upplýsingum ef þörf krefur.

## 5. gr.

*Leyfisbréf.*

Í leyfisbréfi skulu m.a. tilgreind eftirtalinn atriði:

1. tollskrárnúmer innflutts hreindýrakjöts, sem leyfi til tímabundins innflutnings nær til,
2. tollskrárnúmer hreindýrakjöts sem flutt er út að lokinni aðvinnslu,
3. upprunaland innflutts hreindýrakjöts,
4. vinnsluferli vöru,
5. ákvarðað nýtingarhlutfall við vinnslu sérhverrar afurðar, sbr. 6. gr.,
6. leyfisnúmer.

Að auki skal gerður fyrirvari um að leyfisbréf gildi eingöngu vegna þeirrar starfsemi sem lýst er í leyfisbréfi.

Verði breyting á starfsemi leyfishafa sem hefur í för með sér breytingu á ákvörðuðu nýtingarhlutfalli vegna breyttrar vinnslu eða verði aðilaskipti á rekstri ber leyfishafa að sækja um endurnýjun leyfisbréfs.

Landbúnaðarráðherra skal gefa leyfishafa leyfisnúmer sem skal koma fram í reit 14 í innflutningsskýrslu og í reit 37 í útflutningsskýrslu. Leyfishafi skal framvísa leyfisbréfi í hvert sinn sem innflutningur á sér stað.

Landbúnaðarráðherra skal senda tollstjóranum í Reykjavík afrit útgefinna leyfa.

## 6. gr.

*Nýtingarhlutfall.*

Landbúnaðarráðherra ákvarðar nýtingarhlutfall við vinnslu sérhverrar afurðar innflutts hreindýrakjöts í leyfisbréfi sbr. 5. gr.

Landbúnaðarráðherra skal, við ákvörðun nýtingarhlutfalls skv. 1. mgr., leggja sjálfstætt mat á upplýsingar umsækjanda um áætlað nýtingarhlutfall hreindýrakjöts í þeiri aðvinnslu sem hann stundar eða hyggst setja á fót.

Landbúnaðarráðherra er ávallt heimilt, að láta fara fram rannsókn á nýtingarhlutfalli hreindýrakjöts á kostnað umsækjanda. Í þeim tilvikum þegar beðið er niðurstöðu rannsóknar er landbúnaðarráðherra heimilt að kveða á um nýtingarhlutfall til bráðabirgða í leyfisbréfi.

Leiði rannsókn í ljós að nýtingarhlutfall hreindýrakjöts hafi verið ranglega ákvarðað, skal ráðherra þegar ákvarða nýtt nýtingarhlutfall.

## 7. gr.

*Framleiðslu- og birgðabókhald.*

Leyfishafi skal halda framleiðslu- og birgðabókhald. Skýr aðgreining skal gerð, með færslum í bókhald, á milli innflutts hreindýrakjöts til aðvinnslu og endurútflutnings annars vegar og hreindýrakjöts fyrir innanlandsmarkað hins vegar. Rekjanleiki hreindýrakjöts skal vera tryggður í bókhaldi þannig að á hverjum tíma sé unnt að tilgreina upplýsingar um innflutt hreindýrakjöt, komudag flutningsfars, númer sendingar, stöðu einstakra sendinga á hverjum tíma, meðferð þess og ráðstöfun.

Allur úrgangur/afskurður af hreindýrakjöti skal veginn sérstaklega á löggilti vog af þar til bærum opinberum aðila. Pannig að hægt sé að bera saman nýtingarhlutfall sérhverrar sendingar fyrir sig og rauntölur úr vinnslunni.

Leyfishafi skal varðveita á tryggilegan hátt skjöl og gögn vegna framleiðslunnar er varða innflutning, útflutning og tollafreiðslu í samræmi við ákvæði laga um bókhald og fyrirmæli sett samkvæmt þeim. Leyfishafi skal gæta þess að skjöl og gögn séu ætíð aðgengileg vegna tollefirlits eða eftirlits landbúnaðarráðherra skv. 4. mgr. 6. gr.

Leyfishafi skal gæta þess að meðferð og varsla innflutts hreindýrakjöts sé með þeim hætti að aðgengilegt sé fyrir tolfyfirvöld að framkvæma birgðakönnun.

## 8. gr.

*Tímafrestir.*

Hreindýrakjöt, sem flutt er inn til aðvinnslu, skal endurútflutt að lokinni aðvinnslu eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins.

## 9. gr.

*Uppgjör vegna innflutnings.*

Við uppgjör skal leyfishafi skila greinargerð til tollstjórans í Reykjavík þar sem fram kemur nýtingarhlutfall samkvæmt leyfisbréfi. Greinargerðinni skal fylgja afrit aðflutnings-skýrslu, tilheyrandi útflutningsskýrslur og nauðsynleg skjöl og gögn sem tilgeind eru í 7. gr.

## 10. gr.

*Greiðsla aðflutningsgjalda.*

Verði hreindýrakjöt, að lokinni aðvinnslu, ekki flutt úr landi innan tímafrests skv. 8. gr., skal innflytjandi greiða aðflutningsgjöld af innfluttu hreindýrakjöti, samkvæmt viðauka I við tollalög, miðað við tollskrárnúmer við innflutning.

Nú eru aðflutningsgjöld ekki greidd á eindaga eins og hann er ákveðinn í 1. mgr., sbr. 8. gr., skal þá frá og með eindaga reikna dráttarvexti af kröfunni fram að greiðsludegi. Um útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

## 11. gr.

*Greiðsla kostnaðar vegna tollefirlits.*

Leyfishafi skal greiða kostnað við tollefirlit sem hlýst af innflutningi hreindýrakjöts samkvæmt reglugerð þessari. Um greiðslu kostnaðar vegna tollefirlits fer eftir reglugerð um greiðslu kostnaðar vegna tollafreiðslu utan almenns afgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna og vegna sérstakrar tollmeðferðar vöru, nr. 107/1997, með síðari breytingum.

## 12. gr.

*Afturköllun leyfis.*

Landbúnaðarráðherra er heimilt án fyrirvara að afturkalla leyfi skv. 1. gr., m.a. ef leyfishafi uppfyllir ekki lengur sett skilyrði eða getur ekki tryggt framkvæmd reglugerðar þess-

arar á fullnægjandi hátt. Komi upp rökstuddur grunur um að hreindýrakjötið hafi verið selt á innanlandsmarkaði áður en tímafrestur skv. 8. gr. rennur út og greiðsla aðflutningsjaldar hafi ekki farið fram, er ráðherra heimilt að afturkalla leyfið.

13. gr.

*Refsing.*

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 130. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

14. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 12. febrúar 2004.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

*Skóla- og íþróttasvæði.*

Hreppsnefn Bessastaðahrepps samþykkti þann 20. janúar 2004 breytingu á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis í Bessastaðahreppi. Breytingin felur í sér breytingar á byggingarreitum fyrir íþróttahúsið, skólabygginguna og við lausar kennslustofur vegna fyrirhugaðra stækkaná, ásamt hækjun á sérgreinaálmum skólans um eina hæð.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Miðsvæðisreitur – innst við Miðskóga.*

Hreppsnefn Bessastaðahrepps samþykkti þann 20. janúar 2004 breytingu á deiliskipulagi miðsvæðisreits í Bessastaðahreppi. Breytingin nær til fjögurra lóða innst við Miðskóga. Breytingin felst í að þrjár nyrðri lóðirnar innst við Miðskóga eru minnkaðar og færðar til. Norðan Tjarnarlands er skilgreint fornleifasvæði í samræmi við ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins. Þar er skilgreind lóð sem gerður er fyrirvari um að ekki verði heimilaðar framkvæmdir á fyrr en að fengnu leyfi Fornleifaverndar. Gerð er breyting á göngustígum á svæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 6. febrúar 2004.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 2004

6. febrúar 2004

457

Nr. 125

## SAMPYKKT um stjórn Mosfellsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

### I. KAFLI Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Mosfellsbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Mosfellsbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins, ráða bæjarstjóra og forstöðumenn sviða.

**II. KAFLI**  
**Um fundarskóp bæjarstjórnar.**

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan hvern miðvikudag sem ekki ber upp á almennan frídag. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.30. Bæjarstjóri getur í samráði við forseta ákveðið að fella niður fundi í desember og janúar. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta og bæjarstjóra og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefní.

8. gr.

Sá kjörinn bæjarfulltrúi sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, svo og ráðningar bæjarstjóra og forstöðumanna sviða.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigönum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

## 13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarins, í afgreiðslu bæjarins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

## 14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

## 15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta bæjarfulltrúa skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmög atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

## 16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

## 17. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og bygg- ingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

## 18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórn enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

## 19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skyld að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköt og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

## 20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddir bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

## 21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáetlanir bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

Bæjarfulltrúa er skyld að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra og boða varamann í sinn stað. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnálflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrælsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi.

## 23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótið að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar

um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð mál sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stutta-lega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn mál skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

#### 24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til málss skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúuar taka til málss í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðrétingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

#### 25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu málss. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til málss til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmann) má þó tala a.m.k. þrisvar við hverja umræðu málss.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi oddvita.

#### 26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur mál-frelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundar-hlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

#### 27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og boríð fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó tak-marka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þess-arár.

#### 28. gr.

Bæjarfulltrúi getur boríð fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skrif-legar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti móttakvæða með sama hætti. Loks skyrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skyrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusetteri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrátti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

## 31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

## 32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefndar nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðatal fundargerða.

Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirritað af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglugæta bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

### III. KAFLI Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmað forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem störf forseta. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmunu bæjarins en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmunu samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum svíptur fjárrorræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er svíptingin gildir.

## 40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

## 41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

## 42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

#### IV. KAFLI Nefndir, ráð og stjórnir.

## 43. gr.

Bæjarstjórm kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leyнilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Bæjarstjórn kýs jafnframt formann og varaformann bæjarráðs, svo og formenn og varaformenn nefnda bæjarins, sbr. 57. gr. samþykktar þessarar, nema lög mæli fyrir um annað.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

## 44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa úr hópi aðalmannna í bæjarstjórn þrjá fulltrúa í bæjarráð til eins árs og formann og varaformann ráðsins. Aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeiri röð sem þeir skipuðu listann. Hafi fulltrúi í bæjarráði verið kjörinn til setu í bæjarstjórn í óbundinni kosningu skal þó fara fram kjör á varamanni hans meðal aðal- og varamanna í bæjarstjórn.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelni og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelni og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokksframboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelni og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

## 45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á fimmtdögum. Nýtt bæjarráð sem kosið er árlega ákveður klukkan hvað fundir skuli haldnir. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

## 46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boða varamann í sinn stað.

## 47. gr.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

## 48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, veitum bæjarins, undirbúningi og eftirliti framkvæmda, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum forstöðumanna svíða og umsögnum hlutaðeigandi nefnda og stjórnar og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

## 49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

## 50. gr.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

## 51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal hann sjá til þess að varamaður hans taki sæti í nefnd-

inni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

### 52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

### 53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykkтар þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjónum bæjarins eftir því sem við á.

### 54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

### 55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur.

Í samþykktum bæjarstjórnar fyrir einstakar nefndir skal kveðið á um að nefndir skuli njóta aðstoðar starfsmanna bæjarins, svo sem vegna ritunar fundargerða nema nefndir óski eftir að kjósa sér sérstakan fundarritara innan nefndar.

Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

### 56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu tekna á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknun nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnaðast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnaðast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Í samþykktum bæjarstjórnar fyrir nefndir skal nánar kveðið á um hvaða ályktanir og tillögur þarfnað ekki sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar.

Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir eða hún útheimtir verulega vinnu fyrir starfsmenn bæjarins sem ekki er gert ráð fyrir í starfsáætlun ársins skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð áður en hún er lögð fyrir bæjarstjórn.

### 57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

#### A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalmenn úr hópi aðalmannna í bæjarstjórn skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og formann og varaformann ráðsins. Aðal- og varaufulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða sjálfkrafa varamenn hans í þeiri röð sem þeir skipuðu listann. Hafi kjörinn bæjarráðsmaður verið kjörinn bæjarfulltrúi í óbundinni kosningu skal varamaður hans kosinn úr hópi aðal- og varamanna í bæjarstjórn.

**B. Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. **Atvinnu- og ferðamálanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með atvinnu- og ferðamál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.
2. **Búfjáreftirlitsnefnd.** Einn aðalmaður til setu í sameiginlegri búfjáreftirlitsnefnd Reykjavíkur, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps og annar til vara skv. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
3. **Fjölskyldunefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með félagsmál og húsnaðismál eftir því sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um húsnaðismál nr. 44/1998 og í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Jafnframt fer nefndin með jafnréttismál eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
4. **Fræðslunefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Fræðslunefnd fer með fræðslumál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni skólanefndar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995 og verkefni leikskólanefndar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994. Nefndin fer enn fremur með málefni Tónlistarskóla Mosfellsbæjar samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
5. **Íþróttá- og tómstundanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með íþróttá- og tómstundamál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.
6. **Kjörstjórnir.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í kjörstjórn við forseta- og alþingiskosningar, sbr. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, og á sama hátt þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í kjörstjórnir fyrir hverja kjördeild. Kjörstjórnir velja sér formenn og skipta með sér verkum, sbr. áðurnefnd lög um kosningar til Alþingis. Pessar kjörstjórnir fara jafnframt með verkefni kjörstjórnna samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórnar, sbr. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998.
7. **Menningarmálanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Menningarmálanefnd fer með menningarmál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með málefni bókasafns Mosfellsbæjar, sbr. lög um almenningssbókasöfn nr. 36/1997. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001. Nefndin fer með vinabæjarsamskipti, málefni félagsheimilisins Hlíegarðs, hefur umsjón með listaverkaeign bæjarins og fer með málefni Lista- og menningarsjóðs bæjarins.
8. **Skipulags- og byggingarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlagar nr. 73/1997 og önnur verkefni eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni umferðarnefndar samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987.
9. **Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga.** Bæjarstjórn kýs tvö skoðunarmenn og jafnmarga til vara samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.
10. **Umhverfisnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með umhverfismál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Hún fer með verkefni náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og verkefni gróðurverndar-

nefndar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965. Nefndin hefur eftirlit með fjall-skila- og afréttarmálum.

- C. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kýs bæjarstjórn full-trúa bæjarins í eftirtaldar samstarfsnefndir:
1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara í sameiginlega almannavarnefnd höfuðborgarsvæðisins, þ.e. Hafnarfjarðar, Bessastaðahrepps, Garðabæjar, Kópavogs, Seltjarnarness, Reykjavíkur, Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps samkvæmt sam-komulagi sveitarfélaganna þar um og staðfestingu dómsmálaráðuneytisins frá 14. nóvember 2003, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962, með síðari breyt-ingum.
  2. *Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis*. Samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og meng-unarvarnir nr. 7/1998 og samkomulagi við aðildarsveitarfélög kýs bæjarstjórn two aðal-menn og two til vara í heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
  3. *Þjónustuhóp aldraðra*. Einn aðalmann og annan til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldr-aðra nr. 125/1999 og samkomulagi við sveitarfélög sem aðild eiga að sama heilsugæslu-umdæmi.
  4. *Stjórн heilsugæslustöðvar Mosfellssumdæmis*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og samkomulagi Mosfellsbæjar, Kjósar-hrepps og Þingvallahrepps. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og bæjarstjórnar.
  5. *Stjórн skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Bláfjallaþólkvangs*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 3. gr. samþykktar fyrir stjórн skíðasvæðanna frá 30. september 2003.
  6. *Fulltrúaráð Sorpu bs.* Tveir aðalmenn og tveir til vara samkvæmt samningi aðildarsveit-arfélaga frá 15. febrúar 1988.
  7. *Starfskjaranefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. samkomulag um starfs-kjaranefndir samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og launa-nefndar sveitarfélaga frá 6. maí 1997.
  8. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
  9. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. ágúst 1998 um sveitarfélög með íbúatöluna 5.001–10.000.
  10. *Launamálaráðstefna launanefndar sveitarfélaga*. Allt að þrír fulltrúar og þrír til vara skv. 11. gr. samþykktar nefndarinnar frá 31. mars 2000 um sveitarfélög með 201–500 stöðugildi.
  11. *Stjórн Strætó bs.* Einn aðalmaður og einn varamaður í stjórн Strætó bs., sbr. 5. gr. í stofnsamningi Strætó bs.
  12. *Samstarfsnefnd um málefni löggreglunnar*. Einn aðalmaður í samstarfsnefndina skv. 12. gr. löggreglulaga nr. 90/1996.
  13. Bæjarstjórn kýs í ýmsar aðrar nefndir samkvæmt sérstökum samþykktum sínum og eða samstarfssamningum við aðra aðila.

#### 58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## V. KAFLI

**Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.**

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni bæjarins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli það öðrum.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður forstöðumenn sviða og veitir þeim lausn frá störfum. Bæjarstjórn setur á grundvelli þessarar greinar nánari vinnureglur um ráðningar, lausn frá störfum, launuð og launalaus leyfi o.fl.

62. gr.

Bæjarráð ræður aðra forstöðumenn og veitir þeim lausn frá störfum. Bæjarstjórn setur á grundvelli þessarar greinar nánari vinnureglur um ráðningar, lausn frá störfum, launuð og launalaus leyfi, svo og vinnureglur varðandi meðferð annarra ráðningarmála á vegum forstöðumanna stofnana, umsjón launadeilda, meðferð gagna, ákvæði um gildistöku ráðningar o.fl.

63. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

## VI. KAFLI

**Um fjármálastjórn bæjarins.**

64. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna

á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarins fari ekki fram úr heildartekjum hans.

#### 65. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 64. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

#### 66. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundi enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

#### 67. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Pessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mán-aðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

#### 68. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 64. gr. og þriggja ára áætlun skv. 67. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 66. gr.

#### 69. gr.

Ársreikningur bæjarins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarárfreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

### VII. KAFLI Gildistökuákvæði.

#### 70. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 428/2000.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. febrúar 2004.*

E. h. r.  
**Guðjón Bragason.**

*Lárus Bollason.*

## **SAMPYKKT um fráveitur í Sveitarféluginu Árborg.**

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Sveitarféluginu Árborg.

### **Um fráveitur.**

2. gr.

Sveitarfélagið Árborg starfrækir fráveitur á Selfossi, á Eyrarbakka og á Stokkseyri. Fráveitur Árborgar eru reknar sem B-hluta fyrirtæki, með sjálfstæðan fjárhag, í eigu sveitarfélagsins. Rekstur þeirra og framkvæmdir eru kostaðar af eigin tekjum af fráveitu- og rotþróargjöldum eða lántökum eftir því sem bæjarstjórn ákveður á fjárhagsátlun. Sveitarfélagið Árborg getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarféluginu.

Framkvæmda- og veitusvið Árborgar fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Fráveiturnar veita fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögnum en tvöföld fráveita veiti skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarfélagið Árborg á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í góttum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Enn fremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggar um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögnum. Framkvæmda- og veitusvið sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggar er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau

við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpí aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti er bent á ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

#### 6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að rotþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

#### 7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

Hreinsun fer fram á vegum Sveitarfélagsins Árborgar og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktihögum og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náið.

#### 8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró skal sækja um það til byggingareftirlits sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra, stærð og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 11. gr.

#### 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingareglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

#### 10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

#### 11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins.

Iðnaðarskólp sem veitt er í fráveitu sveitarfélagsins skal forhreinsað og getur sveitarfélagið sett fram viðmiðunarmörk vegna þess til að tryggja að tilskilin markmið náist, sbr. lið C í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

## 13. gr.

Par sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráræsislagninger frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

**Um fráveitu- og rotþróargjald.**

## 14. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

## 15. gr.

Af þeim fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

## 16. gr.

Álagningarástofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

## 17. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af skráðum eiganda húsa eða annarra mannvirkja á leigulóðum og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjaldið innheimtist á sama hátt og önnur fasteignagjöld til sveitarfélagsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillicts til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarfélagsins.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemí sannanlegum kostnaði við verkið.

#### 19. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemí sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

#### 20. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vatnalögum nr. 15/1923. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

#### 21. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um holræsi fyrir Selfosshrepp nr. 306/1975, með breytingu nr. 908/1999.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. febrúar 2004.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi.

I. KAFLI  
**Almenn ákvæði.**

#### 1. gr.

Breiðdalshreppur annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélagit samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar. Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með meðferð úrgangs, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

Hreppsnefnd sér til þess, í samráði við heilbrigðisnefnd og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

## 2. gr.

Breiðdalshreppur annast sorphreinsun frá öllu íbúðarhúsnaði í sveitarféluginu. Hreppsnefnd og heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með starfseminni. Hreppsnefnd er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphreinsunar og móttöku annars úrgangs, þ.m.t. móttöku spilliefna, brotajárn og landbúnaðarplasts. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

Sorpförgun skal framkvæmd undir yfirstjórn og á ábyrgð hreppsnefndar. Hreppsnefnd er heimilt að fela öðrum að sjá um sorpförgun og samskipti við þá aðila sem við á.

## 3. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skyldt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem hreppsnefnd, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

## 4. gr.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs.

Sorprehreinsimönnum ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpílát. Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndlala úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframúrgangi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

## 5. gr.

Hirða heimilisúrgangs skal fara fram reglulega eftir fyrirfram gerðri áætlun, staðfestri af hreppsnefnd. Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þar um, skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í flokkunarmiðstöð eða í viðeigandi gáma á fyrirfram ákveðnum stöðum.

## 6. gr.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um söfnun framleiðsluúrgangs. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar.

## II. KAFLI

### Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

## 7. gr.

Hreppsnefnd skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er hreppnum heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr.

laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpílata eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélagini við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Hreppsnefnd skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp gjaldskrárflokka fyrir mismunandi þjónustu, með það að markmiði að draga úr úrgangsmagni og umfangi þess sem fer til urðunar.

### III. KAFLI Ýmis ákvæði.

#### 9. gr.

Hafi húsráðandi kvörtun fram að færa vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma henni á framfæri við hreppsskrifstofu Breiðdalshrepps eða framkvæmdaaðila. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn, getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

#### 10. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðauúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélagini. Sama á við um númerlausa bíla, vélar og önnur tæki.

#### 11. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar skal hreppsskrifstofa Breiðdalshrepps aðvara viðkomandi skriflega og óska úrbóta af hans hálfu.

Með brot á samþykkt þessari og málsmeðferð skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

#### 12. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 10. febrúar 2004.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um fráveitur í Austurbyggð.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Austurbyggð.

#### Um fráveitur.

2. gr.

Sveitarfélagið starfrækir fráveitur á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði.

Sveitarsjóður kostar rekstur þeirra og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við þær.

Sveitarfélagið getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarfélagini.

Tæknideild sveitarfélagsins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveiturnar veita fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögnum en tvöföld fráveita veiti skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að frárvæsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Par sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Par sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögnum. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti er bent á ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að rotþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

7. gr.

Par sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá frárvæsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um

stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunaraforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

Hreinsun fer fram á vegum sveitarfélagsins, að jafnaði annað hvert ár, og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktihögum og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsahreinsunar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina.

#### 8. gr.

Pegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró skal sækja um það til byggingareftirlits sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins. Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra, stærð og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 11. gr.

#### 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

#### 10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

#### 11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

#### 12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

#### 13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frárvæslagnir frá húseigendum vegna vatnsborðssírss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendum koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

## Um fráveitu- og rotþróargjald.

14. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórni setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

15. gr.

Af þeim fasteignum í sveitarfélagini sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

17. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórni setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórni setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

19. gr.

Sveitarstjórni er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívílnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er sveitarstjórni heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfelli-ingu eða lækkun til tekjulítillelli- og örorkulífeyrisþega.

20. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórni Austurbýggðar og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breyt-

ingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 73/2001 um holræsagjald í Búðahreppi og eldri samþykktir um holræsi í Stöðvarhreppi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. febrúar 2004.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## **SAMPYKKT um fráveitum á Austur-Héraði.**

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í þéttbýlisstöðum Austur-Héraðs þar sem rekið er holræsakerfi í eigu Austur-Héraðs.

Fráveita Austur-Héraðs er B-hluta fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins og eru allar holræslagnir fráveitunnar, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að frárvæsum húseigna eign hennar. Sömuleiðis allur fráveitubúnaður, brunnar, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

### **Um fráveitum.**

2. gr.

Sveitarsjóður kostar rekstur fráveitu Austur-Héraðs samkvæmt 1. gr. og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega til þess fé á fjárhagsátlun sveitarsjóðs. Umhverfissvið Austur-Héraðs fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu Austur-Héraðs í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveita Austur-Héraðs veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

4. gr.

Par sem fráveita Austur-Héraðs er fyrir hendi, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögnum. Umhverfissvið Austur-Héraðs ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skyld að leggja á sinn kostnað frárvæsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

## 6. gr.

Sérhver eigandi fasteignar á starfssvæði fráveitu Austur-Héraðs skal leggja og kosta fráveitulagnir frá húseign sinni og lóð að lóðarmörkum, í samræmi við lóðaruppdrátt, byggingarskilmála eða önnur fyrirmæli sem gefin eru.

## 7. gr.

Pegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu Austur-Héraðs skal sækja um það til byggingarfulltrúa Austur-Héraðs. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt bípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu Austur-Héraðs.

## 8. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu Austur-Héraðs séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélagini er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 9. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

## 10. gr.

Þar sem hætta er talin á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráraæsislagrir frá húseigendum vegna ofanvatns eða hárrar grunnvatnsstöðu skulu húseigendur koma fyrir á sinn kostnað sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

**Um holræsagjald og stofngjald holræsa.**

## 11. gr.

Sveitarfélagið innheimtir stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið er ákvæðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

## 12. gr.

Af þeim fasteignum á Austur-Héraði sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða holræsagjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

## 13. gr.

Álagningarstofn holræsagjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

## 14. gr.

Holræsagjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald

þetta skal ákveðið með gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnala-  
laga nr. 15/1923. Holræsagjald má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign  
án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö  
ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsvæði og aðfararveði.

## 15. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um  
sérstaka ívlun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta  
má þó aldrei vera herra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu  
eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

## 16. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og meng-  
unarvarnir og vatnalgum nr. 15/1923. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með  
að hætti opinberra mála.

## 17. gr.

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs og sett er á  
grundvelli X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir  
nr. 7/1998 með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. febrúar 2004.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir framkvæmdaleyfi í Djúpavogshreppi.

#### **Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.**

1. **Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.**  
Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 10.000, enda geti sveitarfélagið ætið, þegar lágmarks-  
gjaldi er beitt, sýnt fram á að það hafi boríð a.m.k. þann kostnað við útgáfu leyfis. Gjald  
þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar m/v grunnvísitölu í janúar 2004, 287,8  
stig.  
Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð, en nemur kostnaði þeim, er sveitarfélagið  
verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.  
Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur  
undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis, telst kostnaður, sem sveitarfélagið hefur vegna  
þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

2. *Gjalddagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrikomulag greiðslna. Í því til-viki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi, án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þótt framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuhheimild.*

Um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt eftir 2 umræður í sveitarstjórn Djúpavogshrepps 15. janúar 2004.

*Djúpavogi, 30. janúar 2004.*

F.h. sveitarstjórnar Djúpavogshrepps,

**Bj. Hafþór Guðmundsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018, varnargarður við Fláajökul.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í að staðsetning á varnargarði við Fláajökul á Mýrum við Hólmsá/Hleygilæk er færð til um 400 m til norðvesturs nær jökuljaðri.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hornafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 2. febrúar 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

**ríkisskattstjóra nr. 7/2004 um reglur um endurskoðun  
á fyrirframgreiðslu þingjalda og jöfnunargjalds á árinu 2004.**

1. Frestur vegna umsóknna um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2004 er til 2. apríl nk. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið póstlagðar til skattstjóra í umdæmi umsækjanda fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skattstofnar vegna tekjuársins 2003 séu a.m.k. 25% lægri en á tekjuárinu 2002 og að álögð gjöld 2004 muni að lágmarki verða 20.000 kr. lægri en við álagningu 2003.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur lækkunar með skattframtali 2004 ásamt lögbóðnum fylgiskjólum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2004 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 988/2003.

*Reykjavík, 6. febrúar 2004.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur  
sem getur haft í för með sér mengun.**

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Reykjanesbæ, kt. 531278-0469. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2016.

*Umhverfisstofnun, 2. febrúar 2004.*

**Árni Bragason,**  
staðgengill forstjóra.

---

*Gunnlaug Einarsdóttir,  
staðgengill forstöðumanns  
stjórnsýslusviðs.*

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Snæfellsbæ.

*Deiliskipulag Hafnarsvæði Ólafsvíkur.*

Skipulags- og byggingarnefnd Snæfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir deili-skipulag hafnarsvæði Ólafsvíkur, Snæfellsbæ. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Kinnar.*

Skipulags- og byggingarnefnd Snæfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Kinnar. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 10. febrúar 2004.*

**Smári Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## SAMÞYKKT

### um meðhöndlun úrgangs í Austurbyggð.

I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Sveitarfélagið Austurbyggð annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélagini samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Sveitarfélagið sér um meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði í sveitarfélagini og förgun úrgangs frá atvinnuhúsnæði. Frá atvinnuhúsnæði er einnig hreinsaður kaffistofuúrgangur. Unnt er að semja um aðra þjónustu varðandi meðhöndlun úrgangs frá atvinnurekstri.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með starfseminni, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd meðhöndlunar úrgangs. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

2. gr.

Meðhöndlun úrgangs skal framkvæmd undir yfirstjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands í umboði sveitarfélagsins og skal stjórn Sorpsamlagsins sjá um samskipti við þá aðila, sem að því koma, s.s. vegna móttöku spilliefna, meðferðar landbúnaðarplasts og brotajárnhirðu.

3. gr.

Húsráðendum, forsvarsmönnum fyrirtækja eða stofnana á starfsvæði Sorpsamlags Mið-Austurlands er skylt að nota þær aðferðir og ílát við geymslu úrgangs og hreinsun sem sveitarstjórn í samráði við heilbrigðisnefnd, ákvæður.

Sorpílát skulu fest með búnaði sem samþykktur er af Sorpsamlagi Mið-Austurlands.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum þegar þarf til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

#### 4. gr.

Í sorpílát má aðeins setja heimilisúrgang, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni og brotajárn í sorpílát og gáma. Jarðvegs-efnum, þ.m.t. grjóti eða mýrbroti, skal komið fyrir á sérmerkta losunarstaði.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð, sem rekin er á vegum Sorpsamlags Mið-Austurlands.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst.

#### 5. gr.

Gámar, sem almenningur á aðgang að, skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum.

#### 6. gr.

Sorphreinsun almenns heimilisúrgangs fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti. Stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands, í umboði sveitarstjórnar, ákvéður í samráði við heilbrigðis-nefnd og verktaka hversu oft sorphreinsun fer fram.

### II. KAFLI Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

#### 7. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákvæða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpílata eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærrí en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélagini við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarfélagið Austurbýggð skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórmartíðinda.

### III. KAFLI Ýmis ákvæði.

#### 8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til framkvæmdaaðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélagini, getur hann skotið málínus til heilbrigðisnefndar.

#### 9. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélagini. Sama á við um númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

## 10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

## 11. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi samþykkt nr. 436/2000 um sorphirðu í Búðahreppi og eldri samþykktir um sorphirðu í Stöðvarhreppi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. febrúar 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 598, 8. ágúst 2003,  
um friðun hrygningaráborsks og skarkola á vetrarvertíð 2004.**

## 1. gr.

4. mgr. 2. gr. orðist svo:

Frá og með 12. apríl til kl. 10.00 21. apríl markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er vestur um milli eftirgreindra punkta:

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. 63° 05'00 N – 19° 00'00 V  | 11. 63° 15'00 N – 23° 00'50 V |
| 2. 63° 05'01 N – 19° 52'07 V  | 12. 63° 10'70 N – 23° 24'00 V |
| 3. 63° 10'20 N – 20° 12'80 V  | 13. 63° 11'00 N – 24° 05'50 V |
| 4. 63° 07'20 N – 20° 15'70 V  | 14. 63° 35'06 N – 23° 13'06 V |
| 5. 63° 08'00 N – 20° 32'80 V  | 15. 63° 36'72 N – 23° 22'84 V |
| 6. 63° 05'00 N – 20° 49'50 V  | 16. 63° 39'65 N – 23° 28'55 V |
| 7. 63° 11'20 N – 21° 27'80 V  | 17. 64° 43'72 N – 24° 12'83 V |
| 8. 63° 10'00 N – 21° 51'70 V  | 18. 64° 43'72 N – 24° 25'57 V |
| 9. 63° 05'00 N – 22° 15'00 V  | 19. 65° 16'44 N – 24° 51'28 V |
| 10. 63° 05'00 N – 22° 27'50 V |                               |

og þaðan réttvísandi 70° í Skorarvita.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að málí.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. febrúar 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Pórður Eyþórsson.*

## SAMÞYKKT

### **um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald í Djúpavogshreppi.**

#### 1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Djúpavogshreppi, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari:

- A. Gatnagerðargjald.
- B. Stofngjald vatnsveitu.
- C. Holræsagjald.
- D. Byggingarleyfisgjald.

Öll framangreind gjöld eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf.

#### 2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélagini, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skv. 1. gr. skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skv. 1. gr. skal varið til lagningar og viðhalds holræsa (fráveitna).

Tekjur sveitarfélagsins vegna byggingarleyfisgjalds skv. 1. gr. skulu standa undir þeim kostnaði sem tilgreindur er í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

#### 3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá eftirfarandi forsendum:

- 3.a: Einbýlishúsalóðir: kr. 1.000 pr.  $m^2$  lóðar og kr. 1.000 pr.  $m^2$  brúttogólfflatarmáls húss.
- 3.b: Parhúsa- og raðhúsalóðir: kr. 1.000 pr.  $m^2$  lóðar og kr. 1.000 pr.  $m^2$  brúttogólfflatarmáls húss.
- 3.c: Fjölbýlishúsalóðir: kr. 900 pr.  $m^2$  lóðar og kr. 900 pr.  $m^2$  brúttogólfflatarmáls húss.
- 3.d: Atvinnu- og iðnaðarhúsalóðir kr. 1.000 pr.  $m^2$  lóðar.
- 3.e: Verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðir og aðrar, sem ekki eru sérstaklega taldar annars staðar: kr. 1.300 pr.  $m^2$  lóðar og kr. 1.300 pr.  $m^2$  brúttogólfflatarmáls húss.
- 3.f: Hesthúsalóðir: kr. 500 pr.  $m^2$  lóðar.

Liggi ekki fyrir teikningar að byggingu þegar sótt er um lóð samkv. 3.a, 3.b, 3.c eða 3.e hér að framan, skal reikna út gatnagerðargjald samkvæmt hámarks nýtingarhlutfalli lóðar skv. viðkomandi deiliskipulagsskilmálum. Þegar byggingarleyfi er gefið út skal útreikningur leiðréttur í samræmi við endanlegt brúttó gólfflatarmál.

Þegar gefin eru út byggingarleyfi vegna viðbygginga eða breytinga á mannvirkjum á íbúðarhúsalóðum, skal umsækjandi greiða gatnagerðargjald samkvæmt 3.a, 3.b, eða 3.c, eftir því sem við á, en þó einungis á grundvelli gólfflatarmálshluta gatnagerðargjaldsins.

## 4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

1. Við úthlutun lóða 20% af lóðarhluta gatnagerðargjalds.
2. Við útgáfu byggingarleyfis, en þó eigi síðar en 8 mánuðum eftir að lóð er úthlutað 30% af lóðarhluta gatnagerðargjalds og 50% af byggingarhluta gatnagerðargjalds.
3. Við útgáfu fokheldisvottorðs 20% gatnagerðargjalds og 50% af byggingarhluta gatnagerðargjalds.
4. Innan eins árs frá útgáfu fokheldisvottorðs 30% gatnagerðargjalds.

Fyrstu greiðslu gatnagerðargjalda skv. tl. 1 hér að framan, skal inna af hendi innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun eða útgáfu byggingarleyfis og öðlast lóðarúthlutun eða byggingarleyfi ekki gildi fyrr en á greiðsludegi.

Sveitarstjórn getur frestað innheimtu 4. greiðslu gatnagerðargjalds um eitt ár í senn, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi byggingu verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fokhelt.

## 5. gr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru  $7 \text{ m}^2$  eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

Tegund byggingar	Grunngjald	$\text{m}^3$ -gjald	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli	20.000	150	$\text{m}^3$ -gjald þó ekki lægra en 45.000
B Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum utan þéttbýlis	20.000	100	$\text{m}^3$ -gjald þó ekki lægra en 45.000
C Iðnaðarhúsnæði	40.000	80	$\text{m}^3$ -gjald þó ekki lægra en 65.000
D Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.p.h.	60.000	150	$\text{m}^3$ -gjald þó ekki lægra en 120.000
E Sérhæfðar byggingar fyrir opinberar stofnanir, félagsheimili, samkomuhús o.p.h.	60.000	150	$\text{m}^3$ -gjald þó ekki lægra en 120.000
F Frístundahús	5.000	150	$\text{m}^3$ -gjald þó ekki lægra en 30.000
G Útihús á lögbýlum	5.000	80	$\text{m}^3$ -gjald þó ekki lægra en 15.000
H Stækkun húsnæðis, viðbyggingar, bílskúrar o.p.h. $60 \text{ m}^2$ eða minni	20.000	150	$\text{m}^3$ -gjald þó ekki lægra en 15.000
I Niðurrif húsa	5.000	0	
J Endurnýjun eldra byggingarleyfis, óbreytt	5.000	0	

Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna byggingarerinda eru sem hér segir:

Tegund þjónustu:	Gjald, kr.	Athugasemdir
1 Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.p.h.	4.500	
2 Lóðarúthlutunargjald	15.000	Óendurkræft, þó lóðarúthlutun gangi til baka
3 Fokheldisvottorð	6.000	
4 Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10.000	
5 Lokavottorð	10.000	
6 Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	4.000	
7 Vottorð vegna vínveitingaleyfa	10.000	
8 Endurskoðun aðaluppdráttar	6.000	
9 Gerð stofnskjals vegna lóða *	3.000	Pegar hús er fokhelt
10 Aukaúttekt byggingarfulltrúa	10.000	

\* Pingleysingarkostnaður vegna lóðarleigusamninga og stofnskjala bætist við lið 9.

#### 6. gr.

Stofngjald fráveitu (holræsa) skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitu í eigu Djúpavogshrepps. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar	Grunngjald	m <sup>3</sup> -gjald	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	20	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 400
B Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	40.000	20	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 1.000

#### 7. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitu í eigu Djúpavogshrepps. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar	Grunngjald	m <sup>3</sup> -gjald	Athugasemdir
A Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	20	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 400
B Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	40.000	20	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 1.000

#### 8. gr.

Einingarverð samkvæmt samþykkt þessari eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í janúar 2004 (287,8 stig) og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

Öll gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996. Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum m.v. vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalauð.

Stofngjöld vatnsveitu og fráveitu skulu endurgreidd með sama hætti og gatnagerðargjald.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds og tengigjalds vatnsveitu og fráveitu er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknakostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt grafrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu. Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðarhafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunarkostnaður vegna byggingar og rannsóknarkostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja two matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Djúpavogshreppur skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmannna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

#### 9. gr.

Sveitarstjórн er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en 3. gr. mælir fyrir um, vegna sérstakra aðstæðna sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

#### 10. gr.

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Stofngjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Holræsagjald byggir á ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 26. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi tekur gildi við birtingu og fellur þá úr gildi gjaldskrá frá 7. maí 1998 um gatnagerðargjöld, sem sett var skv. 11. gr. reglugerðar nr. 543/1996 um gatnagerðargjald.

Hafi hluti gatnagerðargjalds af íbúðarlóð á Djúpavogi verið greiddur fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skal miða útreikning heildar gatnagerðargjalds af viðkomandi lóð, svo og gjalddaga, við ákvæði auglýsingar um gatnagerðargjöld í Djúpavogshreppi, sem samþykkt var af sveitarstjórн Djúpavogshrepps 7. maí 1998.

Samþykkt af sveitarstjórн Djúpavogshrepps eftir 2 umræður 15. janúar 2004.

*Djúpavogi, 30. janúar 2004.*

F.h. sveitarstjórнar Djúpavogshrepps,

**Bj. Hafþór Guðmundsson** sveitarstjóri.

# AUGLÝSING

## um breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

## 1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, sem birt var með auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, dags. 31. mars 1999 og tók gildi 1. júní sama ár. Þessi breytta útgáfa kemur í stað texta á bls. 1-57 í almennum hluta sérstakrar útgáfu aðalnámskrár framhaldsskóla sem gefin var út í kjölfar auglýsingar nr. 274/1999.

## 2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 2004.*

**Porgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*

### Fylgiskjal.

### Aðalnámskrá framhaldsskóla – almennur hluti.

#### 1. Inngangur.

Ný aðalnámskrá framhaldsskóla tók gildi 1. júní 1999 og kom hún til framkvæmda frá og með skólaárinu 1999-2000. Einstakir skólar fengu þó heimild til að fresta framkvæmdinni um eitt ár. Námskráin verður því komin að fullu til framkvæmda í öllum skólum að loknu skólaárinu 2003-2004.

Námskráin var gefin út samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla. Þá var gefinn út almennur hluti námskrárinna, námskrár fyrir bóknám sem lýkur með stúdentsprófi og listnám. Námskrár fyrir starfsnám sem birtar voru í þeirri útgáfu voru frá fyrri tíma en þær hafa verið endurskoðaðar jöfnum höndum og er breytt eða bætt við aðalnámskrá framhaldsskóla með sérstakri auglýsingu í Stjórnartíðindum hverju sinni.

Á þeim tíma sem liðið hefur frá útgáfu námskrárinna hafa komið í ljós minniháttar gallar og agnúar sem nauðsynlegt er að lagfæra auk þess sem teknar hafa verið ákvarðanir um tiltekin atriði sem voru ófrágengin. Námskráin frá 1999 var þannig að hluta til orðin úrelt og því þótti rétt að endurskoða hana og gefa út að nýju. Ný útgáfa felur ekki í sér neina breytingu á þeirri menntastefnu sem mörkuð var með útgáfunni 1999.

Meðal breytinga sem gerðar hafa verið eru þessar helstar:

- Texti hefur verið yfirfarinn og leitast við að einfalda framsetningu og endurordða setningar sem þóttu óljósar eða torskildar.
- Sett hafa verið inn ákvæði um viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir starfsnámsnemendur.
- Samsetningu náms á félagsfræðabraut hefur verið breytt á þann veg að fjöldi einginga í ensku er aukinn en einingum í samfélagsgreinum samkvæmt ákvörðun skóla fækkað að sama skapi. Þetta er gert til að einfalda framkvæmd samræmdra prófa.
- Á kjörsviði náttúrufræðibrautar hefur verið bætt inn námsgreinunum lífeðlisfræði og næringarfræði.

- Upptalningu námsgreina á kjörsviði félagsfræðabrautar hefur verið breytt á þann veg að felld eru brott heitin rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði og í staðinn sett inn heitið viðskiptagreinar. Pessi breyting felur í sér að einstakir skólar hafa meira svigrum hvað varðar framboð námsgreina á sviði viðskipta. Auk þess er heimspeki bætt á listann.
- Nám í almennum bóklegum greinum í starfsnámi hefur verið samræmt milli brauta.
- Fjallað er sérstaklega um mat á óformlegu námi og starfsreynslu.
- Birtur er staðall fyrir prófskírteini.
- Mat á skólastarfi. Fjallað er um sjálfsmat og ytra mat á skólastarfi.

Almennur hluti námskráinnar er nú gefinn út í tvennu lagi. Í þessum hluta er fjallað um helstu þætti í starfsemi framhaldsskóla og meginviðmið sem skólar þurfa að fylgja í starfi sínu. Hinn hlutinn inniheldur brautalýsingar og verður gefinn út sérstaklega.

Báðir hlutarnir verða aðgengilegir á heimasíðu ráðuneytisins eins og aðrar námskrár, auk þess sem þeir verða gefnir út í prentuðu formi. Reynt verður að tryggja eftir því sem mögulegt er að sú gerð sem birtist á heimasíðunni verði ætíð rétt en þetta felur í sér að þar verða færðar inn breytingar sem kunna að verða gerðar um leið og þær hafa verið staðfestar af ráðherra.

## 2. Grundvöllur og hlutverk aðalnámskrár.

Menntun er ein megininstöð lýðræðis, almennrar velferðar og menningar. Hver maður á rétt til menntunar eins og staðfest er í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar eru aðilar að. Til samræmis við þetta er í lögum um framhaldsskóla kveðið á um að allir, sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, skuli eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Aðalnámskrá er meginviðmiðun skólastarfs á framhaldsskólastigi og er hún gefin út af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir. Í aðalnámskrá er að finna nánari útfærslu á þeirri mennta- og skólastefnu sem birtist í lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla með þeim breytingum sem gerðar hafa verið og túlkun á einstökum ákvæðum þeirra. Í námskránni er lýst námsframboði og umgjörð skólastarfs á framhaldsskólastigi og þeim starfsramma sem skólastarfi er settur með lögum og reglugerðum um framhaldsskóla en þar er einnig vísað til sérstakra ákvæða sem er að finna í örðrum lögum og varða nám á framhaldsskólastigi. Hlutverk aðalnámskrár er margþætt:

1. Aðalnámskrá er helsta stjórntæki fræðsluyfirvalda til að tryggja ákveðna samræmingu og samhæfingu framhaldsskóla við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er því ein meginforsenda þess að menntamálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirlit og eftirlit með gæðum skólastarfs.
2. Aðalnámskrá afmarkar starfsramma stjórnenda og starfsmanna einstakra framhaldsskóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi sem þeim er skylt að útfæra m.a. í skólanámskrá.
3. Aðalnámskrá veitir upplýsingar um menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur. Framhaldsskólum ber að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólastarfs. Hún veitir nemendum framhaldsskóla og forráðamönnum þeirra upplýsingar um helstu viðmiðanir sem starfsemi skólanna byggir á. Námskránni er ætlað að veita kennurum og nemendum grunnskóla, svo og forráðamönnum þeirra, upplýsingar um undirbúning nemenda þegar þeir ljúka námi í framhaldsskóla og hefja störf eða takast á við áframhaldandi nám. Námskráin er einnig til viðmiðunar fyrir þá sem annast menntun framhaldsskólokennara og annars starfsfólks framhaldsskóla svo og þá sem vinna við gerð námsgagna og rannsóknir og úttektir á skólastarfi. Auk þess er námskráin gagnleg öllum þeim sem hafa löngun eða þörf fyrir að kynna sér starfsemi skóla á framhaldsskólastigi.

Í aðalnámskrá eru sett fram meginmarkmið framhaldsskóla og skilgreind markmið einstakra námsbrauta, námsgreina, námsáfanga og námslok. Einnig er kveðið á um umfang og uppbyggingu einstakra námsbrauta, inntak í megindráttum og námskröfur og tilgreindur er meðalnámstími á hverri námsbraut.

Pá er m.a. gerð grein fyrir inntökuskilyrðum á einstakar námsbrautir, réttindum og skyldum nemenda, námsmati og prófum, undanþágum frá námi í einstökum áföngum eða námsgreinum, viðbótarnámi fyrir starfsnámsnemendur sem vilja ljúka stúdentsprófi og meðferð ágreiningsmála.

### **3. Hlutverk, markmið og starfshættir framhaldsskóla.**

Framhaldsskólum ber að sinna öllum nemendum hvernig svo sem undirbúningi þeirra úr grunnskóla er háttæd.

Í lögum um framhaldsskóla segir í 2. grein.

Hlutverk framhaldsskóla er að:

- stuðla að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búinir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi
- búa nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám
- efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda
- þjálfa nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun
- kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta
- hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar

Til þess að framhaldsskólar geti sinnt hlutverki sínu þarf starfsemi þeirra að byggja á ýmsum og ólíkum þáttum og þeir þurfa að geta mætt margvíslegum kröfum sem til þeirra eru gerðar. Starfsemi skóla þarf líka að vera sveigjanleg svo hægara sé að sinna nýjungum í skólastarfi.

Meginmarkmið framhaldsskóla eru skilgreind í námskrá en þau eru síðan útfærð nánar í skólanámskrám einstakra skóla.

Við lok náms í framhaldsskóla er stefnt að því að nemendur:

- hafi fengið alhliða menntun sem er við hæfi hvers og eins
- séu undir það búinir að fara í áframhaldandi nám og/eða starf í þjóðfélagi sem er í sífelliðri þróun
- geri sér ljóst að námi lýkur ekki við lok skólagöngu heldur er nauðsynlegt að halda áfram að afla sér nýrrar þekkingar og reynslu
- hafi fengið góða þekkingu á íslensku samfélagi
- kunni skil á réttindum og skyldum einstaklings í lýðræðisþjóðfélagi
- hafi tamið sér sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum, ábyrgð á eigin námi, öðlast sjálfstraust og lært að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- hafi ræktað með sér gagnrýna hugsun, dómgreind og umburðarlyndi
- séu færir um að tjá skoðanir sínar, taka ákvarðanir og séu óhræddir við breytingar í námi og starfi.

Markmið þessi snerta allar námsgreinar framhaldsskóla og starfsemi þeirra. Námsgreininni lífsleikni er ætlað að vinna sérstaklega að ofangreindum markmiðum en ljóst er að þeim verða ekki gerð skil einungis í einni námsgrein.

Í skólanámskrá skal koma fram hvernig unnið er að því að ná þessum markmiðum.

Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og bjóða þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á

sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Skólum ber einnig að gefa nemendum tækifæri til að spreyna sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þau þurfa að höfða jafnt til pilta og stúlkna án tillits til uppruna, í dreifibýli eða þéttbýli, fatlaðra sem ófatlaðra.

Skólar skulu leitast við að gera föluluðum nemendum, langveikum og þeim sem eiga við námsörðugleika að etja, kleift að stunda nám með öðrum eftir því sem tök eru á. Einnig skal boðið upp á nám fyrir fatlaða á sérstökum námsbrautum.

Skólar skulu leitast við að koma til móts við þarfir nemenda af erlendum uppruna með öflugri íslensku kennslu og fræðslu um íslenskt samfélag og menningu svo og annarri aðstoð eftir mætti.

Miklu máli skiptir að allir nemendur fái tækifæri til að leggja stund á nám sem vakið getur áhuga þeirra og tekur mið af getu þeirra og framtíðaráformum. Skólar skulu leitast við að draga úr brotthvarfi nemenda frá námi með skýrum námskröfum, fjölbreyttu námsframboði, upplýsingamiðlun, ráðgjöf, góðri leiðsögn og samstarfi við forráðamenn eftir því sem kostur er.

Skólar skulu kappkosta að vekja áhuga nemenda á námi en gera þá ekki að óvirkum þiggjendum. Kennsluhættir þurfa því að vera fjölbreyttir, mótað af sveigjanleika og vera í samræmi við þá skólastefnu sem skólar leitast við að framfylgja.

Hér er átt við þætti svo sem vanlífðan, einelti, ofbeldi, varnir gegn sjálfsvígum og notkun vímuefna. Lögð skal áhersla á að nemendur temji sér jákvætt viðhorf, ábyrgð, umhyggju, heilbrigtr líferni, gagnrýna hugsun, sjálfsvirðingu og virðingu gagnvart öðrum. Mikilvægt er að nemendur geti sett sig í spor annarra og hafi öðlast kjark til að velja og hafna.

Fjarkennsla skapar auknar forsendur fyrir samstarfi skóla, rýfur einangrun þeirra og gefur kost á sveigjanleika í námi og kennslu. Fjarkennsla eykur möguleika skóla á að bjóða upp á sérhæfða námsáfanga og gerir nemendum kleift að nýta sér þekkingu víða að á markvissan hátt.

Samvinna skóla gerir þeim mögulegt að nýta það besta sem hver skóli hefur upp á að bjóða og stuðla að hagkvæmu námsframboði á viðkomandi svæði. Nemendur í einum skóla geta þá stundað nám í áfanga í öðrum skóla ef sá er ekki í boði í skóla þeirra.

Upplýsingatækni hefur skapað nýjar forsendur fyrir öflun og miðlun þekkingar. Skólar skulu stefna að því að gera upplýsingatækni að verkfæri í öllum námsgreinum og leita árangursríkra leiða til þess að hún nýtist nemendum í námi.

Hugtakið símenntun felur það í sér að menntun sé ævistar og mikilvægt er að skólar geri nemendum það ljóst. Símenntun er ein af forsendum þess að einstaklingur geti tekið þátt í lýðræðislegu þjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Sjálfræðisaldur nemenda er 18 ár. Mikilvægt er að gagnkvæmt upplýsingastreymi og samstarf sé á milli foreldra eða forráðamanna nemenda sem yngri eru en 18 ára og að foreldrar og forráðamenn fái sem gleggstar upplýsingar um skólastarfið og námsgengi barna sinna. Skólar skulu einnig leitast við að upplýsa forráðamenn eldri nemenda um starfsemi sína.

Skilgreint hefur verið viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir nemendur sem ljúka starfsnámi og hafa þeir því möguleika á að afla sér undirbúnings til náms á háskólastigi án þess að ljúka stúdentsprófi af bóknámsbrautum. Með þessu móti hefur verið komið á meira jafnræði með bóknámi og starfsnámi á framhaldsskólastigi að því er varðar möguleika til áframhaldandi náms. Mikilvægt er að skólar leittist við að þróa þessar námsleiðir í samvinnu við aðila á vinnumarkaði og skóla á háskólastigi.

#### **4. Uppbygging náms – námsleiðir.**

##### *4.1 Forsendur.*

Námsbrautir framhaldsskóla eru ólíkar að inntaki og lengd enda segir í lögum um framhaldsskóla að innihald og uppbygging náms skuli miðast við lokamarkmið viðkomandi námsbrautar. Lengd námsbrauta getur þannig verið frá einni önn upp í átta annir og áherslur bæði fræðilegar og hagnýtar, allt eftir markmiðum námsins.

Nemendur sem eru að hefja framhaldsskólanám eru ólíkir hvað varðar undirbúnning, þroska, áhugamál og námsgetu. Námskipulag framhaldsskóla miðast m.a. við þessar ólíku þarfir og því skal leitast við að tryggja að hver einstaklingur finni nám við hæfi og að hann geti ráðið námshraða sínum að svo miklu leyti sem við verður komið.

Stefnt er að því að undirbúnningur nemenda til áframhaldandi náms verði sem bestur. Með því að auka hlut kjörsviðs og valgreina á bóknámsbrautum og með því að minnka hlut almennra bóklegra greina á starfsnámsbrautum verður sérnám hærra hlutfall af námi til lokaprófs. Nemendur hljóta haldgóða menntun í íslensku, stærðfræði, erlendum tungumálum og læra að nýta upplýsingatækni í öllum greinum.

Pekking og reynsla sem aflað hefur verið utan hins hefðbundna menntakerfis verður í auknum mæli metin jafngild námi á framhaldsskólastigi. Verið er að þróa aðferðir til að greina og meta óformlegt nám í þeim tilgangi að opna fleirum leið til náms á framhaldsskólastigi. Settar verða reglur þar að lútandi er taka til námskeiða, starfsreynslu og almennrar reynslu af vettvangi heimilis og frítmá.

##### *4.2 Námskipan.*

Fyrirkomulag náms og kennslu á framhaldsskólastigi getur verið breytilegt eftir skólum. Flestir starfa eftir áfangakerfi en aðrir eftir bekkjarkerfi. Allir skólar starfa þó samkvæmt sömu námskrá, aðalnámskrá framhaldsskóla. Námið er skipulagt eftir námsbrautum og í brautarlýsingu er kveðið á um markmið og inntak námsins.

Í skólum sem starfa eftir áfangakerfi mynda þeir nemendur sem leggja stund á sama áfanga námshóp eða hópa, en í skólum sem starfa eftir bekkjarkerfi er hverjum árgangi skipt í bekki og leggja allir nemendur sama bekkjar stund á sama nám í öllum greinum að kjörsviðs- og valgreinum undanskildum.

Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn og vorönn, og eru þær um það bil jafnlangar. Í skólum, sem starfa eftir áfangakerfi, er hægt að hefja nám og ljúka námi á hvorri önninni sem er. Skólar sem starfa eftir áfangakerfi skipuleggja starfið til einnar annar í senn en bekkjarskólar til eins árs í senn.

##### *4.3 Áfangalýsingar.*

Í greinanámskráum er námsefni skipt upp í áfanga þannig að hver áfangi henti til kennslu í eina önn og fá nemendur tiltekinn fjölda eininga fyrir hvern áfanga sem þeir ljúka með fullnægjandi árangri. Áfangar eru merktir eftir ákvæðnu kerfi með þremur bókstöfum sem tákna námsgrein og þriggja stafa tölu. Fyrsta talan segir til um hvar í röðinni áfangi er innan námsgreinar, önnur talan greinir að áfanga með sama undanfara og þriðja talan tilgreinir eingafjölda áfangans.

Hver námsáfangi er sjálfstæð heild. Skólum er þó heimilt að skipuleggja námið í heilstæðum viðfangsefnum þvert á áfanga, skipta efni tiltekinná áfanga í smærri námsþætti eða fella námsþætti saman í stærri heildir. Þess skal þó ávallt gætt að lokamarkmiðum námsins og markmiðum einstakra áfanga sé til skila haldið og að heiti og númer áfanga séu rétt tilgreind á prófskírteinum nemenda.

Nauðsynlegt er að tilgreina undanfara áfanga sé hans krafist.

Skólum er heimilt að búa til áfangalýsingar til viðbótar þeim sem skilgreindar eru í námskrá. Hér getur verið um að ræða:

- áfanga sem bætast við áfangakeðjur sem skilgreindar eru í námskrá, sem kemur til þegar skóli kýs að bjóða fram meira nám í grein en tilgreint er í námskrá
- áfanga sem skóli býður fram í frjálsu vali
- áfanga sem ætlaðir eru til kennslu á almennri námsbraut

Við gerð þessara áfangalýsinga er skólum bent á að hafa uppsetningu í greinanámskránum til hliðsjónar. Merking áfanganna skal vera með venjubundnum hætti en þó skulu þeir auðkenndir nánar sem hér greinir:

- viðbót við áfangakeðju. Miðtölustafur skal vera 8, dæmi: STÆ 883
- áfangi boðinn fram í frjálsu vali. Miðtölustafur skal vera 7, dæmi: KÍN 173
- áfangi á almennri námsbraut. Miðtölustafur skal vera 9, dæmi: ÍSL 192

#### 4.4 Námsbrautir.

##### 4.4.1 Bóknám til stúdentsprófs.

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs eru þrjár og skiptist námið í kjarna, kjörsvið og frjálst val. Nám í kjarna er að hluta sameiginlegt fyrir brautirnar þrjár og í flestum tilvikum er aðeins skilgreind ein útgáfa af hverjum áfanga í námskránni. Þó eru skilgreindir sérstakir áfangar í stærðfræði fyrir málabraut og félagsfræðabraut og geta skólar því boðið nemendum á þessum brautum kennslu í samræmi við lokamarkmið náms á viðkomandi braut ef þeir kjósa svo og hafa aðstöðu til þess. Að öðru leyti er það ákvörðun einstakra skóla hvort áherslur í kennslu verða að einhverju leyti breytilegar eftir brautum.

Skipulag kjarna á bóknámsbrautum er sem hér greinir:

Námsgrein	Málabraut	Náttúrufræðibraut	Félagsfræðabraut
Íslenska	15	15	15
Stærðfræði	6	15	6
Danska/norska/sænska	9	6	6
Enska	15	9	15
Priðja mál	15	12	12
Fjórða mál	9		
Félagsfræði	3	3	6
Landafræði			3
Saga	6	6	9
Samfélagsgreinar skv. ákvörðun skóla			6
Náttúrvísbundi	9	9	9
Eðlisfræði		3	
Efnafræði		3	
Jarðfræði		3	
Líffræði		3	
Íþróttir	8	8	8
Lífsleikni	3	3	3
<b>Samtals</b>	<b>98</b>	<b>98</b>	<b>98</b>

Nám á kjörsviði nemur samtals 30 einingum. Kjörsviðið felur í sér sérhæfingu á viðkomandi námssviði í samræmi við lokamarkmið brautarinnar. Fyrir hverja braut eru skilgreindar nokkrar námsgreinar sem nemandinn getur valið. Nemandinn velur a.m.k. þrjár greinar á viðkomandi kjörsviði og teljast þær vera kjörsviðsgreinar nemandans. Hann getur þannig bætt við sig námi í grein/greinum sem hann hefur tekið í kjarna eða tekið nýja grein eða greinar. Samanlagt nám í kjörsviðsgrein í brautarkjarna og á kjörsviði má þó aldrei vera minna en 9 ein. í hverri grein. Skólameistari getur vikið frá þessari reglu þegar um skyldar námsgreinar er að ræða.

Auk þessa getur nemandi tekið allt að 12 ein. nám á kjörsviðum annarra bóknámsbrauta en þeirrar sem hann stundar nám á. Þannig getur nemandi á náttúrufræðibraut t.d. tekið allt að 12 ein. á kjörsviði málabrautar eða kjörsviði félagsfræðabrautar. Einnig getur nemandi sem stundar nám á bóknámsbraut tekið allt að 12 ein. af sérgreinum tiltekinnar starfsnámsbrautar eða listnámsbrautar sem hluta af kjörsviði sínu. Reglan um 9 ein. lágmark í grein gildir einnig í þessu tilviki.

Skólar geta skipulagt kjörsvið að eigin vild innan þess ramma sem hér er tilgreindur og þeim er ekki skyld að bjóða fram allar greinar sem taldar eru á hverju kjörsviði. Í þessu felst að skóli getur ákveðið kjörsviðsgreinar og fjölda áfanga í hverri grein.

Kjörsviðsgreinar námsbrauta eru þessar:

Málabraut	Náttúrufræðibraut	Félagsfræðabraut
Danska/norska/sænska	Eðlisfræði	Félagsfræði
Enska	Efnafræði	Fjölmíðlafræði
Franska	Jarðfræði	Heimspeki
Íslenska	Landafræði	Íslenska
Latína	Lífeðlisfræði	Landafræði
Spænska	Líffræði	Saga
Stærðfræði	Næringerfræði	Sálarfræði
Pýska	Stærðfræði	Stærðfræði
Tungumál skv. vali skóla	Tölвуfræði	Uppeldisfræði
		Viðskiptagreinar

Nemandi sem lokið hefur skilgreindu starfsnámi, t.d. grunnnámi eða lengra starfsnámi, með fullnægjandi árangri og óskar að innritast á bóknámsbraut getur fengið sérgreinar starfsnámsins metnar til allt að 12 ein. á kjörsviði brautarinnar auk þess sem hann getur nýtt sér frjálsta valið í sama tilgangi. Nemandi getur því fengið allt að 24 ein. metnar á þennan hátt sem hluta af námi til stúdentsprófs.

Sama gildir um nemandi sem hefur lokið viðurkenndu listnámi með fullnægjandi árangri við sérvskóla.

Nám í frjálsu vali nemur alls 12 einingum. Frjálst val gefur nemandi möguleika á að kynna sér greinar sem ekki tilheyra því námssviði sem hann hefur valið sér. Einnig getur nemandi notað frjálsa valið til að bæta við kjörsvið sitt. Bjóði viðkomandi skóli ekki upp á þær greinar sem nemandi óskar sérstaklega að taka er sá möguleiki fyrir hendi að taka þær við annan skóla, t.d. í fjarnámi.

Stúdentsprófið tryggir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi. Einstakir háskólar eða háskóladeildir geta sett ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum geta nemendur þurft að gangast undir inntökupróf. Það er því mikilvægt að nemendur sem stefna að inngöngu í tiltekinn skóla á háskólastigi afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning.

#### 4.4.2 Viðbótarnám til stúdentsprófs.

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi sem er samræmt í tilteknunum greinum.

Til þess að fá starfsnám auk viðbótarnáms viðurkennt til stúdentsprófs skal heildarnám nemenda verða eins og tilgreint er hér á eftir.

Viðbótarnámið geta nemendur:

- skipulagt sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólastigi, eða
- lokið námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og hér segir:

##### b.1. Priggja til fjögurra ára starfsnám

Nemendur skulu hafa lokið námi í skóla með fullnægjandi árangri og einnig áskilinni starfsþjálfun að fullu. Ráðherra getur heimilað frávik frá þessari reglu ef rökstuddar ástæður eru fyrir hendi. Ekki er gerð krafa um að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi. Auk þess skulu nemendur hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum þannig að heildarnám í einstökum greinum verði ekki minna en hér greinir:

íslenska	15 ein.
enska	12 ein.
stærðfræði	6 ein.

Fyrra nám nemenda í ofantöldum greinum kemur til frádráttar, þ. m. t. áfangar í þessum greinum sem færðir eru undir sérnám á starfsnámsbrautum.

Einnig skulu nemendur bæta við sig námi í

tungumálum <i>eða</i>	
náttúrufræðigreinum og stærðfræði <i>eða</i>	
samfélagsgreinum	12 ein.

samkvæmt eigin vali. Fyrra nám í þeim námsgreinum sem hér um ræðir kemur ekki til frádráttar. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 ein. samtals. Stærðfræði er þó undanskilin frá 9 ein. reglunni. Starfsgreinar sem falla undir þessa málsgrein eru taldar upp í viðauka I.

##### b.2. Tveggja til þriggja ára starfsnám

Nemendur skulu hafa lokið námi í skóla með fullnægjandi árangri og einnig áskilinni starfsþjálfun að fullu þegar um það er að ræða. Ráðherra getur heimilað frávik frá þessari reglu ef rökstuddar ástæður eru fyrir hendi. Ekki er gerð krafa um að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi. Auk þess skulu nemendur hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum þannig að heildarnám í einstökum greinum verði ekki minna en hér greinir:

íslenska	15 ein.
enska	15 ein.
saga	6 ein.
náttúrvísindi	9 ein.
stærðfræði	6 ein.
Íþróttir	8 ein.

Fyrra nám nemenda í ofantöldum greinum kemur til frádráttar, þ. m. t. áfangar í þessum greinum sem færðir eru undir sérnám á starfsnámsbrautum.

Einnig skulu nemendur bæta við sig námi í  
3ja máli *eða* stærðfræði  
og samfélagsgreinum *eða* náttúrufræðigreinum  
*eða* íþróttagreinum

12 ein.

15 ein

Samkvæmt eigin vali. Fyrra nám í þeim námsgreinum sem hér um ræðir kemur ekki til frádráttar. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 ein. samtals. Saga og stærðfræði eru þó undanskildar frá 9 ein. reglunni. Starfsgreinar sem falla undir þessa málsgrein eru taldar upp í viðauka II.

b 3 Starfspáum sem tekur skemmri tíma en tvö ár

Nemendur sem ljúka skilgreindu námi í þessum flokki með fullnægjandi árangri og óska að halda áfram námi á annarri námsbraut geta fengið nám sitt metið með þessum hætti:

- Nám sem nemendur hafa lokið í almennum greinum kemur í öllum tilvikum til frádráttar námi í sömu greinum á þeirri braut sem nemendur innritast á.
  - Ef nemendur innritast á bóknámsbraut er viðkomandi skóla heimilt að meta sérnám þeirra til allt að 12 eininga á kjörsviði viðkomandi námsbrautar og til allt að 12 eininga í frjálsu vali. Starfsnám sem fellur undir þessa málsgrein og skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla er talið upp í viðauka III.
  - Framhaldsskólum er einnig heimilt að meta annað starfsnám samkvæmt þessari málsgrein en það sem talið er upp í viðaukanum, enda hafi námið skýrt skilgreind markmið og intak og sé formlega viðurkennt af samtökum eða fyrirtækjum.
  - Innritist nemendur hins vegar á aðrar brautir þarf að meta í hverju einstöku tilviki hvort unnt er meta sérnámið eða hluta þess sem hluta af því námi sem nemendur ætla að leggja stund á. Slíkt mat fer fram á vegum viðkomandi framhaldsskóla.

#### b.4. Listnámsbraut

Nemendur sem ljúka námi af listnámsbraut skulu bæta við sig námi samkvæmt því sem segir í lið a. eða lið b.1 hér að framan.

#### 4.4.3 Listnám.

**4.4.3 Listnámsbraut**  
Listnámsbraut er skilgreind sem þriggja ára námsbraut og veitir hún m.a. undirbúning til frekara náms í listgreinum í sérskólum eða skólum á háskólastigi. Unnt er að velja um fjórar listgreinar, þ.e. dans, hönnun, myndlist og tónlist. Á sviði hönnunar eru skilgreind kjörsviðin margmiðlunarhönnun, almenn hönnun og listhönnun. Í síðastnefnda tilvíkinu er um að ræða textílhönnun.

Skipulag kjarna á listnámsbraut er sem hér greinir:

Námsgrein	Einingafjöldi
Íslenska	9
Stærðfræði	3
Danska/norska/sænska	6
Enska	6
Félagsfræði	3
Saga	3
Náttúruvísindi	3
Listgreinar	9
Íþróttir	6
Lífsleikni	3
<b>Samtals</b>	<b>51</b>

Nám á kjörsviði nemur 45 einingum og geta nemendur valið milli ólíkra listgreina, sbr. það sem áður er sagt. Námið fer annaðhvort fram í viðkomandi framhaldsskóla eða listaskóla sem starfar eftir námskrá sem menntamálaráðuneytið samþykkir. Nemendur sem þess óska geta bætt við sig námi í bóklegum greinum og aflað sér almennra réttinda til náms á háskólastigi, sbr. það sem segir í kaflanum um viðbótarnám til stúdentsprófs.

Nám í frjálsu vali er samtals 9 einingar. Um þetta nám gildir það sama og áður er sagt um frjálst val á bóknámsbrautum.

#### 4.4.4 Starfsnám.

Starfsnám er mjög fjölbreytt og ræðst umfang, inntak og skipulag af lokamarkmiðum námsins. Meðalnámstími á starfsnámsbrautum er að jafnaði ekki lengri en fjögur ár en getur farið allt niður í eina önn. Námið er verklegt og bóklegt og fer yfirleitt fram í skóla og á vinnustað.

Lög um framhaldsskóla gera ráð fyrir að námsbrautir skiptist í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Hins vegar er um það löng hefð að starfsnámsbrautir skiptist í almennt bóknám og sérnám og er miðað við þá skiptingu í námskrárm starfsnáms. Misjafnt er eftir námsbrautum hvernig sérnámið skiptist á milli skólanáms og vinnustaðanáms. Í töflunni hér að neðan er birt yfirlit yfir nám í almennum bóklegum greinum á starfsnámsbrautum, skipt eftir lengd náms í skóla. Hér er eingöngu um að ræða þá áfanga sem eru sameiginlegir öllum brautum í viðkomandi flokki. Sem dæmi má nefna tvær námsbrautir þar sem meðalnámstími er fjögur ár. Námið á annarri brautinni er skipulagt sem þriggja anna skólanám, samtals 60 einingar (þar af 12 ein. í almennum greinum og 48 ein. í sérgreinum) og allt að 120 vikna vinnustaðanám í viðurkenndu fyrirtæki. Námið á hinni brautinni er skipulagt sem 7 anna skólanám, samtals 140 ein. (þar af 26 ein. í almennum greinum og 114 ein. í sérgreinum) og allt að 24 vikna vinnustaðanám.

Uppbygging náms á starfsnámsbrautum er í grófum dráttum sem hér greinir:

Starfsnám, ein námsönn í skóla	Starfsnám, tvær til þrjár námsannir í skóla	Starfsnám, fjórar til sjö námsannir í skóla
<b>Almennar greinar: 6 ein.</b> Íslenska ÍSL 102 Stærðfræði STÆ 2 ein. Lífsleikni LKN 101 Íþróttir ÍPR 1 ein.	<b>Almennar greinar: 11-12 ein.</b> Íslenska ÍSL 102 Stærðfræði STÆ 2 ein. Lífsleikni LKN 103 Erlend mál 2 ein. Íþróttir ÍPR 2-3 ein.	<b>Almennar greinar: 23-26 ein.</b> Íslenska ÍSL 102, 202 Stærðfræði STÆ 102 + 2 ein. Lífsleikni LKN 103 Erlend mál ENS 102, DAN 102 + 4 ein. Íþróttir ÍPR 4-7 ein.
<b>Sérgreinar: allt að 14 ein.</b>	<b>Sérgreinar: allt að 48 ein.</b>	<b>Sérgreinar: allt að 114 ein.</b>
<b>Vinnustaðanám misjafnt eftir brautum</b>	<b>Vinnustaðanám misjafnt eftir brautum</b>	<b>Vinnustaðanám misjafnt eftir brautum</b>

Par sem aðeins er talað um erlend mál í töflunni og ekki tekið fram hvort um er að ræða dönsku eða ensku er miðað við þá meginreglu að nemendur geti valið hvort tungumálið þeir taka. Í sumu starfsnámi er þó talið heppilegra m.t.t. áframhaldandi náms eða starfs, að nemendur leggi stund á annað hvort tungumálið. Þegar um slíkt er að ræða er þess getið í viðkomandi brautarlýsingu auk þess sem það skal tekið fram í skólanámskrá viðkomandi skóla.

Áhersla er lögð á að starfsnám sé þrepaskipt ef því verður komið við og að nemendur geti fengið skírteini sem vottar stöðu þeirra að loknu hverju þepi. Grunnnám byggist á námsþáttum sem eru sameiginlegir fleiri en einni námsbraut á viðkomandi starfssviði. Grunnnám getur verið frá einni upp í fjórar annir í skóla. Markmið grunnnáms er að veita nemendum innsýn í tiltekin störf og gefa þeim kost á að afla sér grundvallarfærni og þekkingar á viðkomandi sviði. Að loknu grunnnámi hefja nemendur sérnám sem leiðir til ákveðinnar sérhæfingar og hefur að lokamarkmiði að búa nemendur undir að vinna sem fullnuma starfsmenn.

Í framhaldsskóla afla nemendur sér breiðrar og alhliða færni og þekkingar á því sviði sem þeir stunda nám, en menntunin er ekki sérsonniðin að þörfum einstakra fyrirtækja á umræddu sviði. Þvert á móti er áhersla lögð á að nemendur tileinki sér það viðhorf að menntun er ævistar og að nauðsynlegt sé að halda við þekkingu sinni og færni með endurmenntun að loknu námi í framhaldsskóla.

Í grófum dráttum má skipta starfsnámi í two flokka. Í fyrsta lagi er nám sem leiðir til lögverndaðra starfsréttinda. Þetta gildir t.d. um nám á heilbrigðissviði og iðnnám. Í öðru lagi er um að ræða nám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa án þess að um sé að ræða lögvernduð starfsréttindi.

#### *Nám í löggiðum iðngreinum.*

Nám í löggiðum iðngreinum fer ýmist fram innan meistarakerfis eða verknámskerfis (nám í skóla). Í fyrra tilvikinu hefja nemendur nám sitt í fyrirtæki eða hjá meistara og eru mestan hluta námstímans í starfsþjálfun í atvinnulífinu en ljúka bóklegum hluta námsins í skóla samkvæmt gildandi námskrá. Í síðara tilvikinu innritast nemendur í skóla og leggja þar stund á grunn- og sérnám en síðan tekur vinnustaðanámið við. Nemendur sem stunda nám í meistarakerfi þurfa sjálfir að verða sér úti um námsamning hjá meistara. Á sama hátt bera nemendur sem ljúka námi í verknámskerfi sjálfir ábyrgð á því að útvega sér starfsþjálfunarpláss.

#### *Annað starfsnám.*

Peir sem óska að leggja stund á annað starfsnám innritast í skóla þar sem viðkomandi nám er í boði. Námið fer að mestum hluta fram í skólanum en auk þess er starfsþjálfun á vinnustað oftast hluti námsins. Nemendur geta innritast í sumt starfsnám strax að loknu námi í grunnskóla en í öðrum tilvikum þurfa þeir að ljúka tilteknu almennu námi í framhaldsskóla áður en þeir geta innritast í viðkomandi starfsnám. Nánari upplýsingar er að finna í námskrá fyrir námið.

#### *Starfsþjálfun á vinnustað.*

Markmið starfsþjálfunar á vinnustað er að gera nemendum kleift að afla sér frekari færni í þeim vinnubrögðum sem kennid eru í skóla og að læra nýja tækni og aðferðir. Á vinnustað lara nemendur að vinna undir stjórn annarra og að ná markmiðum um afköst, vörugæði og hagkvæmni í framleiðslu. Peir þjálfast í mannlegum samskiptum á vinnustað, sjálfstæðum vinnubrögðum, að taka eigin ákvæðanir og að laga sig að starfshefðum og vinnutakti viðkomandi vinnustaðar. Starfsþjálfun í fyrirtækjum hefur þann kost, umfram nám í skóla, að þjálfa nemendur við aðstæður sem eru um margt sambærilegar þeim sem taku við að loknu námi.

Námskrám starfsnáms fylgja lýsingar á vinnustaðanámi þar sem gerð er grein fyrir æskilegu skipulagi, markmiðum námsins, taldir upp verkþættir sem námið nær til, hvert eftirlit er með framkvæmd þess og hvaða skilyrði fyrirtækji eða stofnanir þurfa að uppfylla til þess að fá að hafa nemendur í starfsþjálfun. Hverjum nemanda fylgir ferilbók sem hefur þann tilgang að veita stuðning og aðhald í náminu.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Lýsingar fyrir vinnustaðanám eru aðeins til í sumum greinum og eru í vinnslu fyrir aðrar greinar.

Sérstakur námssamningur er gerður um alla starfsþjálfun í atvinnulífinu.

#### 4.4.5 Almenn námsbraut.

Hver skóli skipuleggur nám á almennri námsbraut og skilgreinir í skólanámskrá. Ekki eru skilgreind inntökuskilyrði á brautina en mikilvægt er að nemendum standi til boða öflug náms- og starfsráðgjöf.

Nemendur sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám í framhaldsskóla og nemendur sem lokið hafa grunnskólaprófi en uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskólans geta innritast á almenna námsbraut.

Markmið námsins er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinum og jafnframt að gefa nemendum tækifæri til að glíma við önnur viðfangsefni í námi, að hluta til að eigin vali.

Námið getur tekið eitt til tvö ár og miðast við þarfir einstakra nemenda og möguleika viðkomandi skóla til að koma til móts við þær. Skólameistari ber ábyrgð á innritun í námið svo og hvernig brautskráningu er háttáð.

Nemendur geta innritast á almenna námsbraut með mismunandi þarfir í huga. Suma þeirra vantar ef til vill aðeins herslumun í kjarnagreinum til þess að geta haldið áfram námi á öðrum brautum innan skólans en aðrir þurfa að bæta verulega við sig eftir nám í grunnskóla til þess að geta haldið áfram námi. Mikilvægt er að veita nemendum leiðsögn og aðstoð og hvetja þá til að velja sér viðfangsefni sem þeir ráða við og höfða til þeirra. Því er nauðsynlegt að nemendum standi til boða val að einhverju marki í öðru en hefðbundnum bóknámsgreinum. Með þeim hætti má ef til vill fremur virkja áhuga þeirra á áframhaldandi námi.

#### 4.4.6 Nám í sérdeild.

Fatlaðir nemendur skulu stunda nám með öðrum nemendum skóla eftir því sem aðstæður leyfa.

Nemendur sem ekki hafa tök á að stunda nám á skilgreindum námsbrautum framhaldsskóla eða á almennri námsbraut geta innritast í sérdeild. Þess skal gætt að þeir einangrist ekki heldur skal leitast við að tryggja eðlilegan samgang milli allra nemenda. Nemendum í sérdeildum stendur til boða tveggja til fjögurra ára nám.

Kennsla nemenda í sérdeild byggist á rökstuddri námsáætlun fyrir nemendahóp eða einstakling. Námsáætlunin skal byggð á námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla. Tilgreind skulu langtíma- og skammtímamarkmið með kennslunni.

### 5. Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði fela í sér að nemendur þurfa að hafa náð lágmarksárangri í tilteknum greinum til að geta innritast á námsbrautir framhaldsskóla aðrar en almenna námsbraut. Innökuskilyrði miðast við námsárangur á samræmdum prófum og skólaprófum. Við mat á umsóknum er reiknuð viðmiðunareinkunn sem er meðaltal einkunnar á samræmdu prófi og skólaeinkunnar. Miðað við framangreindar forsendur hafa verið settar reglur um inntöku nemenda í framhaldsskóla og fara helstu ákvæði þeirra hér á eftir. Sjá einnig reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla.

- Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.
- Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla en hafa ekki þreytt samræmd grunnskólapróf eða uppfylla ekki eftirfarandi skilyrði um innritun á einstakar brautir eiga kost á að hefja nám í sérdeild eða á almennri námsbraut. Á almennri námsbraut geta nemendur m.a. valið nám sem gerir þeim kleift að bæta fyrri námsárangur í bóklegum greinum og aflað sér þannig undirbúnings til náms á öðrum brautum.

- Nemendur, sem lokið hafa skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunn-skóla, þ.m.t. samræmdum prófum a.m.k. í íslensku og stærðfræði og fengið tilskilda lágmarkseinkunn eða hærrí viðmiðunareinkunn í þessum greinum, geta innritast á skilgreindar brautir framhaldsskóla svo fremi að ekki séu gerðar viðbótarkröfur um árangur í öðrum greinum.
- Til að hefja nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla þurfa nemendur að uppfylla kröfur um viðmiðunareinkunn í ákveðnum lykilgreinum. Þessar greinar eru:  
*málabraut:* íslenska, enska, danska og stærðfræði  
*náttúrufræðibraut:* íslenska, stærðfræði, náttúrufræði og enska  
*félagsfræðabraut:* íslenska, enska, samfélagsgreinar og stærðfræði
- Til að hefja nám á listnámsbraut þurfa nemendur að hafa fengið ákveðna viðmiðunareinkunn í íslensku og stærðfræði ásamt því að hafa lagt stund á listnám í grunn-skóla eða sérskóla með fullnægjandi árangri að mati viðtökuskóla eða sýnt með öðrum hætti að námið henti þeim.
- Skólameistari getur heimilað nemendum, sem uppfylla ekki inntökuskilyrði brautar, að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef hann telur líkur á því að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur á brautinni, enda hafi nemendum sem uppfylla inntökuskilyrðin ekki verið hafnað. Auk þess er skólameistara heimilt skv. 15. gr. laga um framhaldsskóla að veita nemendum sem orðnir eru 18 ára inngöngu á einstakar brautir framhaldsskóla þótt þeir uppfylli ekki lágmarks kröfur um námsáangur við lok grunnskóla.

Vilji nemendur tryggja sér rétt til náms á öllum námsbrautum þurfa þeir að ná viðmiðunareinkunn í öllum námsgreinum sem prófað er í samræmt við lok grunnskóla.

## 6. Skólanámskrá.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla er hverjum skóla skylt að gefa út skólanámskrá og uppfæra hana reglulega. Skólanámskrá er unnin af starfsmönnum skólans undir stjórn skólameistara. Hún er í senn stefnuskrá og starfsáætlun skóla og er bindandi fyrir starfsmenn hans. Skólanámskrá á að lýsa starfi viðkomandi skóla, sérkennum hans og sérstöðu. Par skal gerð grein fyrir námsframboði, lengd og inntaki námsbrauta og skiptingu námsgreina á námsannir eða námsá.

Í skólanámskrá útfærir skóli nánar ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár og birtir verklagsreglur skólans. Í skólanámskrá skulu einnig birtar samskipta- og siðareglur skóla; þar á meðal annars að birta reglur um samskipti starfsmanna við aðila utan hans. Einneig skulu vera í skólanámskrá almenn ákvæði um það hvernig tekið skuli á málum sem upp koma.

### 6.1 Inntak skólanámskrár.

Í skólanámskrá skal skóli gera grein fyrir því með hvaða hætti hann hyggist gegna hlutverki sínu samkvæmt 2. gr. laga um framhaldsskóla, m.a. hvernig hann ætli að „stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búinir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi“, sbr. einnig 2. kafla hér að framan. Par skal einnig gerð grein fyrir áherslum í starfi skólans, kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum, náms- og starfsráðgjöf, svo og gæðastjórnun.

Í skólanámskrá skulu settar fram meginhugmyndir og viðmið við val kennslu- og námsmatsaðferða og skipulagsháttu, val námssefnis o.fl.

Auk þess sem tekið er mið af lögum og reglugerðum um framhaldsskóla, skulu önnur lög, reglugerðir og reglur hafðar til hliðsjónar við gerð skólanámskrár eftir því sem efni standa til og nauðsyn krefur, meðal annars um jafnan rétt allra til náms.

Í skólanámskrá skal m.a. gerð grein fyrir:

- stefnu skólans, framtíðarsýn og sérstöðum/sérstökum áherslum, t.d. með hliðsjón af staðháttum í nánasta umhverfi skólans eða þjónustu við tiltekna markhópa
- kennslufræðilegri stefnu skólans, skipulagi kennslu og kennsluaðferðum og stuðningi við nemendur sem þurfa á aukinni þjónustu að halda
- starfsáætlun skólans, m.a. árlegum starfstíma og skóladagatali
- námsframboði skólans og námsbrautum sem í boði eru
- útfærslu á markmiðum og inntaksþáttum aðalnámskrár á einstökum námsbrautum
- tilhögun námsmats, reglum sem um það kunna að gilda, hvers konar vitnisburður er gefinn og á hvaða grunni hann byggist
- skólareglum, byggðum á aðalnámskrá framhaldsskóla sem m.a. skulu kveða á um réttindi og skyldur skóla og nemenda og reglur um skólasókn. Einnig skal kveðið á um umgengni, samskipti og hegðun nemenda í skóla, á samkomum á vegum skóla og á heimavist. Þá skal veita upplýsingar um viðurlög við brotum á skólaareglum
- þjónustu við langveika nemendur
- sérstökum viðfangsefnum, svo sem áfengis- og vímuvörnum
- áherslum skólans í umhverfismennt
- stefnu skólans í jafnréttismálum og hvernig hún birtist í daglegu starfi hans, greinabundinni kennslu og almennri jafnréttisfræðslu
- aðbúnaði, aðstöðu og almennri þjónustu við nemendur
- tilhögun félagsstarfs á vegum skólans
- tilhögun heilsugæslu
- starfsliði skólans, menntun þess og starfsreynslu
- samskiptum við foreldra/forráðamenn nemenda undir lögræðisaldri
- samskiptum við aðra skóla hérlandis og erlendis eftir því sem við á
- samstarfi við aðila á vinnumarkaði eftir því sem við á

Skólar skulu leitast við að koma upplýsingum um nám og skólastarf á framfæri með aðgengilegum hætti, t.d. með birtingu upplýsinga á heimasíðu.

## **7. Um réttindi og skyldur skóla og nemenda.**

### *7.1 Innritun nemenda og þjónusta.*

Nemandi og forráðamaður hans undirrita umsókn um skólavist ef nemandi er yngri en 18 ára. Eldri nemendur undirrita umsóknir sínar einir. Undirritun umsóknar er staðfesting þess að nemandinn hafi kynnt sér námsfyrirkomulag skólans og muni virða reglur hans um hegðun, ástundun og skólasókn. Skólinn tilkynnir nemandanum eins fljótt og verða má hvort hann fær skólavist eða ekki. Fái nemandi jákvætt svar er greiðsla innritunargjalds endanleg staðfesting á því að hann muni þiggja skólavist og hlíta reglum skólans.

Pjónusta, sem nemendum stendur til boða, auk kennslu, án sérstaks endurgjalds er eftirfarandi: a) aðgangur að bókasafni og þjónustu bókasafns- og upplýsingafræðinga, b) þjónusta námsráðgjafa, c) aðstoð og þjónusta umsjónarkennara, d) skólanámskrá og kennsluáætlunarir, stundatafla, fjarvistayfirlit og námsferill, e) aðgangur að lesstofu og tölvuveri.

Fatlaðir nemendur eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi. Stuðninginn geta sérhæfðir starfsmenn veitt eða aðstoðarfólk en hann getur líka verið í formi tækjabúnaðar.

### *7.2 Skólasókn.*

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Í skólanámskrám einstakra skóla skal gerð nánari grein fyrir reglum um skólasókn. Þar skal m.a. koma fram hvernig fjarvistir nemenda vegna veikinda og annarra óhjákvæmilegra forfalla

eru meðhöndlaðar. Sömuleiðis skal gerð grein fyrir viðurlögum við brotum á skólasóknarreglum.

Fjarvera vegna staðfestra veikinda og/eða læknismeðferðar nemenda útilokar þá ekki frá því að gangast undir próf í lok námsannar eða skólaárs. Leitast skal við að finna viðunandi leið að námslokum fyrir langveika nemendur.

Skólum er heimilt að meta skólasókn nemenda til einkunnar og/eða námseininga eftir frekari reglum er yfirstjórn skóla setur. Einingar sem samkvæmt þessu verða gefnar fyrir góða skólasókn má taka af frjálsu vali nemenda en bætast ella við tilskilinn einingafjölda við námslok. Við setningu reglna um þetta efni skal taka sérstakt tillit til langveikra nemenda og nemenda sem eru tímabundið fjarverandi frá skóla vegna veikinda eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Skólum er heimilt að meta til eininga umfangsmikil störf á vegum nemendafélags, svo sem formennsku í félaginu og setu í stjórn þess, formennsku í félögum eða klúbbum sem starfa á vegum nemendafélags, ritstjórn skólablaðs, þátttöku í keppni á borð við keppnina „Gettu betur“ svo og annað framlag til skólastarfsins af líkum toga sem talið er vert sérstakrar viðurkenningar með námseiningum. Einingar sem gefnar eru samkvæmt þessari heimild má taka af frjálsu vali nemenda en bætast ella við tilskilinn einingafjölda við námslok.

### *7.3 Skráning nemenda í próf og brotthvarf frá námi.*

Um leið og nemandi skráir sig í áfanga/bekk samþykkir hann þá tilhögun námsmats sem námsgreininni fylgir og birt er í kennsluáætlun/skólanámskrá. Skólar auglýsa frest til breyttinga á skráningu og stundatöflum í byrjun annar eða námsárs.

Nemandi sem hyggst hætta í áfanga eða segja sig úr skóla eftir að frestur til töflubreytinga er liðinn, skal tilkynna skólanum það skriflega og er hann þá skráður hættur tiltekinningdag. Gert er ráð fyrir að skráð sé lokadagsetning þeirra sem hætta af öðrum ástæðum á tíma-bilinu frá því að frestur til töflubreytinga rennur út og fram að prófum, svo sem vegna ófullnægjandi skólasóknar eða brottvikningar. Aðrir nemendur koma fram á prófalistum jafnvel þótt þeir mæti ekki til prófs, uppfylli ekki kröfur símats eða standist ekki prófkröfur. Peir sem ekki mæta til prófs fá vitnisburðinn 0.

Skólameistari getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum ef aðstæður nemenda breytast, t.d. vegna langvarandi veikinda, slysara eða dauðsfalla í fjölskyldu.

### *7.4 Kennsluáætlanir og námsmat.*

Í upphafi annar/skólaárs skulu nemendur fá í hendur kennsluáætlun í hverjum áfanga sem er í stundatöflu þeirra. Í kennsluáætlun á að vera lýsing á áfanganum, upplýsingar um námsgögn, kennsluaðferðir og námstílhögun, verkefnaskil nemenda og vægi lokaprófs og annarra þátta í námsmati. Nemendum skal gerð grein fyrir því hvaða aðferðum er beitt við námsmat, t.d. hvort beitt er símati, verkefni á námstímanum metin svo og tilhögun lokaprófs.

### *7.5 Reglur um námsframvindu.*

Miðað er við að nemendur í fullu námi á bóknámsbrautum ljúki 17 - 18 einingum á önn eða því sem næst. Á starfsnámsbrautum er hins vegar miðað við að nemendur ljúki um 20 einingum á önn. Eftirfarandi reglur eru til hliðsjónar við skipulag og starfshætti framhaldsskóla. Skólastjórnendur útfæra nánar framkvæmd reglnanna í skólanámskrám.

Skipuleggja skal námsframboð þannig að nemendur í fullu námi geti lokið námi á tiltekinni námsbraut innan þeirra tímamarka sem skilgreind eru fyrir hana.

#### *Áfangaskólar.*

1. a. Nemandi í fullu námi skal ljúka 9 einingum á önn hið minnsta eða ná fullnægjandi

námsrángri í námi sem svarar til 18 kennslustunda á viku og telst hann annars fallinn á viðkomandi önn. Skólum er heimilt að víkja frá þessu lágmarki á fyrstu önn. Skólum er einnig heimilt að miða við að nemendur ljúki 18 einingum á tveimur önnum. Skóla er ekki skyld að endurinnrita nemanda hafi hann fallið á tveimur önnum í röð.

- b. Falli nemandi á önn á hann rétt á að láta þá áfanga gilda þar sem hann hefur fengið einkunnina 7 eða hærra.
- c. Nemanda er heimilt að þreyta próf þríegis í sama áfanga.
- d. Reglulegt nám til stúdentsprófs skal taka 11 annir mest og reglulegt tveggja ára nám 7 annir mest.
2. Ef fall í einum áfanga á lokaönn í áfangaskóla kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast með lokaprófi skal leyfa honum að taka upp próf í þeim áfanga í lok sömu annar.
3. Nemandi sem fær einkunnina 8 eða meira í námsáfanga getur sótt um til skólameistara að stunda nám í næsta áfanga í greininni án þess að sækja kennslustundir (P-áfangi).
4. Til að standast próf í áfanga og fá leyfi til að hefja nám í næsta áfanga þarf lágmarks-einkunnina 5. Þó er nemanda heimilt að útskrifast með einkunnina 4 ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Þessir áfangar gefa ekki einingar.

#### *Bekkjarskólar.*

Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi þegar hann hefur gengist undir lokapróf í öllum námsgreinum sínum og fullnægt eftirfarandi lágmarkskröfum um einkunnir:

1. Aðaleinkunn, þ.e. meðaltal lokaеinkunna, að lágmarki 5,0.<sup>2</sup>
2. Prófseinkunn í hverri grein ekki lægri en 4.

Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi þótt tvær prófseinkunnir séu undir ofangreindu lágmarki en þó ekki lægri en 2.

Ef fall í einni námsgrein í bekkjarskóla kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast með lokaprófi skal leyfa honum að taka upp próf í þeirri námsgrein í lok skólaársins.

Til þess að standast próf í einstökum námsgreinum þarf nemandi að fullnægja eftir-töldum skilyrðum:

1. Vorannareinkunn a.m.k. 4,0.
2. Lokaеinkunn, þ.e. meðaltal haustannar- og vorannareinkunnar, að lágmarki 4,0.

Til þess að geta flust án frekari skilyrða á milli námsára þarf nemandi að fullnægja lág-marksskilyrðum um lokaеinkunn, þ.e. 4,0, og aðaleinkunn þarf að vera 5,0 eða haerr.

Nemandi í bekkjarskóla sem hefur aðaleinkunn 5,0 eða hærri í lok skólaárs en hefur hlotið lokaеinkunn undir lágmarki í tveimur greinum, þ.e. undir 4,0, hefur heimild til þess að þreyta endurtökupróf í námsefni vetrarins við lok skólaárs. Nemandi telst hafa staðist endurtökupróf ef lokaеinkunn hans í námsgreininni er að lágmarki 4,0 og hefur þá öðlast rétt til þess að flytjast milli námsára. Ef nemandi er með þrjár lokaеinkunnir eða fleiri undir 4,0 telst hann fallinn á skólaárinu.

Ef nemandi fellur á öðru endurtökuprófinu er heimilt að flytja hann milli bekkja einu sinni á námsferlinum ef einkunn hans er ekki lægri er 2 og námsgreinin ekki aðalgrein á námsbraut hans samkvæmt skilgreiningu viðkomandi skóla.

Ef nemandi endurtekur bekk þarf hann ekki að sækja kennslustundir í þeim greinum sem hann hefur náð einkunninni 7 eða hærra.

#### *7.6 Mat á námi úr öðrum skólum, óformlegu námi og starfsreynslu.*

Pegar nemandi flyst á milli skóla sem starfa skv. aðalnámskrá framhaldsskóla og skráir sig þar á tiltekna námsbraut fær hann viðurkennda þá áfanga sem hann hefur lokið með full-

<sup>2</sup> Sumir bekkjarskólar nota vegið meðaltal en aðrir ekki.

nægjandi árangri svo framarlega sem þeir eru skilgreindur hluti af þeirri braut sem hann innritast á. Áfanga sem kunna að falla utan brautarinnar má meta sem valgreinar.

Staða nemanda sem hér á hlut að máli breytist ekki við það að hann flytjist á milli skóla hvað varðar fjölda staðinna áfanga og fjölda eininga sem hann hefur áunnið sér. Viðtökuskóli skal því virða sérreglur þess skóla sem nemandinn kemur frá í atriðum sem kunna að hafa áhrif á einingastöðu nemandans. Nám úr öðrum skólum er metið með einkunn, þ.e.a.s. einkunn flyst með nemandanum.

Heimilt er að láta þess getið á prófskírteini ef nám er metið úr öðrum skóla.

Skólameistarar framhaldsskóla bera ábyrgð á að meta fyrra nám nemenda, hvort sem um formlegt eða óformlegt nám er að ræða. Með óformlegu námi er vísað til þekkingar eða færni sem aflað hefur verið á annan hátt en með formlegri skólagöngu, svo sem á námskeiðum hjá fræðsluaðilum er starfa á eigin vegum, eða með reynslu sem aflað er við störf á vinnumarkaði. Við matið skal ekki leita eftir því að fyrra nám sé nákvæmlega það sama og skilgreint er í námskrá heldur skal leggja áherslu á að athuga hvort ekki sé hægt að meta námið sem jafngilt og hvort nemandinn hafi forsendur til að ljúka náminu. Nemandi á þess kost að fá metna starfsreynslu sem hann hefur aflað sér fyrir upphaf starfsnáms. Matið getur leitt til þess að hann verði undanþeginn námi í einstökum verklegum áföngum og/eða að hann fær styttingu á þeim hluta námsins sem fer fram í verklegri þjálfun á vinnustað. Leiki vafi á hvernig rétt sé að meta nám er eðlilegt að láta nemandann njóta vafans eða vísa honum í stöðupróf. Tilgangur stöðuprófa er að gera viðkomandi kleift að sanna þekkingu sína í tiltekinni grein eða á tilteknu sviði. Með þessum hætti geta nemendur fengið viðurkennda þekkingu og reynslu sem þeir búa yfir og ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla og stytt þannig tíma sinn til lokaprófs.

Menntamálaráðuneytið felur framhaldsskólum að annast framkvæmd stöðuprófa og eru þau haldin tvisvar á ári eða eftir því sem tilefni er til.

Nemendur sem ljúka framhaldsprófi tónlistarskóla geta fengið námið metið sem fullgilt kjörsviðsnám á listnámsbraut, þ.e. 45 einingar. Sama gildir um þá sem lokið hafa fullgildum miðprófum í tveimur tónlistargreinum og framhaldsprófi í tónfræðigreinum.

Heimilt er að meta tónlistarnám á miðstigi eða ofar til allt að 12 eininga á kjörsviði bóknámsbrauta. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi áður lokið grunnprófi tónlistarskóla að fullu.

Skólameistara er heimilt að meta nám í hljóðfaraleik/söng og tónfræðigreinum á grunnstigi tónlistarskóla, að hámarki 8 einingar, til eininga í frjálsu vali á bóknámsbrautum.

Nemandi, sem stundar umfangsmikla líkamsþjálfun á vegum sérsambands og/eða íþróttafélags undir stjórn sérmenntaðs þjálfara, íþróttafraeðings eða kennara samhliða námi í framhaldsskóla, getur óskað eftir því að skólameistari veiti honum undanþágu frá vissum áföngum eða áfangahlutum í íþróttum, líkams- og heilsurækt.

### *7.7 Nám utan skóla.*

Skólameistari getur veitt nemanda heimild til að stunda nám sitt utan skóla. Um utan-skólanemendur gilda sömu námskröfur og um aðra nemendur skólans. Utanskólanemendur fá að jafnaði ekki að sækja kennslustundir nema um sé að ræða æfingar sem þeim er skylt að ljúka en þeir skulu standa skil á verkefnum, skýrslum og ritgerðum í samráði við viðkomandi kennara. Sumar greinar eru þess eðlis að ekki er hægt að stunda nám í þeim utan skóla. Almennar upplýsingar um utanskólanám skulu birtar í skólanámskrá.

### *7.8 Reykingar og vímuefni.*

Reykingar eru óheimilar í húsnæði og á lóð framhaldsskóla. Einnig er öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna stranglega bönnuð í húsakynnum skóla. Framhaldsskólar skulu móta stefnu í áfengis- og vímuefnavörnum og birta í skólanámskránum sínum.

## 8. Um námsmat og próf.

Tilgangur námsmats er að kanna að hve miklu leyti nemendur hafa tileinkað sér markmið aðalnámskrár (skólanámskrár) í viðkomandi grein. Námsmat getur farið fram með mismunandi hætti eftir ákvörðun skóla. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við umfang kennslu í viðkomandi grein. Kennrarar bera ábyrgð á námsmati og þeir meta úrlausnir nemenda.

Skólar skulu leitast við að leggja fram próftöflu áður en frestur til breytinga á stundatöflum rennur út. Á sama tíma skal auglýsa sjúkrapróf í einstökum námsáföngum.

### 8.1 Próf.

Vægi spurninga skal koma fram á prófverkefni. Kennari eða staðgengill hans í lög-mætum forföllum kennara skal koma á prófstað í skriflegum prófum sem hann stendur fyrir en ef því verður ekki við komið skal vera unnt að ná í hann á meðan á prófi stendur. Ef kennari verður var við almenn vafaatriði hjá nemendum í prófi þá skal hann greiða úr þeim í heyranda hljóði ef aðstæður leyfa. Í skólanámskrám skulu prófreglur útfærðar sérstaklega.

Að loknu prófi skulu nemendur eiga þess kost að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara í síðasta lagi innan þriggja daga frá afhendingu einkunna. Ef fram kemur skekkja í mati eða einkunnagjöf skal slíkt leiðrétt svo fljótt sem verða má og niðurstaðan birt viðkomandi nemanda án tafar.

Nemendur sem stefna að því að ljúka stúdentsprófi þurfa að taka samræmd próf í a.m.k. tveimur greinum. Um einstök atriði er varða prófin vísast til reglugerðar um fyrikomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprofa í framhaldsskólum.

#### 8.1.1 Veikindi í prófi.

Nemanda sem veikist og getur þar af leiðandi ekki þreytt próf ber að tilkynna um veikindi sín samdægurs til skrifstofu skólans í samræmi við gildandi skólastreglur. Veikist nemandi í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn nemandans.

Nemandi sem hefur orðið fyrir slysi eða veikst á próftímanum hefur rétt til þess að taka sjúkrapróf. Sækja skal skriflega um sjúkrapróf eftir þeim reglum sem hver skóli setur. Sjúkrapróf skulu haldin innan tveggja vikna frá því að próf var haldið. Ef nemandi kemst ekki í sjúkrapróf vegna veikinda eða slysvara hefur hann heimild til þess að þreyta sjúkraprófið síðar. Hafa skal samráð við nemanda um tímasetningu slíks sjúkraprófs.

#### 8.1.2 Einkunnagjöf.

Einkunnir í framhaldsskólum skulu gefnar í heilum tölum frá 1 til 10 og skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar um merkingu þeirra:

Einkunn 10 víesar til þess að 95-100% markmiða var náð

-	9	-	85- 94% markmiða var náð
-	8	-	75- 84% markmiða var náð
-	7	-	65- 74% markmiða var náð
-	6	-	55- 64% markmiða var náð
-	5	-	45- 54% markmiða var náð
-	4	-	35- 44% markmiða var náð
-	3	-	25- 34% markmiða var náð
-	2	-	15- 24% markmiða var náð
-	1	-	0- 14% markmiða var náð

### 8.1.3 Frávik frá prófareglum.

Nemendur sem eiga við að etja fötlun og/eða sértaða námserfiðleika þurfa ekki aðeins sérstaka aðstoð í námi heldur er oft óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir varðandi próf og annað námsmat og ber skólum að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi nemenda í þessu efni.

Fatlaðir og langveikir nemendur, nemendur með lesrökun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um frávik frá hefðbundnu námsmati. M.a. getur verið um að ræða lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð í prófum og munnleg próf. Þá ber einnig að hafa í huga aðrar aðferðir við að meta námsárangur þessara nemenda heldur en þær sem almennt eru notaðar í skólum.

### 8.1.4 Um birtingu einkunna.

Meðferð og birtingu einkunna ber að haga í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og reglum Persónuverndar. Því er skólum óheimilt að birta einkunnir einstakra nemenda undir nafni, kennitölu eða öðru skráningaráuðkenni sem hægt er að persónugreina nema fyrir liggi skrifleg heimild viðkomandi nemanda.

### 8.1.5 Varðveisla prófúrlausna.

Skólar skulu varðveita allar prófúrlausnir í eitt ár. Að þeim tíma liðnum ber skólameistari ábyrgð á að eyða öllum skriflegum prófúrlausnum. Próftaki getur fengið að sjá prófúrlausn sína ef hann leggur fram beiðni um það innan árs frá því að niðurstöður prófs voru birtar. Einnig getur hann fengið ljósrit af prófúrlausn sinni ef hann óskar þess.

Þeir sem þess óska geta fengið afhent eintök af prófverkefnum skóla - eftir að próf í viðkomandi grein hefur verið breytt, sbr. upplýsingalög nr. 50/1996.

## 8.2 Staðall fyrir prófskírteini.

Prófskírteini er prentað á lögígiltan skjalapappír eða annan gæðapappír þar sem fram kemur merki skóla og heiti.

Á prófskírteini eru skráðar eftirfarandi lágmarksupplýsingar. Einstakir skólar geta bætt við upplýsingum telji þeir þörf á.

- nafn og kennitala nemanda
- námsbraut, skipting í kjarna, kjörsvið og frjálst val eða önnur sundurliðun skv. námskrá viðkomandi námsbrautar
- heiti prófgráðu og lengd náms í árum
- einstakar námsgreinar
- skammstöfun og númer áfanga
- einkunnir úr hverjum áfanga sem lokið er með fullnægjandi árangri
- heildarfjöldi eininga í námsgrein
- heildarfjöldi eininga á námsbraut
- skólasóknareinkunn eða vitnisburður um ástundun
- undanþága frá áfanga/áföngum
- dagsetning prófskírteinis
- undirritun skólameistara og stimpill skóla

Ljúki nemandi af starfsnámsbraut stúdentsprófi með viðbótarnámi skal þess sérstaklega getið og viðbótarnáminu haldið aðgreindu.

Handhafi prófskírteinis getur fengið gefna út þýðingu þess á ensku ef hann óskar. Framhaldsskóli sá sem útskrifar nemandann annast gerð slískrar þýðingar.

Heiti og hugtök í prófskírteini skulu byggjast á hugtakanotkun aðalnámskrár framhaldsskóla.

Prófskírteinum starfsnámsbrauta skal fylgja viðauki á ensku sem skýrir helstu upplýsingar er fram koma á skírteininu. Viðaukinn er einkum ætlaður erlendum aðilum sem fá prófskírteinið í hendur til skoðunar vegna umsóknar viðkomandi nemanda um inngöngu í skóla eða um starf á erlendri grund. Viðaukinn er birtur á heimasíðu menntamálaráðuneytisins sem annast gerð hans.

Óski framhaldsskóli af einhverjum ástæðum eftir frávikum frá ofangreindu sækir hann til menntamálaráðuneytisins um slíka undanþágu með rökstuðningi.

Skóla er skyld að varðeita afrit prófskírteina í tryggri hirslu í samræmi við ákvæði laga um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985.

## **9. Undanþágur og frávik.**

### *9.1 Undanþágur og frávik frá einstökum námsgreinum eða námsáföngum.*

Fatlaðir nemendur, langveikir og nemendur með sértæka lesröskun (lestrar- og skriftar-örðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum enda sé fullreynt að mati skóla að viðkomandi nemandi geti ekki náð tökum á námsefninu vegna skilgreindra annmarka sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá.

Nemendur geta einnig sótt um undanþágu til skólameistara frá einni námsgrein ef þeir eiga við það mikla námsörðugleika að striða að þeir geta ekki náð tökum á námsefninu þrátt fyrir endurteknar tilraunir og þrátt fyrir sérstaka aðstoð frá viðkomandi skóla. Slískir náms-örðugleikar skulu staðfestir af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Nemendur sem fá undanþágu samkvæmt þessu skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Íslenskir nemendur sem dvalið hafa langdvölum erlendis geta sótt um að stunda nám í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá. Peim skal einnig gefinn kostur á að taka stöðupróf í íslensku þar sem því verður við komið.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá. Sama gildir um heyrnarlausum nemendur.

Nemendur sem hafa dvalið utan Norðurlanda á grunnskólaaldri geta sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál.

Nemendur sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Peir skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Áður en undanþága er veitt skal skólameistari gera nemendum grein fyrir því að undanþágan gæti skert möguleika þeirra til náms í skólum á háskólastigi eða möguleika til starfa á viðkomandi starfssviði ef um starfsnám er að ræða.

Á prófskírteini nemenda skal gera sérstaka grein fyrir undanþágum sem veittar eru samkvæmt framansögðu.

### *9.2 Undanþágur fyrir afreksfólk í íþróttum.*

Afreksíþróttamaður telst sá sem valinn hefur verið í unglingslandslið eða landslið viðkomandi íþróttareinar eða sá sem hefur verið valinn til þátttöku og/eða undirbúnings fyrir Norðurlandamót, Evrópumeistaramót, heimsmeistaramót eða Ólympíuleika í sinni íþróttagrein.

Pegar staðfesting á fyrirhugaðri þátttöku nemandans í íþróttaverkefnum liggur fyrir er mælt með því að skólastjórnendur geri sérstakan samning við hann um þær undanþágur sem á þarf að halda, s.s. um skólasókn nemandans, verkefnaskil og próftöku. Viðkomandi sér-samband/landsliðsþjálfari/landsliðsnefnd skal leggja fram staðfesta áætlun um þátttöku íþróttamannsins í íþróttaverkefnum fyrir upphaf skólaárs eða námsannar.

Komið skal til móts við afreksíþróttafólk á þann hátt að fjarvera þess á námstíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða landsliðs í viðkomandi íþróttagrein, reiknast ekki inn í skólasóknareinkunn nemenda. Komið skal til móts við afreksíþróttafólk á þann hátt að fjarvera þess á prófatíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða á vegum landsliðs í viðkomandi íþróttagrein, útiloki ekki nemendur frá því að gangast undir námsmat í lok skólaárs eða námsnarr. Leitast skal við að gefa nemandanum tækifæri til að ljúka prófum eða lokaverkefnum eftir því sem við verður komið.

## **10. Um meðferð persónulegra upplýsinga.**

### *10.1 Meðferð gagna.*

Gögn í vörlu skóla sem hafa að geyma persónulegar upplýsingar um nemendur skal farið með í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og ákvæði upplýsingalaga nr. 59/1996 eftir því sem við á. Starfsfólk í framhaldsskóla er bundið trúnaði og óheimilt er að veita persónulegar upplýsingar um nemanda án samþykkis þess sem í hlut á og foreldra/forráðamanna ef um er að ræða nemanda yngri en 18 ára.

### *10.2 Upplýsingaskylda gagnvart nemendum, foreldrum/ forráðamönnum.*

Þegar nemandi hefur náð sjálfræðisaldri er einungis heimilt að veita honum sjálfum, eða þeim sem nemandinn veitir skriflegt umboð, upplýsingar um mál er varða hann persónulega.

Óski foreldrar/forráðamenn nemanda sem er yngri en 18 ára eftir upplýsingum frá framhaldsskóla um námsframvindu, skólasókn eða annað sem tengist barni þeirra sérstaklega, þá ber skólastjórnendum að veita þær upplýsingar.

Ef brot ólögráða nemanda gegn skólareglum felur það í sér að veita verður honum skriflega viðvörun/áminningu ber skólastjórnendum jafnframt að tilkynna foreldri/forráðamanni skriflega um áminninguna.

Skólastjórnendur skulu leitast við að koma á skipulegum tengslum við foreldra/forráðamenn nemenda og kynna þeim m.a. skólanámskrá, skólareglur, skipulag og markmið skólaus.

## **11. Meðferð mála.**

Leitast skal við að leysa ágreiningsmál innan skóla. Miðað skal við að umsjónarkennarar og námsráðgjafar séu hafðir með í ráðum við lausn ágreiningsmála sem varða skjölstæðinga þeirra. Ágreiningsmálum sem varða einstaka nemendur og ekki leysast í samskiptum einstaklinga skal vísa til skólaráðs. Veita skal nemanda viðvörun áður en til refsingar kemur nema brotið sé þess eðlis að því verði ekki við komið, svo sem brot á almennum hegningarlögum. Áminningar vegna brota á skólareglum eiga að vera skriflegar þar sem fram kemur m.a.:

- tilefni áminningar og þau viðurlög sem fylgja í kjölfarið brjóti nemandi aftur af sér
- að nemanda sé gefinn kostur á að andmæla áminningu og skal tímafestur hans til þess tilgreindur

Framhaldsskólar skulu hafa feril máls skráðan þegar ágreiningsmál koma upp innan skólans eða þegar um brot á skólareglum er að ræða. Við meðferð mála skal sérstaklega gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og upplýsingalaga nr. 50/1996. Leitast skal við að afgreiða brot á skólareglum með skjótum hætti.

### *11.1 Samskipti nemenda og starfsfólks framhaldsskóla.*

Rísi ágreiningur milli nemenda, kennara og/eða annarra starfsmanna framhaldsskóla og

takist hlutaðeigandi ekki að finna lausn á málinu skal því vísað til skólameistara. Uni máls- aðilar ekki niðurstöðu skólameistara má vísa málinu til menntamálaráðuneytisins.

Komi fram kvartanir eða kærur vegna samskipta nemanda/nemenda og skólameistara og takist ekki að leysa málið innan skólans skal því vísað til úrlausnar menntamálaráðuneytisins.

Telji nemandi eða forráðamenn hans, sé nemandinn yngri en 18 ára, að brotið hafi verið á rétti nemandans, sbr. skólareglur, þannig að ástæða sé til að bera fram kvörtun skulu þeir snúa sér til viðkomandi kennara, umsjónarkennara eða skólameistara. Takist ekki að leysa málið tekur skólameistari það til umfjöllunar og ákvarðar um viðbrögð.

Með sama hætti skal kennari eða annar starfsmaður skóla sem telur að brotið hafi verið á rétti sínum með einum eða öðrum hætti koma kvörtun sinni til skólameistara.

### *11.2 Misferli í prófum.*

Nemanda sem staðinn er að misferli í prófi skal vísa frá prófi og getur hann átt von á brottvikningu úr skóla, tímabundið eða til frambúðar, eftir alvarleika brots. Hið sama gildir um misferli þar sem námsmat felst í öðru en skriflegu eða munnlegu prófi.

### *11.3 Ágreiningur um námsmat.*

Komi upp ágreiningur milli nemanda og kennara um mat úrlausnar sem ekki tekst að leysa innan skóla skal skólameistari kveðja til prófdómara til þess að fara yfir úrlausnina að höfdu samráði við deildarstjóra. Úrskurður prófdómara skal gilda.

Um meðferð ágreiningsmála vegna árangurs í sveinsprófum ber að fjalla samkvæmt gildandi reglugerð þar um.

### *11.4 Brot á reglum um skólasókn.*

Á grundvelli reglna um skólasókn er hægt er að vísa nemanda úr einstökum áföngum eða úr skóla vegna lélegrar skólasóknar og skal hann þá áður hafa fengið skriflega viðvörum frá viðkomandi kennara, umsjónarkennara eða stjórnanda enda hafi verið ljóst að í óefni stefndi. Endanleg brottvikning er á ábyrgð skólameistara og skal hann leita umsagnar skólaráðs áður en til hennar kemur. Nemandi, sem vikið er úr einstökum áföngum eða úr skóla vegna lélegrar skólasóknar, fær ekki að taka próf í viðkomandi grein/greinum í lok þeirrar annar.

### *11.5 Ágreiningur um námsframvindu.*

Ágreiningsmál um námsframvindu eða undanþágubeiðnir skulu koma til umfjöllunar í skólaráði. Skólameistari sker úr um slík mál. Uni nemandi ekki þeim úrskurði má vísa mál-inu til menntamálaráðuneytisins.

## **12. Mat á skólastarfi.**

Mat á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar og ýmsum öðrum sem tengjast starfsemiinni. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

I gildandi lögum um framhaldsskóla er í fyrsta skipti að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Par er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og einnig að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

### *12.1 Sjálfsmat.*

Sjálfsmat er ein leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Sjálfsmat skóla er markmiðstengt og á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólans. Megintil-

gangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Petta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og þau markmið sem skólanir hafa sett fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram viðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf það stöðugt að vera í gangi. Það er langtíðamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf m.a. að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í lögum um framhaldsskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat í þeim tilgangi að leggja mat á starfsemi sína. Samkvæmt lögunum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið. Í lögunum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

#### 12.1.1 Viðmið fyrir sjálfsmat.

Pau atriði sem menntamálaráðuneytið leggur til grundvallar sem viðmið fyrir sjálfsmatsaðferðir eru eftirfarandi:

1. *Formlegt.* Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfmatsskýrslu, skónámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagaða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það og til hverra það nær.
2. *Altækt.* Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.
3. *Áreiðanlegt.* Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum haetti, eins og með viðhorfakönnum meðal ólíkra hópa s.s. nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.
4. *Samstarfsmiðað.* Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum haetti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúnинг sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verka-skipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þáttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.
5. *Umbótamiðað.* Í sjálfmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.
6. *Árangursmiðað.* Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Petta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.
7. *Stofnana- og einstaklingsmiðað.* Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum og mat á stjórnun og kennslu.
8. *Lýsandi.* Í sjálfmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

9. *Greinandi.* Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og birt í samantekt í lokin.
10. *Opinbert.* Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

### *12.2 Ytra mat.*

#### *12.2.1 Úttektir á sjálfsmatsaðferðum.*

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla byggjast m.a. á mati á sjálfsmatsskýrslu viðkomandi skóla, heimsókn í skólann og viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og nemenda. Til að fá sem skýrasta mynd af sjálfsmatsferlinu þurfa úttektaraðilar að kynna sér hvaða gögn skólinn hefur lagt til grundvallar sjálfsmatinu, úrvinnslu þeirra gagna og þær aðferðir sem skólinn hefur notað við sjálfsmatið. Sem dæmi um gögn skóla má nefna upplýsingar um nýtingu tíma, árangur á prófum, foreldrasamstarf og menntun og endurmenntun starfsmanna. Hluti upplýsingaöflunar getur falist í viðhorfakönnunum. Pau viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat sem fjallað er um hér að framan liggja einnig til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum.

#### *12.2.2 Úttektir á skólastarfi.*

Sem hluti af almennri eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytisins getur það látið fara fram úttektir á skólastarfi. Slíkar úttektir geta tekið til ákveðinna þátta í skólastarfi, t.d. úttektir á kennslu í ákveðinni fagrein en geta einnig falið í sér heildarmat á starfi einstakra skóla.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, endurmenntun starfsmanna, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsrárangri og tengslum skólans við samfélagið.

## **13. Fullorðinsfræðsla.**

Fullorðinsfræðsla er almenn og sérhæfð fræðsla fyrir fullorðna sem hentar ekki að sækja reglulega kennslu í dagsskóla. Um er að ræða skilgreint nám á grunn- og framhaldsskólastigi, endurmenntunarnámskeið af ýmsum toga og einstakar námsgreinar eftir þörfum hvers og eins. Viðkomandi stofnun veitir nánari upplýsingar um fullorðinsfræðslu.

### *13.1 Framhaldsskólar.*

Framhaldsskólum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að bjóða upp á nám í öldungadeildum/kvöldskólum, þ.e. almenna og sérhæfða fræðslu fyrir fullorðna. Nám sem nemendur ljúka með fullnægjandi árangri, er jafngilt samsvarandi námi sem fram fer á einstökum brautum framhaldsskóla.

Nemendur í öldungadeildarnámi/kvöldskóla ræður námshraða sínum, þ.e.a.s. þeir geta tekið eina grein eða fleiri eða skráð sig til náms á tiltekna námsbraut sem starfrækt er við viðkomandi framhaldsskóla, allt eftir þeim markmiðum sem hann stefnir að. Nemendur í öldungadeild/kvöldskóla greiða því sem næst þriðjung kennslulauna vegna kennslunnar.

### *13.2 Símenntun.*

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að auka fjölbreytni og framboð náms, ekki aðeins formlegs náms samkvæmt aðalnámskrá sem er í boði í framhaldsskóla, heldur og hvers kyns óformlegs náms á vegum annarra aðila. Tilgangurinn er að auka sveigjanleika í námi og kennslu, mæta auknum kröfum í samfélögum um sérhæfða menntun sem skólar eiga erfitt með að bregðast við og svara þörf meðborgaranna fyrir menntun sem tekur mið af undirbúningi hvers og eins.

Framboð náms á sviði sí- og endurmenntunar hefur vaxið mjög á síðustu árum. Símennt-unarmiðstöðvar, menntasmíðjur, námsflokkar, fagfélög o.fl. aðilar bjóða upp á fjölbreytt nám um land allt. Þar er m.a. lögð áhersla á hagnýtt nám, sköpun og sjálfsstyrkingu með það að markmiði að undirbúa fólk til þátttöku í atvinnulífinu eða til að hefja nám í hinu almenna skólakerfi. Víða er veitt alhliða þjónusta þ.e. bæði grunn- og framhaldsmenntun, frístundanám, prófanám og starfsnám. Þar fer einnig fram nám í íslensku fyrir útlendinga. Víða er í boði starfs- og námsráðgjöf í tengslum við símenntun.

Nokkrir framhaldsskólar gefa nemendum sínum kost á að stunda fjarnám eða dreifnám. Hér er um einstaklingsmiðað nám að ræða sem námsmaður getur stundað óháð búsetu og tíma og þegar honum hentar. Kennslan fer fram með aðstoð tölву- og fjarskiptabúnaðar og er m.a. í formi umræðu, verkefna, ritgerða, símafunda og prófa.

Unnið er að því að brúa bilið milli formlegs og óformlegs náms, þannig að þeir sem tekið hafa þátt í símenntun eigi greiða leið inn í hið formlega skólakerfi og fái sanngjart mat á menntun sinni þar.

#### **14. Viðauki I.**

**Priggja og fjögurra ára starfsnám. (Upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta – brautalýsingum, og þarf því ekki að vera tæmandi.)**

**Bygginga- og mannvirkjagreinar:**

Húsasmíði (HÚ8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Húsasmíði (HÚ9) – samningsbundið iðnnám  
 Húsgagnabólstrun (HB9) – samningsbundið iðnnám  
 Húsgagnasmíði (HS8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Húsgagnasmíði (HS9) – samningsbundið iðnnám  
 Málaraiðn (MÁ9) – samningsbundið iðnnám  
 Múraraiðn (MR8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Múraraiðn (MR9) – samningsbundið iðnnám  
 Pípulagnir (PL9) – samningsbundið iðnnám  
 Veggfóðrun og dúklagnir (VD9) – samningsbundið iðnnám

**Farartækja- og flutningsgreinar:**

Bifreiðasmíði (BS8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Bifvélavirkjun (BV8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Bílamálun (BM8) – iðnnám á verknámsbraut

**Heilbrigðis- og félagsgreinar:**

Lyfjatæknabraut (LT)  
 Nuddnám (NN)  
 Sjúkraliðabräut (SJ)  
 Tannsmíði (TS)

**Hönnunar- og handverksgreinar:**

Gull- og silfursmíði (GS9) – samningsbundið iðnnám  
 Kjólasaumur (KJ8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Klæðskurður (KL8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Skósmíði (SD9)  
 Söðlasmíði (SÖ9) – samningsbundið iðnnám

**Matvæla- og veitingagreinar:**

Bakaraiðn (BA9) – samningsbundið iðnnám  
 Framreiðsla (FR9) – samningsbundið iðnnám

Kjötiðn (KÖ9) – samningsbundið iðnnám  
 Matreiðsla (MA9) – samningsbundið iðnnám  
 Matartæknabraut (MT)  
 Mjólkuriðn (MJ)

**Málm-, véltaekni- og framleiðslugreinar:**

Blikksmíði (BL8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Rennismíði (RS8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Stálsmíði (SM8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Vélvirkjun (VS8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Netagerð (NG9) – samningsbundið iðnnám

**Rafiðngreinar:**

Rafeindavirkjun (RE8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Rafvélavirkjun (RV8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Rafvélavirkjun (RV9) – samningsbundið iðnnám  
 Rafvirkjun (RK8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Rafvirkjun (RK9) – samningsbundið iðnnám  
 Símsmíði (SS9) – samningsbundið iðnnám

**Sjávarútvegs- og siglingagreinar:**

Skipstjórnarbraut 2. stig (SK2)  
 Skipstjórnarbraut 3. stig (SK3)  
 Vélstjórnarbraut 3. stig (VV3)  
 Vélstjórnarbraut 4. stig (VV4)

**Snyrtigreinar:**

Hársnyrtiiðn (HG9) – samningsbundið iðnnám  
 Snyrtifræði (SN8) – iðnnám á verknámsbraut

**Tölvu- og tækninám:**

Tölvufræðibraut (TF)

**Upplýsinga- og fjölmíðlagreinar:**

Bókasafnstækni (BT)  
 Bókband (BÓ8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Fjölmíðlatækni (FM)  
 Grafísk miðlun (prentsmíð) (PS8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Ljósmyndun (LM8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Nettækni (NT)  
 Prentun (PR8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Veftækni (VT)

## 15. Viðauki II.

Tveggja til þriggja ára starfsnám. (Upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta – brautalýsingum, og þarf því ekki að vera tæmandi.)

**Heilbrigðis- og félagsgreinar:**

Félagsliðanám (FL)  
 Hjúkrunar- og móttökuritarabraut (HM)  
 Tanntæknabraut (TÆ)

**Hönnunar- og handverksgreinar:**

Taeknитеiknun (TT)

Útstillingabraut (ÚTS)

**Matvæla- og veitingagreinar:**

Slátrun (SL)

**Málm-, véltaekni- og framleiðslugreinar:**

Grunnnám málmiðngreina (MG)

Málmsuða (MÐ9) – samningsbundið iðnnám

**Sjávarútvegs- og siglingagreinar:**

Skipstjórnarbraut 1. stig (SK1)

Vélstjórnarbraut 2. stig (VV2)

**Uppeldis- og tómstundanám:**

Félagsmála- og tómstundabraut (FT)

Íþróttabraut (ÍPB)

Nám fyrir stuðningsfulltrúa (SG)

Nám fyrir leiðbeinendur í leikskólum (LL)

Uppeldisbraut (UP)

**Upplýsinga- og fjölmíðlagreinar:**

Grunnnám að viðbættu sérnámi

**Verslunar- og viðskiptanám:**

Viðskiptabraut (VI)

**16. Viðauki III.**

**Annað starfsnám.** (Upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta – brautalýsingum, og þarf því ekki að vera tæmandi.)

**Bygginga- og mannvirkjagreinar:**

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM)

**Farartækja- og flutningsgreinar:**

Grunnnám bíliðna (GB)

**Matvæla- og veitingagreinar:**

Grunnnám matvælagreina (GN)

Hússtjórnarbraut (HB)

Matsveinabraut (MS)

**Rafiðngreinar:**

Grunnnám rafiðna (GR)

**Sjávarútvegs- og siglingagreinar:**

Sjávarútvegsbraut (SÚ)

Vélstjórnarbraut 1. stig (VV1)

**Uppeldis- og tómstundanám:**

Íþróttanám, sérnám í íþróttafraeði og íþróttagreinum (ÍP)

Nám fyrir skólaliða (SK)

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir sjálfseignarstofnunina Skaftfell.

1. gr.

*Nafn og heimili.*

Heiti félagsins er Skaftfell. Heimilisfang félagsins er að Austurvegi 42, Seyðisfirði.

2. gr.

*Tilgangur og markmið.*

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að eflingu lista- og menningarlifs á Seyðisfirði. Þá er tilgangur félagsins m.a. að reka listsýningar-, menningar- og kynningar- miðstöð í húsnæði stofnunarinnar að Austurvegi 42, Seyðisfirði. Jafnframt er stefnt að því að þar verði til útleigu íbúð fyrir listamenn og einnig að rekin verði veitingasala í tengslum við félagsstarfsemi.

3. gr.

*Stofnfé.*

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er fasteigin Austurvegur 42, Seyðisfirði, sem er gjöf þeirra hjóna Garðars Eymundssonar og Karólínu Þorsteinsdóttur, Seyðisfirði til félagsins, til eflingar menningar- og listalífi á Seyðisfirði. Jafnframt tekur stofnunin við þeim fjármunum og verðmætum, sem svokölluðum Skaftfellshópi hefur áskotnast.

4. gr.

*Stjórн stofnunarinnar.*

Stjórн sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum og varamönnum þeirra. Skulu þeir tilnefndir til 3 ára í senn.

Stjórнin skal tilnefnd af eftirtöldum aðilum; hjónin Garðar Eymundsson og Karólína Þorsteinsdóttir (eða börn þeirra hjóna) tilnefni einn, bæjarstjórн Seyðisfjarðarkaupstaðar tilnefni einn, að fenginni umsögn menningarmálanefndar bæjarins, Bandalag íslenskra listamanna tilnefni einn og svokallaður Skaftfellshópur, sbr. viðfest fylgiskjal, tilnefnir two stjórнarmenn. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir fyrir hvern stjórнarmann.

Stjórнin velur sér sjálf formann og varafmann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Hlutverk stjórнar er að vinna að markmiðum sjálfseignarstofnunarinnar og sjá um að rekstur hennar sé í samræmi við markmið og tilgang.

Stjórнinni er heimilt að ráða sjálfseignarstofnuninni framkvæmdastjóra og veita honum prókúruumboð.

Stjórнin skal láta gera skýrslu árlega í mars um verkefni og störf á síðasta almanaksári svo og um fyrirhuguð verkefni. Skýrslu þessa skal afhenda þeim sem rétt eiga til að tilnefna stjórнarmenn, svo og öðrum þeim sem stjórнin telur eðlilegt að hafi aðgang að skýrslunni.

Stjórнinni er heimilt að skuldbinda stofnunina fjárhagslega og taka lán fyrir hennar hönd. Eigi má þó selja eða veðsetja fasteignir nema til komi samþykki 4/5 hluta stjórнar og að uppfylltu lagaskilyrði því er um slíkt gildir (sbr. nú 5. gr. laga nr. 19/1988).

5. gr.

*Reikningar og endurskoðun.*

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Stjórнin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga og skal þeirri endurskoðun lokið í apríl ár hvert fyrir síðasta starfsár. Senda skal ársreikninginn áritaðan og samþykktan af stjórн og endur-

skoðanda til tilnefningaraðila stjórnarmanna svo og til Ríkisendurskoðunar sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Auk ársreiknings skal senda þessum aðilum skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á næstliðnu ári.

#### 6. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru tekjur vegna reksturs lista- og menningarmiðstöðvunarinnar, sem rekin verður í fasteign stofnunarinnar að Austurvegi 42, Seyðisfirði, svo og aðrar tekjur af starfsemi hennar, svo og framlög frá ríki eða stofnunum þess, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum.

#### 7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt að allir þeir, sem tilnefna menn í stjórn séu sammála um breytinguna.

#### 8. gr.

Sjálfseingarstofnun þessi verður ekki lögð niður nema með samþykki allra tilnefningaraðila. Verði svo skal eignum hennar ráðstafað af tilnefningaraðilum, sbr. 4. gr. og skal miðað við að verðmætum stofnunarinnar verði ráðstafað til eflingar lista- og menningarlífí á Seyðisfirði.

#### 9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. janúar 2004.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

### Fylgiskjal.

### LÖG Skaftfellshópsins á Seyðisfirði.

#### 1. gr.

Heiti félagsins er Skaftfellshópurinn á Seyðisfirði, áhugafélag um menningu og listir.

#### 2. gr.

Stofnendur félagsins eru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Þóra Guðmundsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Aðalheiður Borgþórðóttir, Inga Jónsdóttir, Gréta Garðarsdóttir, Ólafía María Gísladóttir, María Gaskell, Unnur Óskarsdóttir, Guðrún Ragna Garðarsdóttir, Jóhanna Gísladóttir, Dieter Roth, Björn Roth, Garðar Eymundsson, Garðar Rúnar Sigurgeirsson, Jónas A. P. Jónsson, Einar Bragi Bragason, Magnús Reynir Jónsson, Þorgils Baldursson, Pétur Kristjánsson, Guðjón Egilsson, Þórður Jakobsson og Jóhann Freyr Aðalsteinsson.

## 3. gr.

Hlutverk félagsins er að stuðla að, viðhalda og efla alla menningu og listir á Seyðisfirði, styrkja seyðfirska menningu og auka menningarleg samskipti við aðra menningarstaði og félög hvar sem er í heiminum. Styðja og efla alla starfsemi í Listamiðstöðinni Skaftfelli.

## 4. gr.

Félagsmenn geta allir orðið sem áhuga hafa á starfsemi og markmiðum félagsins og skrifað hafa undir inntökubeiðni og sent stjórn félagsins.

## 5. gr.

Rétt til setu á fundum félagsins hafa allir félagsmenn.

## 6. gr.

Heimilt er að víkja félögum úr féluginu ef þeir verða uppvísir af því að vinna gegn hagsmunum og markmiðum félagsins.

## 7. gr.

Greiðsla félagsgjalda skal fara fram samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins.

## 8. gr.

Reikningsár félagsins er á milli aðalfunda.

## 9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert. Til aðalfundar skal boða með eins tryggum hætti og unnt er hverju sinni. Afl atkvæða ræður úrlitum á aðalfundi.

## 10. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Umræður um skýrslu og reikninga.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning formanns og varaformanns fyrir næsta starfsár.
6. Kosning stjórnar og varastjórnar fyrir næsta starfsár.
7. Kosning endurskoðenda fyrir næsta starfsár.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Kosning tveggja fulltrúa félagsins í stjórn Sjálfseignarstofnunarínar Skaftells samkvæmt skipulagsskrá hennar.
10. Tilnefna fulltrúa í sýningarnefnd Skaftells þegar þörf er á.
11. Önnur mál.

## 11. gr.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundum félagsins.

Aðalfundur er lögmætur ef rétt er til hans boðað samkvæmt lögum félagsins.

## 12. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn og jafn margir til vara.

## 13. gr.

Stjórnin er kjörin til næsta aðalfundar.

## 14. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti en því að formaður og vara-formaður eru kjörnir á aðalfundi.

## 15. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur ákvarðanir um starfsemi og er ábyrg fyrir fjárréiðum og skuldbindingum félags-ins.

## 16. gr.

Stjórnarfundi skal boða með eins tryggum hætti og unnt er hverju sinni. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef allir stjórnarmenn eða varamenn þeirra sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

## 17. gr.

Stjórn félags er skylt að efna til almenns félagsfundar ef minnst fjórðungur félagsmannar óskar þess. Almennir fundir skulu auglýstir á eins trygglegan máta og unnt er hverju sinni.

## 18. gr.

Bráðabirgðastjórn félagsins skipa Jónas A. P. Jónsson, Þóra Guðmundsdóttir og Garðar Rúnar Sigurgeirsson og fer hún með öll málefni félagsins fram að fyrsta aðalfundi þess. Þar á meðal að ganga frá og skrifa undir skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Skaftfelli, listamiðstöð, fyrir hönd Skaftfellshópsins á Seyðisfirði.

Seyðisfirði, 13. apríl 1997.

## REGLUR um doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

## 1. gr.

*Doktorsnám.*

Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemanum þjálfun í vísindalegum vinnu-brögðum, rannsóknaraðferðum og vinnu að samfelldu rannsóknarverkefni. Einnig að þjálfá hann í undirbúningi og framkvæmd rannsókna og birtingu rannsóknarniðurstaðna. Hann skal byggja upp ítarlega þekkingu á sviði doktorsverkefnis síns þannig að hann geti verið vel undir það búinn að starfa sjálfstætt að vísindum.

## 2. gr.

*Umsóknarfrestur.*

Umsóknarfrestur er 15. mars og 15. september fyrir inntöku í doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Deildinni er heimilt að taka við umsóknum á öðrum tínum.

## 3. gr.

*Meðferð umsókna.*

Rannsóknarnámsnefnd lyfjafræðideildar fer með málefni doktorsnámsins í umboði lyfja-fræðideilda. Hlutverk rannsóknarnámsnefndar er m.a. að fjalla um umsóknir og gera tillögu til deildarráðs lyfjafræðideilda að doktorsnefndum og um andmælendur við doktorsvörn.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu lyfjafræðideildar, sem sendir hana til rannsóknarnámsnefndar. Henni skal fylgja lýsing rannsóknarverkefnisins og stutt rannsóknaráætlun, sbr. umsóknareyðublað. Rannsóknarnámsnefnd fjallar um umsóknirnar, kemur með tillögu að doktorsnefnd og tilkynnir deildarráði niðurstöðu sína. Ef rannsóknarnámsnefnd telur verkefnið hæft sem doktorsverkefni, fær tilvonandi doktorsnemi two mánuði frá afgreiðslu rannsóknarnámsnefndar til að útbúa fyrirlestur, þar sem hann kynnir fyrirhugaða rannsóknaráætlun og rannsóknarsprungunar fyrir væntanlegri doktorsnefnd og minnst þremur af föstum kennurum deildarinnar. Telji doktorsnefnd og kennrarar verkefnið hæft, telst hann samþykktur í doktorsnám. Doktorsnemi sem rannsóknarnámsnefnd og lyfjafræðideild hafa samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið.

#### 4. gr.

##### *Inntökuskilyrði.*

Til að innritast í doktorsnám við lyfjafræðideild þarf nemandi að hafa lokið Cand. Pharm., B.S.- eða M.S.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki fyrstu einkunn (7,25). Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmárkeinkunn hafi umsækjandi sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

Doktorsefni sem hafa verulega reynslu í vísindalegum vinnubrögðum, hafa lokið verulegum rannsóknum, birt vísindagreinar eða skila fullgerðri ritgerð falla undir sama skipulag og aðrir. Skipa skal umsjónarkennara (sbr. 7. gr.) og doktorsnefnd (sbr. 9. gr.). Doktorsnefndin metur reynslu, rannsóknarvinnu og skrif doktorsefnis til doktorsnáms að hluta eða jafnvel að fullu.

#### 5. gr.

##### *Einingafjöldi og tímalengd náms.*

Doktorsnám við lyfjafræðideild er metið til 90 eininga og miða skal við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnámsins þrjú ár. Nemar sem lokið hafa B.S.- prófi skulu taka 150 einingar og miða skal við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnámsins fimm ár.

#### 6. gr.

##### *Samsetning náms.*

Doktorsnámið felur fyrst og fremst í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og vinnu að samfelldu rannsóknarverkefni. Hluti námsins, að lágmarki 12 einingar, skal vera í námskeiðum, málstofum og lesnámskeiðum. Þátttaka í málstofu læknadeildar eða raunvísinda-deildar (3 einingar) er skylda. Nemandi í doktorsnámi má að hámarki taka 5 einingar í lesnámskeiðum undir leiðsögn kennara. Lesnámskeiðið skal vera á rannsóknarsviði sem tengist rannsóknarverkefni nemanda, en er ekki hluti af aðalverkefni. Námið felst í lestri tíma-ritsgreina og annarra heimilda sem valdar eru í samráði við kennara og umræðum um þær við kennara. Lesnámskeiði lýkur með ritgerð.

Miðað skal við að hluti doktorsnáms fari fram við erlendan háskóla. Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla.

Doktorsnemi skal taka þátt í kennslu í fræðigrein sinni, a.m.k. 200 vinnustundum á námstímanum, sem skiptist milli fyrirlestra, dæmatíma og verklegra æfinga samkvæmt samkomulagi milli nema og kennara.

Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki doktorsnefndar.

## 7. gr.

*Umsjónarkennari og leiðbeinandi.*

Nemandi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Nemandinn leggur fram námsáætlun sem doktorsnefnd samþykkir sbr. 3. gr.

Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til hans í þessum reglum. Sé umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami maðurinn hefur umsjónarkennari umsjón með náminu, en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í rannsóknarverkefni.

## 8. gr.

*Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinanda.*

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastur kennari (lektor, dósent eða professor) í viðkomandi grein. Leiðbeiningu doktorsnema eiga þeir einir að sinna sem lokið hafa doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur doktorsnema, hvort sem þeir eru fastir kennrarar við Háskólan eða ekki, skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemanda á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

## 9. gr.

*Doktorsnefnd.*

Doktorsnefnd skal skipuð fimm sérfróðum mönnum sem rannsóknarnámsnefnd tilnefnir og lyfjafræðideild skipar og skulu a.m.k. tveir þeirra vera utan þeirrar stofnunar eða rannsóknarstofu sem verkefnið er unnið við. Nefndin kýs sér formann. Í þeim tilvikum þar sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal sá síðarnefndi einnig sitja í doktorsnefnd. Doktorsnefnd kveður doktorsefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur. Doktorsefni getur kallað saman doktorsnefnd að eigin frumkvæði.

Um miðbik námsins kveður doktorsnefnd nemann á sinn fund þar sem honum er falið að halda fyrirlestur um rannsóknarefni sitt og prófar hann í almennri þekkingu og rannsóknaraðferðum á viðkomandi sviði.

Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefnd rökstuddu álti til deildar um það hvort veita skuli doktorsefni kost að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar. Á sama tíma skal doktorsnefnd leggja fram staðfest námsferilsyfirlit nemanda.

## 10. gr.

*Doktorsritgerð.*

Doktorsritgerðina skal skrifa á ensku. Í doktorsritgerð skal vera ítarlegur inngangur, þar sem staða þekkingar á fræðasviðinu er rakin, aðferðum lýst, gerð grein fyrir niðurstöðum og loks skal vera ítarlegur umræðukafli sem fjallar um verkefnið í heild. Doktorsnemi skal hafa skrifað a.m.k. tvær greinar í erlent vísindatímarit, þar sem hann er fyrsti höfundur. Greinar um einstaka hluta verkefnisins sem hafa verið birtar, samþykktar til birtingar eða eru tilbúnar til sendingar til birtingar í vísindatímaritum skulu vera hluti af doktorsritgerðinni. Í hverri til doktorsritgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku.

Í ritgerðinni skal getið stofnunar sem rannsóknin var unnin við og tekið fram hverjir leiðbeinendur voru. Koma skal skýrt fram að verkefnið hafi verið unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða sem styrktu verkefnið.

Doktorsritgerð skal skilað í tú eintökum til skrifstofu lyfjafræðideilda. Lyfjafræðideild tekur ekki þátt í kostnaði vegna doktorsritgerða.

## 11. gr.

*Andmælendur.*

Rannsóknarnámsnefnd gerir tillögu til deildarráðs um two andmælendur við doktorsvörn og skulu þeir vera óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Annar andmælandinn skal vera utan deilda og er æskilegt að hann komi frá öðrum háskóla, en hinn má vera innan deilda. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskólangs um doktorspróf. Andmælendur fá endanlegt eintak doktorsritgerðar að minnsta kosti sex vikum fyrir doktorsvörn.

## 12. gr.

*Lærdómstítill.*

Doktorspróf frá lyfjafræðideild Háskóla Íslands veitir rétt til lærdómstítilsins *Philosophiae Doctor* (Ph.D.)

## 13. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lyfjafræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframta falla úr gildi reglur um doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands sem samþykktar voru af háskólaráði 15. febrúar 2001.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla lyfjafræðideilda í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

*Háskóla Íslands, 5. febrúar 2004.*

**Páll Skúlason.**

*Pórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag virkjunarsvæðis í landi Fremri-Hvestu við Arnarfjörð, Vesturbyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Vesturbyggðar þann 12. nóvember 2003 samþykkt deiliskipulag virkjunarsvæðis í landi Fremri-Hvestu við Arnarfjörð, Vesturbyggð.

Deiliskipulagið felst í því að gert er ráð fyrir 570 kW virkjun í Hvestuá, stíflan verður um 17 m löng og stífluveggir ekki hærri en 2 m. Virkjun í Pverá verður 870 kW, stíflan verður 25 m löng og stífluveggir ekki hærri en 2 m. Lón við Hvestuá verður 1500 m<sup>2</sup>/2300 m<sup>3</sup> og lón við Pverá 4000 m<sup>2</sup>/5500 m<sup>3</sup>. Stöðvarhús verður í um 720 m fjarlægð frá Pverártíflu og 1015 m frá Hvestuártíflu við bæjarhúsin á Hvestu. Fyrirhugað er að leggja 1500 m langan vegslóða frá stöðvarhúsi að stíflum. Að loknum virkjunarframkvæmdum verður vegslóða eytt og landið grætt upp.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Patreksfirði, 2. febrúar 2004.*

**Brynjólfur Gíslason** bæjarstjóri.

# REGLUGERÐ

**um viðurkenningu flokkunarfélag  
og um reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun.**

1. gr.

*Markmið og tilgangur.*

Í reglugerð þessari er kveðið á um tilteknar aðferðir sem fylgja skal við skoðun, eftirlit og viðurkenningu skipa í því skyni að fara að alþjóðasamningum um öryggi á hafi úti og varnir gegn mengun sjávar ásamt því að stuðla að frelsi til að veita þjónustu. Þetta ferli felur í sér þróun og framkvæmd öryggiskrafna sem gilda um bol-, vél-, raf- og stjórnrbúnað skipa sem falla undir gildissvið alþjóðasamninganna.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

Í þessari reglugerð er merking eftirsandi hugtaka sem hér segir:

- a) *Skip:* skip sem falla undir gildissvið alþjóðasamninganna;
- b) *Skip sem sigla undir íslenskum fána:* skip sem er skráð á íslenska skipaskrá og siglir undir íslenskum fána í samræmi við lög um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum;
- c) *Skoðanir og eftirlit:* skoðanir og eftirlit sem skyld er að framkvæma samkvæmt alþjóðasamningunum;
- d) *Alþjóðasamningar:* alþjóðasamningurinn um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS), alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa frá 1966 og alþjóðasamningur (1973/78) um varnir gegn mengun frá skipum svo og bókanir og breytingar við þá, ásamt reglum sem tengjast þeim og eru bindandi í öllum aðildarríkjum og í gildi eru samkvæmt nýjustu útgáfu þeirra;
- e) *Stofnun:* flokkunarfélag eða annar einkaaðili sem framkvæmir öryggismat fyrir Siglingastofnun Íslands;
- f) *Viðurkennd stofnun:* stofnun sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 4. gr.;
- g) *Leyfi:* sú framkvæmd af hálfu Siglingastofnunar að veita viðurkenndri stofnun leyfi eða fela henni vald;
- h) *Skírteini:* skírteini gefið út fyrir hönd Íslands í samræmi við alþjóðasamninga;
- i) *Flokkunarskírteini:* skjal sem gefið er út af flokkunarfélagi til marks um að smíði skips og vélbúnaður þess til tiltekina nota eða reksturs sé í samræmi við ákvæði og reglur sem flokkunarfélagið hefur mælt fyrir um og birt opinberlega;
- j) *Öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutningaskipa:* skírteini sem kveðið er á um í breyttum alþjóðareglum um þráðlaus fjarskipti samkvæmt samningnum um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS 74/78), samþykktum af Alþjóðasiglingamálastofnuninni;
- k) *Staðsetning:* sá staður þar sem skráða skrifstofu, aðalstjórn eða aðalstarfsemi stofnunar er að finna.

3. gr.

*Alþjóðasamningar og beiting heimilda samkvæmt þeim.*

Siglingastofnun ber að tryggja að ákvæði alþjóðasamninganna séu virt, einkum að því er varðar eftirlit og skoðun skipa og útgáfu skírteina og undanþáguskírteina.

Ef Siglingastofnun ákveður, í samræmi við 1. mgr., að því er varðar skip sem sigla undir íslenskum fána:

- i) að veita stofnun leyfi til að framkvæma að fullu eða að hluta allt eftirlit og allar

- skoðanir sem tengjast skírteinum, og ef við á, að gefa út eða endurnýja tengd skírteini; eða
- ii) að láta stofnanir framkvæma að fullu eða að hluta eftirlit og skoðanir sem um getur í undirlið i);  
skal hún eingöngu fela viðurkenndum stofnunum þessar skyldur.

Siglingastofnun þarf í öllum tilvikum að vera sá aðili sem samþykkir fyrstu útgáfu undanþáguskírteinanna.

Að því er varðar öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutningaskipa má fela þessar skyldur fyrirtækjum sem Siglingastofnun eða Póst- og fjarskiptastofnun viðurkenna og búa yfir nægilegri sérþekkingu og hæfu starfsfólk til að framkvæma fyrir þeirra hönd sérhæft mat á öryggisþáttum fjarskipta.

Þessi grein á ekki við um útgáfu skírteina fyrir tiltekna hluta búnaðar um borð í skipum.

#### 4. gr.

##### *Viðurkennning stofnana.*

Framkvæmdastjórn ESB viðurkennir stofnanir í samræmi við tilskipun ráðsins nr. 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda, með síðari breytingum.

#### 5. gr.

##### *Starfsleyfi stofnana.*

Siglingastofnun veitir viðurkenndum stofnunum leyfi til að sjá um skipaeftirlit og -skoðun hér á landi.

Við beitingu i) liðar 2. mgr. 3. gr. skal Siglingastofnun að meginreglu til ekki synja þeim viðurkenndu stofnunum sem staðsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu um leyfi til að vinna slík verkefni að teknu tilliti til ákvæðanna í 6. og 9. gr. Þó má Siglingastofnun takmarka fjölda stofnana sem hún veitir leyfi við þá þörf sem er fyrir hendi að því tilskildu að það sé gert með gagnsæjum og hlutlausum hætti.

Skilyrði starfsleyfis er að ákvæði þessarar reglugerðar séu uppfyllt, auk þess skal viðurkennd stofnun:

- a) hafa skrifstofu á Íslandi,
- b) hafa minnst einn skoðunarmann, sem starfar fyrir félagið og hefur fast aðsetur á Íslandi,
- c) vera fullgildur aðili í alþjóðasamtökum flokkunarfélaga (IACS).

#### 6. gr.

##### *Samningar Siglingastofnunar við stofnanir (flokkunarfélög).*

Ef Siglingastofnun ákvæður að gera eins og lýst er í 2. mgr. 3. gr. skal stofnunin koma á samvinnu við viðkomandi stofnanir. Slík samvinna skal byggjast á formlegum, skriflegum samningi á jafnréttisgrundvelli sem felur að minnsta kosti í sér:

- a) ákvæði II. viðbætis ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.739(18) um viðmiðunarreglur vegna leyfisveitingar fyrir stofnanir sem starfa fyrir hönd yfirvalda en jafnframt skal taka mið af viðaukum, viðbætum og fylgiskjali IMO MSC/umburðarbréf 710 og MEPC/umburðarbréf 307 um fyrirmynnd að samkomulagi um leyfisveitingar fyrir stofnanir sem starfa á vegum yfirvalda;
- b) eftirfarandi ákvæði varðandi fjárskuldbindingar:
  - i) ef yfirvöld eru endanlega og afdráttarlaust dæmd samkvæmt úrskurði dólmstóls til að bera bótaábyrgð sökum óhapps eða ef gerðardómi er beitt sem lið í lausn deilu-

- máls og auk þess gerð krafa um bætur til tjónþola sökum taps, eignatjóns, líkamstjóns eða mannsláts sem sýnt hefur verið fram á fyrir dómstólnum að rekja megi til vísvitandi athæfis, vanrækslu eða vítaverðs gáleysis af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar eða aðila, starfsmanna, fulltrúa eða annarra sem starfa fyrir hennar hönd skulu yfirvöldin eiga kröfu á hendur viðurkenndu stofnuninni um fébætur að svo miklu leyti sem viðurkennda stofnunin er, samkvæmt úrskurði dómstólsins, völd að framangreindu tapi, tjóni, líkamstjóni eða mannsláti;
- ii) ef yfirvöld eru endanlega og afdráttarlaust dæmd samkvæmt úrskurði dómstóls til að bera bótaábyrgð sökum óhappss eða ef gerðardómi er beitt sem lið í lausn deilumáls og auk þess gerð krafa um bætur til tjónþola sökum líkamstjóns eða mannsláts sem sýnt hefur verið fram á fyrir dómstólnum að rekja megi til hvers konar gáleysis, glæfralegs athæfis, eða vanrækslu af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar, starfsmanna hennar, fulltrúa eða annarra sem starfa fyrir hennar hönd skulu yfirvöldin eiga kröfu á hendur viðurkenndu stofnuninni um fébætur að svo miklu leyti sem viðurkennda stofnunin er, samkvæmt úrskurði dómstólsins, völd að framangreindu líkamstjóni eða mannsláti;
  - iii) ef yfirvöld eru endanlega og afdráttarlaust dæmd samkvæmt úrskurði dómstóls til að bera bótaábyrgð sökum óhappss eða ef gerðardómi er beitt sem lið í lausn deilumáls og auk þess gerð krafa um bætur til tjónþola sökum taps eða eignatjóns, sem sýnt hefur verið fram á fyrir dómstólnum að rekja megi til hvers konar gáleysis, glæfralegs athæfis eða vanrækslu af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar eða starfsmanna hennar, fulltrúa eða annarra sem starfa fyrir hennar hönd skulu yfirvöldin eiga kröfu á hendur viðurkenndu stofnuninni um fébætur að svo miklu leyti sem viðurkennda stofnunin er, samkvæmt úrskurði dómstólsins, völd að framangreindu tapi eða tjóni;
  - c) ákvæði um reglulega úttekt yfirvalda eða utanaðkomandi aðila skipuðum af yfirvöldum á þeim störfum sem stofnanir framkvæma á vegum þeirra eins og um getur í 1. mgr. 9. gr.;
  - d) möguleika á að hægt sé að framkvæma nákvæmar úrtaksskoðanir á skipum;
  - e) ákvæði um að tilkynna mikilvægar upplýsingar um flokkaðan flota þeirra, breytingar á flokkun skipa eða útstriku þeirra úr flokki sem um getur í 3. mgr. 11. gr.

7. gr.

*Afturköllun viðurkenningar.*

Framkvæmdastjórn ESB afturkallar viðurkenningu þeirra viðurkenndu stofnana sem um getur í 4. gr. ef þær uppfylla ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum eða ef frammistaða þeirra, að því er varðar öryggi og mengunarvarnir, uppfyllir ekki kröfurnar sem um getur í 2. mgr.

8. gr.

*Afturköllun starfsleyfis.*

Prátt fyrir viðmiðanirnar, sem tilgreindar eru í viðauka með reglugerð þessari, getur Siglingastofnun ákveðið að fella úr gildi leyfi ef hún telur að viðurkennd stofnun eigi ekki lengur að hafa leyfi til að framkvæma fyrir hennar hönd þau verkefni sem tilgreind eru í 3. gr. Siglingastofnun skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmdastjórn ESB og hinum EES-ríkjum um slíka ákvörðun án tafar og gefa rökstuddar ástæður fyrir henni.

9. gr.

*Eftirlit með viðurkenndum stofnunum.*

Siglingastofnun skal ganga úr skugga um að viðurkenndar stofnanir, sem starfa á Íslandi fyrir hana í skilningi 2. mgr. 3. gr., inni af hendi þau hlutverk sem um getur í þeirri grein.

Siglingastofnun skal sinna slíku eftirliti á a.m.k. tveggja ára fresti og skal samgönguráðherra skila EES-ríkjunum og framkvæmdastjórn ESB skýrslu um niðurstöðu þessa eftirlits eigi síðar en 31. mars árið eftir að eftirlitstímabilinu lýkur.

Pá skal Siglingastofnun tryggja að hvert það skip sem siglir undir íslenskum fána sé smiðað og því viðhaldið í samræmi við íslenskar kröfur eða í samræmi við kröfur sem viðurkennd stofnun gerir um bol, vél-, raf- og stjórnubúnað.

Siglingastofnun er heimilt að nota reglur sem hún telur jafngildar reglum viðurkenndrar stofnunar að því gefnu að hún tilkynni Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) án tafar um þær, í samræmi við málsméðferðina í tilskipun 98/34/EB sbr. ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 146/99 og að hvorki framkvæmdastjórn ESB né önnur EES-ríki andmæli reglunum og að það verði ekki staðfest samkvæmt málsméðferðinni í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2001/105/EB að þessar reglur séu ekki jafngildar.

#### 10. gr.

##### *Tilkynningarskylda í tengslum við hafnarríkiseftirlit.*

Í tengslum við skoðanarétt og skyldur sem hafnarríki skal Siglingastofnun tilkynna EES-ríkjunum og framkvæmdastjórn ESB ef hún kemst að því að stofnanir, sem starfa fyrir hönd fánaríkis, gefa út gild skírteini til handa skipi sem uppfyllir ekki viðeigandi kröfur alþjóðasamninganna eða í hvert sinn sem kemur í ljós að skip með gilt flokkunarfélagsskírteini uppfyllir ekki þær kröfur sem því ber samkvæmt því skírteini. Að því er þessa grein snertir skal eingöngu tilkynnt um skip sem stofna öryggi og umhverfi í alvarlega hættu eða þar sem vísbendingar eru fyrir hendi um mikla vanräkslu af hálfu stofnanna. Gera skal viðurkenndu stofnuninni sem í hlut á, grein fyrir slíku þegar upphafleg skoðun fer fram svo að hún geti þegar í stað gripið til viðeigandi ráðstafana í framhaldi af því.

#### 11. gr.

Viðurkenndar stofnanir skulu ráðfæra sig hver við aðra með jöfnu millibili í því skyni að tæknilegir staðlar þeirra séu ávallt jafngildir svo og framkvæmd þeirra, í samræmi við ákvæði ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.847(20) um viðmiðunarreglur um aðstoð við fánaríki við framkvæmd löggerninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Viðurkenndar stofnanir skulu láta í ljós vilja til að vinna með eftirlitsyfirvöldum hafnarríkis þegar um er að ræða eitt af skipum í þeirra flokki, einkum til að auðvelda leiðréttingu á annmörkum eða misræmi sem tilkynnt er um.

Viðurkenndar stofnanir skulu útvega Siglingastofnun allar viðeigandi upplýsingar um flokkaðan flota þeirra, tilfærslur milli stofnana, breytingar, niðurfellingar og útstrikkun skipa úr flokki, óháð því undir hvaða fána þau sigla. Upplýsingar um tilfærslur milli stofnana, breytingar, niðurfellingar og útstrikkun skipa úr flokki, þ. m. t. upplýsingar um allar óafgreiddar skoðanir og tilmæli, flokkunarskilyrði, skilyrði fyrir rekstri eða takmarkanir á honum, sem gefin eru út fyrir skip sem þær hafa flokkað, skulu – óháð því undir hvaða fána skipin sigla – sendar Sirenac-upplýsingakerfinu og birtar á vefsíðum þessara viðurkenndu stofnana ef slíkar vefsíður eru fyrir hendi.

Viðurkenndar stofnanir skulu ekki gefa út skírteini fyrir skip sem hefur verið strikað út úr flokki eða þar sem floknum hefur verið breytt af öryggisástaðum, óháð því undir hvaða fána þau sigla, fyrr en lögbaerum yfirvöldum fánaríkisins hefur gefist hæfilegur frestur til að skila álíti sínu svo að unnt sé að ákveða hvort nauðsynlegt sé að krefjast alhliða skoðunar.

Við tilfærslu skips frá einni stofnun til annarrar skal sú stofnun, sem lætur skipið af hendi, m.ö.o. víkjandi stofnun, upplýsa stofnunina, sem tekur við skipinu, um allar skoðanir og tilmæli, sem dregist hefur að sinna og komin eru fram yfir tímann, um flokkunarskilyrði, skilyrði fyrir rekstri eða takmarkanir á honum sem gefin eru út fyrir skipið. Við tilfærslu

skal víkjandi stofnunin láta viðtökustofnuninni í té heildarferilsskrá skipsins. Viðtökustofnunin getur þá fyrst gefið út skírteini fyrir skipið þegar öllum skoðunum, sem eru á eftir áætlun, er lokið og öll tilmæli eða flokkunarskilyrði, sem gefin hafa verið út fyrir skipið en eru komin fram yfir tímann, eru afgreidd með þeim hætti sem víkjandi stofnun mælir fyrir um. Áður en skírteinin eru gefin út skal viðtökustofnunin gera víkjandi stofnuninni grein fyrir dagsetningu útgáfu skírteinanna og staðfesta hvenær, hvar og til hvaða aðgerða verður gripið til að afgreiða skoðanir, tilmæli og flokkunarskilyrði sem dregist hefur að sinna. Viðurkenndu stofnanirnar skulu vinna saman að því að koma ákvæðum þessarar málgreinar í framkvæmd með viðeigandi hætti.

## 12. gr.

*Lagaheimildir.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003 til innleiðingar á tilskipun nr. 94/57/EB sem vísað er til í 55-b lið, 13. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 30/1995 eins og henni var breytt með tilskipun 97/58/EB sbr. ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 33/98 og tilskipun 2001/105/EB sbr. ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar 56/02.

## 13. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 5. febrúar 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## VIÐAUKI

**Lágmarkskröfur fyrir stofnanir sem um getur í 3. gr.****A. Almennar lágmarksþiðanir.**

1. Viðurkennd stofnun skal geta sýnt fram á víðæka reynslu við að leggja mat á hönnun og smíði kaupskipa.
2. Stofnunin skal hafa í sínum flokki flota sem samanstendur a.m.k. af 1000 hafskipum (yfir 100 brúttórúmlestir) sem að samanlagðri stærð er ekki undir 5 milljónum brúttorúmlestir.
3. Stofnunin skal ráða tæknimenntað fólk í réttu hlutfalli við fjölda flokkaðra skipa. Nauðsynlegt er að ráða að minnsta kosti 100 sérstaka skoðunarmenn í fullt starf til að uppfylla kröfur í 2. mgr.
4. Stofnunin skal setja sér alhliða reglur og reglugerðir um hönnun, smíði og reglubundið eftirlit með kaupskipum sem skulu birtar og uppfærðar reglulega og endurbættar með rannsóknar- og þróunaráætlunum.
5. Stofnunin skal ár hvert gefa út skipaskrá sína eða geyma hana í rafrænum gagnagrunni sem er aðgengilegur almenningu.
6. Stofnuninni skal ekki stjórnað af skipaeigendum eða aðilum í skipasmíðum eða af öðrum sem eiga viðskiptalegra hagsmunu að gæta varðandi framleiðslu, útbúnað, viðgerð eða rekstur skipa. Ekki er leyfilegt að stofnunin sé að verulegu leyti háð einstöku atvinnu-

- fyrirtæki um öflun tekna. Viðurkennda stofnunin má ekki framkvæma lögboðin verk ef hún er sjálf eigandi eða útgerðaraðili skipsins sem skoða skal eða þegar um er að ræða viðskipta-, persónu- eða fjölskyldutengsl við eigendur eða útgerð skipsins. Þessi vanhæfisregla gildir einnig um þá skoðunarmenn sem viðurkennda stofnunin hefur ráðið til starfa.
7. Stofnunin skal starfa í samræmi við ákvæði viðaukans við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.789(19) um forskriftir að því er varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra stofnana, sem starfa á vegum stjórvalda, að því marki sem þær fjalla um málefni sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

## B. Sérstakar lágmarksviðmiðanir.

1. Stofnunin hefur yfir að ráða:
  - a) mikilvægu tækní-, stjórnunar-, aðstoðar- og rannsóknarstarfsliði í réttu hlutfalli við verkefnin og fjölda flokkaðra skipa þar, auk þess sem stofnunin getur einnig þróað og viðhaldið reglum og reglugerðum;
  - b) tæknistarfsliði út um allan heim eða aðgang að tæknistarfsliði annarra viðurkenndra stofnana.
2. Stofnunin lýtur siðareglum.
3. Stofnunin er starfrækt og stjórnað á þann hátt að tryggt sé að farið sé með upplýsingar sem yfirvöld þurfa á að halda sem trúnaðarmál.
4. Stofnunin skal vera reiðubúin að útvega yfirvöldum, framkvæmdastjórninni og hagsmunaaðilum allar viðeigandi upplýsingar.
5. Stjórn stofnunarinnar hefur skilgreint og skráð stefnu sína, markmið og skuldbindingar í gæðamálum og hefur tryggt að inntak stefnunnar sé skilið, hún sé framkvæmd og henni viðhaldið á öllum stigum innan stofnunarinnar. Í stefnu stofnunarinnar skal fjallað um markmið, að því er varðar öryggi og mengunarvarnir, og um vísbendingar um árangur.
6. Stofnunin hefur þróað, framkvæmt og viðheldur áhrifaríku innra eftirlitskerfi sem byggist á viðeigandi alþjóðlega viðurkenndum gæðastöðlum í samræmi við EN 45004 (skoðunaraðilar) og EN 29001, eins og það er túlkað í kröfum um gæðavottunarkerfi Alþjóðasambands flokkunararfélaga (IACS) og tryggir m.a.:
  - a) að reglur og reglugerðir stofnunarinnar séu settar og þeim viðhaldið á kerfisbundið inn hátt;
  - b) að farið sé að reglum og reglugerðum stofnunarinnar og innra kerfi komið á til að meta gæði þjónustunnar með tilliti til þessara reglna og reglugerða;
  - c) að kröfur, sem gerðar eru til lögboðins starfs sem stofnuninni er heimilt að sinna, séu uppfylltar og innra kerfi komið á til að meta gæði þjónustunnar með tilliti til þess hvort hún uppfylli alþjóðasamninga;
  - d) að ábyrgðir, heimildir og innbyrðis tengsl meðal starfsliðs sem vinnur starf, sem hefur áhrif á gæði þjónustu stofnunarinnar, séu skilgreind og skráð;
  - e) að öll vinna fari fram undir eftirliti;
  - f) að komið verði á fót eftirlitskerfi sem hefur eftirlit með aðgerðum og starfi sem skipaskoðunarmenn, tæknimenn og starfslið stjórnsýslunnar, sem er ráðið milliliðalaust af stofnuninni, sinnir;
  - g) að lögboðin störf, sem stofnuninni er heimilt að sinna, annist eingöngu sérstakir skoðunarmenn stofnunarinnar eða sérstakir skoðunarmenn annarra viðurkenndra stofnana; í öllum tilvikum skulu þessir sérstöku skoðunarmenn hafa til að bera yfirgrípmikla þekkingu á þeirri tilteknu gerð skipa sem er viðfangsefni lögboðinna starfa þeirra að því er varðar þá tilteknu skoðun sem framkvæma skal, sem og á viðeigandi, gildandi kröfum;

- h) að komið verði á hæfismatskerfi fyrir skipaskoðunarmenn og séð til þess að þeir búi ávallt yfir nýjustu þekkingu;
  - i) að færð sé skrá sem sýnir að staðlar séu uppfylltir vegna þeirra liða sem varða þjónustuna sem innt er af hendi og að gæðakerfið sé skilvirk;
  - j) að fyrir hendi sé heildarkerfi yfir innra gæðaeftirlit, bæði áætlað og skráð, í öllum deildum stofnunarinnar;
  - k) að lögboðið eftirlit og skoðanir, sem krafist er samkvæmt samræmdu skoðunar- og vottunarkerfi sem stofnunin hefur heimild til að vinna eftir, séu framkvæmdar í samræmi við ákvæðið í viðaukanum og viðbætinum við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.746(18) um viðmiðunarreglur um skoðun samkvæmt samræmdu skoðunar- og vottunarkerfi;
  - l) að komið verði á skýrri skiptingu ábyrgðar og beinum boðleiðum stjórnunar milli aðal- og svæðisskrifstofa félagsins og milli viðurkenndu stofnunarinnar og skoðunarmanna á hennar vegum.
7. Stofnunin skal sýna fram á getu til að:
- a) þróa og uppfæra ítarlegar og fullnægjandi reglur og reglugerðir um bol, vél-, raf- og stjórbúnað af sömu gæðum og alþjóðlega viðurkenndir tæknistaðlar sem útgáfa öryggisskírteina SOLAS (að því er varðar smíði skipsins og nauðsynlegan vélbúnað um borð í skipinu), öryggisskírteinis fyrir farþegaskip og hleðslumerkjaskírteinis byggist á;
  - b) sinna öllu eftirliti og skoðunum sem krafist er samkvæmt alþjóðlegum samningum að því er varðar útgáfu skírteina, þ.m.t. að fagmenntaðir starfsmenn meti framkvæmd og viðhald öryggisstjórnunarkefisins, bæði í landi og um borð í skipum, sem ætlunin er að fjallað verði um í viðkomandi skírteinum, í samræmi við ákvæði viðaukans við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.788(19) um viðmiðunarreglur um beitingu yfirvalda á alþjóðareglum um öryggisstjórnun (ISM).
8. Gæðaeftirlitskerfi stofnunarinnar skal löggilt af óháðum eftirlitsmanni sem viðurkenndur er af Siglingastofnun Íslands.
9. Stofnunin skal leyfa fulltrúum Siglingastofnunar og öðrum hlutaðeigandi aðilum að taka þátt í þróun reglna og reglugerða.

## AUGLÝSING

**staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir  
Fræðslumiðstöð Pingeyinga nr. 25 7. janúar 2000.**

Á aðalfundi 26. maí 2003 samþykkti stjórn Fræðslumiðstöðvar Pingeyinga breytingar á 4. og 8. grein skipulagsskrár Fræðslumiðstöðvarinnar, þannig að þær verði framvegis sem hér segir:

4. gr.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Pingeyinga er skipuð sjö mönnum sem tilnefndir eru til tveggja ára, og jafnmögum til vara. Stjórn ásamt varamönnum skipa fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvarinnar.

Stjórn og varamenn skulu tilnefndir á ársfundi af fulltrúum stofnenda. Eftirfarandi aðilar skulu tilnefna einn fulltrúa hver í aðalstjórn: Húsavíkurbær, héraðsnefnd Pingeyinga fyrir hönd annarra sveitarfélaga í Pingejarsýslum, Framhaldsskólinn á Laugum, Framhaldsskólinn

inn á Húsavík, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, að auki skulu stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum annars vegar og fyrirtæki/stofnanir í Þingeyjarsýslum hins vegar tilnefna einn fulltrúa hvor.

Pá skulu tilnefndir varamenn af eftirtöldum aðilum: Félagasamtökum í Þingeyjarsýslum, Háskólanum á Akureyri og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, Húsavíkurbæ, héraðsnefnd Þingeyinga fyrir hönd annarra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum, Framhaldsskólunum á Laugum og á Húsavík (sameiginlega) og stéttarfélögum í Þingeyjarsýslum.

Fulltrúaráð (varamenn) skal boða til stjórnarfundu, svo sem þurfa þykir, fulltrúaráð hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann, varaformann og ritara.

Stjórn boðar og undirbýr ársfund með minnst 7 daga fyrirvara. Ársfundur skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Til ársfundar skal boða allt fulltrúaráð (aðalmenn og varamenn) Fræþings, jafnframt skal stofnaðilum tilkynnt um ársfund með tryggilegum hætti og þeim boðið að senda fulltrúá til fundarins. Á ársfundi skal lýsa tilnefningum í stjórn, leggja fram reikninga síðasta árs ásamt ársskýrslu stjórnar. Ársfundur getur ályktað um megináherslur í starfi Fræþings. Stjórn fer með fullt umboð milli ársfunda.

8. gr.

Reikningsár Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga er almanaksárið.

Framkvæmdastjóri skal eigi síðar en viku fyrir ársfund leggja fram skýrslu um starfsemi og endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs. Skýrsla um starfsemi ásamt endurskoðuðum ársreikningi skal send fulltrúaráði (stjórn og varastjórn Fræþings) með fundarboði vegna ársfundar.

Reikningar miðstöðvarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem kosinn er á ársfundi til eins árs í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár, ásamt skýrslu um hvernig fé miðstöðvarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. janúar 2004.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## SAMPYKKT um kattahald í Súðavík.

1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist og sjái jafnframt til þess að þeir lendi ekki á flækingi. Samþykkt þessi gildir um kattahald í Súðavík en ekki í dreifbýli Súðavíkurhrepps.

2. gr.

Eigendur skulu láta skrá ketti sína á skrifstofu Súðavíkurhrepps á þar til gerð eyðublöð. Allir heimiliskettir skulu bera bjöllu og merkta hálsol þar sem fram kemur nafn eiganda, heimilisfang og símanúmer. Við skráningu skulu kattaeigendur undirrita yfirlýsingum að

þeir munu í einu og öllu fara með ketti sína eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar kann að vera breytt.

Til að standa straum af kostnaði hreppsins af skráningu og eftirliti með köttum í Súðavík skal hver kattaeigandi greiða árlegt gjald til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu kattarins til næstkomandi októbermánaðar og síðan árlega.

### 3. gr.

Kattaeigendum er skylt að sjá svo um, að kettir raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Um skilyrði fyrir kattahaldi í sambýlishúsum fer samkvæmt lögum um fjöldi húsa. Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem köttur þeirra sannarlega veldur. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

### 4. gr.

Ketti skal ormahreinsa reglulega, minnst einu sinni á ári og skulu eigendur katta halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun kattarins. Við greiðslu árgjalds ber kattaeigendum að sýna kvittun fyrir greiðslu vottorðs dýralæknis um að köttur hafi verið ormahreinsaður og bólusettur gegn helstu smitsjúkdómum hans.

### 5. gr.

Ef merktur köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Heilbrigðisnefnd, eða aðili sem hefur sérstakt umboð þess getur látið handsama ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs eiganda eða hann aflífaður.

### 6. gr.

Sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á ómerktum flækingsköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

### 7. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari og greiða allan kostnað, er leiðir af brotinu. Sveitarstjórn er heimilt að banna eða afmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannarlega valdur að.

### 8. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Súðavíkurhrepps og gildir í Súðavík staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 26. janúar 2004.*

F. h. r.  
Ingimar Sigurðsson.

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. mars 2004 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,36 kr. á lítra
Gasolfa	0,73 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,20 kr. á kg
Flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

*Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 5. febrúar 2004.*

**Georg Ólafsson.**

*Gunnar G. Þorsteinsson.*

29. janúar 2004

Nr. 146

## AUGLÝSING

### um breytingu á samþykktum fyrir Innheimtumiðstöð gjalda nr. 333/1996.

1. gr.

Grein 2.1 orðist svo:

Innheimtumiðstöðin er hagsmunasamtök höfunda, listflytjenda og framleiðenda til réttargæslu í samræmi við 3.-6. mgr. 11. gr. höfundalaga. Innheimtumiðstöðin hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu.

2. gr.

Grein 2.2, 1. tölul., orðist svo:

Að safna upplýsingum, annast innheimtu gjalda skv. 3.-6. mgr. 11. gr. höfundalaga og skipta þeim milli aðildarfélaganna.

3. gr.

Grein 3.1 taki eftirfarandi breytingum:

Í stað „Samband íslenskra kvíkmyndaframleiðenda“ komi „Framleiðendafélagið SÍK“.

4. gr.

Grein 4.1 orðist svo:

Stjórn samtakanna skipa níu menn, tveir tilnefndir af STEFi, þrír af SFH, einn af Rit höfundasambandi Íslands, einn af Framleiðendafélaginu SÍK, einn af Samtökum kvíkmynda leikstjóra og einn af Myndstefi. Varamenn skulu vera jafnmargir aðalmönnum og tilnefndir á sama hátt. Stjórnin velur sér formann og varafommann. Tilnefning stjórnarmanna gildir í tvö ár.

#### 5. gr.

Grein 4.3 orðist svo:

Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Stjórnarfundur er lögmætur þegar formaður og fjórir meðstjórnendur sækja fund sjálfir eða varamenn þeirra.

#### 6. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á grein 4.6.

Fyrsti málslíður orðist svo:

Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda í júnímánuði ár hvert. Skal til hans boðað með ábyrgðarbréfum með tveggja vikna fyrirvara. Aðra fundi í fulltrúaráðinu skal boða á sama hátt.

Lokamálslíður orðist svo:

Tillögur til aðalfundar skulu berast stjórn eigi síðar en 15. maí ár hvert.

#### 7. gr.

Grein 5.2 taki eftirtöldum breytingum:

Í stað „Samband íslenskra kvíkmyndaframleiðenda“ í 2. tl. komi „framleiðendafélagið SÍK“.

Síðari málslíður 2. mgr. orðist svo:

Náist ekki samkomulag um breytingu á skiptingunni skal skera úr ágreiningnum skv. 6.1-6.4.

#### 8. gr.

Grein 6 orðist svo:

6. Úrlausn ágreinings um skiptingu tekna og meðferð fjár.

- 6.1. Ef ekki næst samkomulag um skiptingu tekna milli aðildarsamtaka eða ágreiningur rískir milli þeirra um meðferð fjár IHM að öðru leyti skal sérstökum sáttasemjara falið að leita sáttu milli aðildarsamtakanna. Skal hann skipaður af stjórn IHM hverju sinni og vera óháður aðildarsamtökunum. Ef ekki nást sættir innan þriggja mánaða frá því að sáttasemjarinn tók til starfa skal hann leggja fram málamiðlunartillögu um skiptingu tekna eða meðferð fjár. Ef 2/3 hlutar aðildarsamtakanna samþykka tillöguna telst hún skuldbindandi fyrir öll samtökin, sbr. þó 6.3. Að öðrum kosti skal vísa ágreiningnum til úrlausnar gerðardóms skv. 6.2. Kostnaður af störfum sáttasemjara skal greiddur af IHM.
- 6.2. Gerðardómur leysir endanlega úr ágreiningi um skiptingu tekna milli aðildarsamtaka og um meðferð fjár IHM að öðru leyti. Skal gerðardómurinn skipaður þremur gerðarmönnum. Ef aðildarsamtökin koma sér ekki saman um gerðarmenn skulu þeir skipaðir af dómkjóra héraðsdóms Reykjavíkur. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um samningsbundna gerðardóma um gerðardóminn og málsméðferð fyrir honum. Kostnaður af gerðardóminum skal greiddur af IHM, sbr. þó 6.3.
- 6.3. Nú sætta einhver aðildarsamtök sig ekki við málamiðlunartillögu sáttasemjara, þótt hún hafi verið samþykkt skv. 6.1, og geta þau þá vísað ágreiningnum til úrlausnar

gerðardóms skv. 6.2 innan tveggja mánaða frá því að tillagan var samþykkt. Víki gerðardómurinn frá tillöggunni, þannig að úrskurður hans verði hagstæðari þessum aðildarsamtökum, skal kostnaður af gerðardóminum greiddur af IHM. Að öðrum kosti skulu þau aðildarsamtök, sem vísuðu ágreiningnum til gerðardóms, bera kostnað af honum sjálf.

- 6.4. Eftir að endanleg niðurstaða um skiptingu tekna milli aðildarfélaga liggur fyrir samkvæmt framansögðu getur hvert aðildarsamtakanna sem er krafist endurskoðunar á henni. Skal krafa þess efnis vera gerð með eins árs fyrirvara, miðað við áramót.

#### 9. gr.

Grein 7.1 orðist svo:

Til breytinga á samþykktum þarf meirihluta, 3/4 hluta atkvæða á fulltrúaráðsfundi, þar sem að minnsta kosti 4/5 hlutar aðildarfélaganna eru mættir.

Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 2. gr. laga nr. 60/2000, staðfestast framangreindar breytingar á samþykktum Innheimtumiðstöðvar gjalda frá 7. júní 1996, sbr. auglýsingi nr. 333/1996. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 29. janúar 2004.*

**Porgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir holræsagjald á Austur-Héraði.**

#### 1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Austur-Héraði eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

#### 2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,195% af fasteignamati allra húsa og lóða, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 94/1976, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóðinni eða mannvirki eru ekki tengd fráveitu í eigu sveitarfélagsins greiðist ekkert holræsagjald. Holræsagjald skal greiða frá og með fyrsta heila almanaksári eftir að bygging er fokheld.

#### 4. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð eða eignarland er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með veði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

6. gr.

Stofngjald holræsa skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitun í eigu Austur-Héraðs. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald holræsa skal vera sem hér segir:

Landnotkunarflokkur samkvæmt aðalskipulagi	Grunngjald	m <sup>3</sup> -gjald	Athugasemdir
A Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og miðsvæðum	35.000	25	m <sup>3</sup> -gjald reiknast af m <sup>3</sup> umfram 400. Hámarksgjald er kr. 200.000
B Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.fl.)	35.000	25	m <sup>3</sup> -gjald af m <sup>3</sup> umfram 1.000. Hámarksgjald er kr. 200.000

Þegar um viðbyggingar er að ræða reiknast einungis rúmmetragjald samkvæmt framan-sögðu, nema viðbyggingin krefjist nýrrar heimæðar eða breytinga á heimæð sem fyrir er.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2003 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, - í fyrsta sinn í janúar 2005.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um fráveitur á Austur-Héraði nr. 129/2004, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og var samþykkt af bærjarstjórn Austur-Héraðs þann 21. janúar 2004, að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands, til að taka gildi við birtingu.

Egilsstöðum, 9. febrúar 2004.

**Pórhallur Pálsson**, forstöðumaður umhverfissviðs.

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Breiðdalshreppi.**

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps er heimilt að leggja á sorphirðugjöld skv. 7. og 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi, nr. 127/2004 og samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## 2. gr.

Árlegt sorphirðu- og förgunargjald vegna heimilisúrgangs frá íbúðum og fyrirtækjum skv. 4. og 5. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi er sem hér segir:

Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli eða íbúðarhús utan þéttbýlis, enda sé einn eða fleiri einstaklingar skráðir þar til lögheimilis, sorphirðugjald kr. 6.000 og sorpförgunargjald kr. 3.500.

## 3. gr.

Á hvert fyrirtæki, sorpförgunargjald kr. 1.000 pr./m<sup>3</sup>.

## 4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og förgun samkvæmt 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjald samkvæmt 3. gr. er innheimt af sveitarfélagini

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps 29. janúar 2004 og staðfest af Heilbrigðiseftirliti Austurlands 30. janúar 2004, er sett samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 og sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og heimild í 7. og 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdals-hreppi nr. 127/2004, til að öðlast gildi við birtingu.

*Breiðdalshreppi, 9. febrúar 2004.*

**Sigfríður Þorsteinsdóttir** sveitarstjóri.

## SAMPYKKT

### Skeiða- og Gnúpverjahrepps um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru.

## I. KAFLI

## Almenn ákvæði.

## 1. gr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur kemur á hreinsun fráveituvatns og reglubundinni losun, vinnslu eða förgun seyru úr rotþróm í samræmi við reglugerðir um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999. Samþykkt þessi nær til allra fasteigna (ibúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi). Samþykktin nær til rotþróa, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með framkvæmd verksins. Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka og færir staðsetningu á deiliskipulag sveitarfélagsins. Sveitarstjórn annast sjálf eða felur þar til bærum aðilum framkvæmd verksins. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðisnefndar.

## 2. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er skylt að leiða fráveitu frá salernum, eldhúsum og þvottahúsum í rotþró af viðurkenndri stærð og gerð og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað að mati heilbrigðisnefndar. Samþykti heilbrigðisnefndar þarf fyrir nýjar og endurbættar fráveitur.

## 3. gr.

Losun seyru og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd annað hvert ár við skóla, heilbrigðisstofnanir, matvælaframleiðslustaði, veitinga- og gistiþjónustu og þriðja hvert ár við heimili og sumarhús. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur yfirstjórni með verkinu og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefnin á hverjum tíma, í samráði við heilbrigðisnefnd.

## 4. gr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur sendir út tilkynningu árlega um hvenær seyrulosun fari fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að roþróum og settönkum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og enzýma til að auka virkni roþróa.

## II. KAFLI

**Gjöld vegna hírðu og meðhöndlunar seyru.**

## 5. gr.

Sveitarstjórni er heimilt að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, til að standa undir kostnaði við seyruhirðu og meðhöndlun. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við magn og tíðni seyruhirðu. Heimilt er að innheimta seyrugjöld hjá fyrirtækjum og stofnumum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd seyru eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Jafnframt er heimilt að taka gjald vegna auka-seyru eða óðru samkomulagi við viðkomandi. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal vísa til þessarar samþykktar.

## 6. gr.

Sveitarstjórni flokkar gjaldendur samkvæmt gjaldskránni og eftir umfangi og magni seyru frá viðkomandi starfsemi eða fasteign. Sveitarstjórni er heimilt að veita undanþágu frá gjaldröku þegar um er að ræða ellilífeyrisþega. Um slíkt skal sótt til sveitarstjórnar, sem fjallar sérstaklega um hvert mál fyrir sig.

III. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

## 7. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna seyruhirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefndar.

## 8. gr.

Um brot á samþykkt þessari og málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

## 9. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Samþykktin tekur gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 10. febrúar 2004.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 92/2003, um meistaranám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

Fyrirsögn greinarinnar verður: Meistaranámsnefnd lyfjafræðideilda.

Í stað orðsins „Rannsóknanaámsnefnd“ í upphafsmálslið greinarinnar kemur: Meistaranaámsnefnd.

Í stað orðsins „meistaranaámsnefndir“ í 2. málsl. greinarinnar kemur: undirnefndir um meistaranám einstakra stúdenta sbr. 10. gr.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4., 5. og 7. og 11. og 12. gr. reglnanna:

Í stað orðsins „rannsóknanaámsnefnd“ í þessum greinum kemur: meistaranaámsnefnd.

Í stað orðsins „rannsóknanaámsnefndar“ í þessum greinum kemur: meistaranaámsnefndar.

Í stað orðsins „bóklegu“ í síðasta málslið 12. gr. kemur: fræðilegu.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglnanna:

Fyrirsögn greinarinnar breytist og verður: Meistaranefndir.

Greinir verður svohljóðandi:

Heimilt er að skipa meistaranefnd um meistaranám einstaks stúdents sem skipuð er þremur sérfróðum mönnum og skal einn peirra vera umsjónarkennari. Í þeim tilvikum þar sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal sá síðarnefndi einnig sitja í meistaranefnd. Meistaranaámsnefnd lyfjafræðideilda skipar meistaranefndir. Hlutverk meistaranefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknnavinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar. Meistaranefnd skal árlega skila stuttri skýrslu um framvindu námsins til meistaranaámsnefndar lyfjafræðideilda. Að öllu jöfnu skal ekki skipuð meistaranefnd vegna stúdenta sem eru í fræðilegu meistaranaámi, enda hefur meistaranaámsnefnd lyfjafræðideilda umsjón með þeim.

4. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lyfjafræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 5. febrúar 2004.*

**Páll Skúlason.**

*Pórður Kristinsson.*

Nr. 151

13. febrúar 2004

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um lánaflokk Íbúðaláanasjóðs, nr. 458/1999,  
sbr. reglugerðir nr. 1000/2001 og nr. 333/2003.**

1. gr.

2. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Lán til byggingar eða kaupa á sambýlum fyrir fatlaða.

2. gr.

III. kafli reglugerðarinnar, sem hefur fyrirsögnina **Lán til byggingar eða kaupa á sambýlum fyrir fatlaða**, orðast svo:

a. (10. gr.)

*Tilgangur.*

Lán skv. 2. tölul. 2. gr. er heimilt að veita einstaklingum, félögum, sveitarfélögum og félagasamtökum sem fengið hafa starfsleyfi félagsmálaráðherra fyrir rekstur sambýlis, sbr. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, til að byggja eða kaupa sambýli fyrir fatlaða.

b. (11. gr.)

*Lánsfjárhæð og veðrými.*

Við ákvörðun lánsfjárhæðar skal taka tillit til fjármagns frá Framkvæmdasjóði fatlaðra, úr ríkissjóði og frá sveitarfélögum þannig að lán frá Íbúðaláanasjóði og annað fjármagn frá opinberum aðilum verði samanlagt aldrei hærra en 90% af kaupverði eða bygginkostnaði.

Veðrými Íbúðaláanasjóðs miðast við allt að 90% af bygginkostnaði eða kaupverði. Miða skal við 90% af brunabótamati ef það er lægra.

c. (12. gr.)

*Umsóknir.*

Umsækjendur um lán skulu senda umsóknir sínar til Íbúðaláanasjóðs og leggja fram þær upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegar til undirbúnings afgreiðslu þeirra, þar með talda staðfestingu félagsmálaráðherra á starfsleyfi.

Lán samkvæmt þessum kafla skulu því aðeins veitt að fyrir liggi rökstuddar upplýsingar um þörf fyrir framkvæmdir, studdar gögnum frá hlutaðeigandi stjórnvaldi um málefni fatlaðra.

d. (13. gr.)

*Lánstími og útborgun láns.*

Lán samkvæmt þessum kafla koma til greiðslu þegar framkvæmdum er lokið eða samkvæmt kauptilboði.

Lánstími skal vera allt að 25 ár.

e. (14. gr.)

*Uppgreiðsla.*

Sé rekstri húsnæðis, sem lánað hefur verið til samkvæmt þessum kafla, hætt eða það tekið undir annan rekstur, skal áhvílandi lán Íbúðaláanasjóðs greitt upp. Þinglýsa skal kvöð þess efnis á eignina samhliða þinglýsingu lánsins.

Tilkynna skal Íbúðaláanasjóði um breytingar skv. 1. mgr. án ástæðulausrar tafar.

3. gr.

39. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingum, orðast svo:

*Eigið framlag og afgreiðsla lánsumsókna.*

Umsækjendur skulu sýna fram á það, við lánsumsókn hjá Íbúðaláanasjóði, að þeir hafi fjárhagslegt bolmagn til að greiða þann hluta af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar sem ekki fæst lánað til skv. 41. gr. Því til staðfestingar skal leggja fram ábyrgð af hálfu fjármálastofnunar eða annað sem Íbúðaláanasjóður metur gilt.

Íbúðaláanasjóður aðgætir hvort umsókn samræmist reglum sjóðsins, ákvæðum reglugerðar þessarar svo og ákvæðum laga um húsnæðismál. Íbúðaláanasjóður tilkynnir síðan umsækjanda um afgreiðslu sína á umsókn hans.

Íbúðaláanasjóður hefur heimild til að afturkalla veitt lánsvilyrði ef verulegar breytingar verða á upphaflegum forsendum sem lágu til grundvallar lánsvilyrðum sjóðsins, svo sem þegar framkvæmdir dragast mjög á langinn eða ef verulegar breytingar verða á eignarhaldi félags sem fengið hefur lánsvilyrði.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 16. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 13. febrúar 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Óskar Páll Óskarsson.*

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

*Deiliskipulag við Víkurbraut 29, Iðjustíg 1, Krossmóa 2 og opin svæði í bæjarlandi.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 6. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag við Víkurbraut 29, Iðjustíg 1, Krossmóa 2 og opin svæði í bæjarlandi. Deiliskipulagið tekur til svæðis við Víkurbraut 29, Iðjustíg 1, Krossmóa 2 og opin svæði í bæjarlandi og gerir ráð fyrir tveimur fjölbýlishúsum við Víkurbraut 29, atvinnuhúsnæði við Iðjustíg 1 og veitingahúsi við Krossmóa 2.

*Deiliskipulag við Hafnargötu 91 og 93.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjaneshreppur þann 6. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag við Hafnargötu 91 og 93.

Deiliskipulagið tekur til svæðis við Hafnargötu 91 og gerir ráð fyrir blandaðri starfsemi stofnana, þjónustu, verslunar og íbúða.

Greinargerðir og uppdrættir hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

*Reykjaneshreppur, 13. febrúar 2004.*

**Viðar Már Aðalsteinsson,**  
framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

## AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að gangbrautarljós verði sett á Kringlumýrarbraut, norðan Hamrahlíðar.

Ákvörðun þessi öðlast gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Löggreglustjórinn í Reykjavík, 10. febrúar 2004.*

**Böðvar Bragason.**

## AUGLÝSING

**staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir  
Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar nr. 718 7. desember 1998.**

Stjórn Námssjóðs Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. hefur samþykkt þá breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 3. desember 1998 að nafn sjóðsins verði hér eftir Námsjóður Eskju hf.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. febrúar 2004.*

F. h. r.  
**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpeyðingu fyrir lögþýli, íbúðarhús  
og sumarhús í Borgarfjarðarsveit.**

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarfjarðarsveit skv. samþykkt nr. 302/2000 um sorphirðu í Borgarfjarðarsveit skal vera sem hér segir:

Sorpgjald A	Íbúðir þar sem sorp er sótt að húsum	kr. 21.000
Sorpgjald B	Íbúðir þar sem íbúar losa sorp í gáma	kr. 9.240
Sorpgjald C	Sumarhús	kr. 7.560
Sorpgjald D	Lögþýli án búskapar	kr. 9.240
Sorpgjald E	Lögþýli með búskap	kr. 21.000

Samið verður sérstaklega við fyrirtæki.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar eftir seinni umræðu þann 8. janúar 2004, fyrri umræða var 30. desember 2003.

*Litla-Hvammi, 16. janúar 2004.*

**Linda Björk Pálssdóttir** sveitarstjóri.

6. febrúar 2004

Nr. 156

## GJALDSKRÁ

**fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ.**

1. gr.

Af köttum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um kattahald nr. 925/2003.

2. gr.

Við leyfisveitingu katta skal innheimta gjald sem hér segir:  
Fyrsta leyfisveiting kr. 1.500

3. gr.

Af leyfðum köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:  
Einn köttur kr. 1.500

4. gr.

Greiðslur vegna merkinga og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

## 5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 5. febrúar 2004, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Ísafirði, 6. febrúar 2004.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

## GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ.

## 1. gr.

Af hundum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

## 2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir:	
Fyrsta leyfisveiting	kr. 13.000
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	kr. 17.500
Bráðabirgðaleyfi	kr. 2.600

## 3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:	
Einn hundur	kr. 13.000

## 4. gr.

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

## 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:	
Fyrsta afhending hunds	kr. 6.400
Önnur afhending hunds	kr. 12.800
Priðja afhending hunds	kr. 19.200
Fyrsta afhending hunds án leyfis	kr. 15.300

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

## 6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

## 7. gr.

Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 18. desember 2003, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Ísafirði, 13. janúar 2004.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

10. febrúar 2004

Nr. 158

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að leyfilegur hámarks-hraði á neðangreindum götum í eftirtöldum hverfum Reykjavíkur skuli vera 30 km/klst.:

**Vesturbær:**

1. Sörlaskjól frá Nesvegi að Faxaskjóli
2. Sörlaskjól frá Faxaskjóli að Faxaskjóli
3. Faxaskjól frá gatnamótum Nesvegar og Kaplaskjólsvegar að gatnamótum Ægisíðu og Hofsvallagötu.

**Skerjafjörður:**

- |                    |                                 |
|--------------------|---------------------------------|
| 1. Bauganes        | 9. Þjórsárgata                  |
| 2. Baugatangi      | 10. Reykjavíkurvegur            |
| 3. Fossagata       | 11. Skeljatangi                 |
| 4. Fáfnisnes       | 12. Skerplugata                 |
| 5. Einarsnes 21-33 | 13. Skildinganes                |
| 6. Góugata         | 14. Skildingatangi              |
| 7. Gnitanes        | 15. Botnlangi að Porragötu 1-9. |
| 8. Hörpugata       |                                 |

**Tún:**

- |                                   |                                    |
|-----------------------------------|------------------------------------|
| 1. Sóltún                         | 5. Hátún frá Nóatúni að Hátúni     |
| 2. Mánatún                        | 6. Samtún                          |
| 3. Hátún frá Laugavegi að Sóltúni | 7. Miðtún frá Höfðatúni að Nóatúni |
| 4. Miðtún frá Nóatúni að Hátúni   | 8. Hátún frá Höfðatúni að Nóatúni. |

**Austurbær:**

1. Hvassaleiti frá Listabraut að Háaleitisbraut ásamt botnlöngum.

**Seljahverfi:**

1. Ásasel
2. Ársel
3. Akrasel
4. Bláskógar
5. Dynskógar
6. Hléskógar
7. Ljárskógar

8. Jakasel
9. Jórusel
10. Jöklasel
11. Kaldasel
12. Kambasel
13. Kleifarsel
14. Klyfjasel.

**Fell:**

1. Asparfell
2. Drafnarfell
3. Eddufell
4. Fannarfell
5. Gyðufell
6. Pórufell
7. Iðufell
8. Jórufell
9. Kötlufell

10. Möðrufell
11. Norðurfell, frá Asparfelli að Austurbergi
12. Rjúpufell, frá stíg samsíða Suðurfelli
13. Torfufell, frá stíg samsíða Suðurfelli
14. Unufell, frá stíg samsíða Suðurfelli
15. Völvufell, frá stíg samsíða Suðurfelli
16. Yrsufell
17. Keilufell
18. Nönnufell.

**Berg:**

1. Gerðuberg
2. Hólaberg
3. Hamraberg
4. Heiðnaberg
5. Hraunberg

6. Háberg
7. Klapparberg
8. Lágaberg
9. Neðstaberg.

**Víkurhverfi:**

1. Breiðavík
2. Gautavík
3. Hamravík

4. Ljósavík
5. Vík
6. Vættaborgir, strætógata.

**Engjahverfi:**

1. Vallengi
2. Starengi.

**Grundarhverfi, Kjalarnesi:**

1. Búagrunn
2. Esjugrunn
3. Helgugrunn
4. Hofsgrunn vestan hringtorgs  
ásamt hringtorgi

5. Jörfagrund
6. Víkurgrund
7. Heimkeyrla að Klébergsskóla frá Vallagrund.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórin í Reykjavík, 10. febrúar 2004.*

**Böðvar Bragason.**

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
149	10. feb.	Samþykkt Skeiða- og Gnúþverjahrepps um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru .....	
150	5. feb.	Reglur um breytingu á reglum nr. 92/2003, um meistaranám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands .....	539-541
151	13. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um lánaflokk Íbúðaláanasjóðs, nr. 458/1999, sbr. reglugerðir nr. 1000/2001 og nr. 333/2003 .....	541-542
152	13. feb.	Auglýsing um skipulagsmál í Reykjanessbæ .....	542-543
153	10. feb.	Auglýsing um umferð í Reykjavík .....	543-544
154	5. feb.	Auglýsing staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar nr. 718 7. desember 1998 .....	544
155	16. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu fyrir lögþýli, íbúðarhús og sumarhús í Borgarfjarðarsveit .....	545
156	6. feb.	Gjaldskrá fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ .....	545-546
157	13. jan.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ .....	546-547
158	10. feb.	Auglýsing um umferð í Reykjavík .....	547-548

